FRÉTTABLAÐIÐ

97. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. MAÍ 2021

20 ÁRA

Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra slá á létta strengi á fundi sínum í Hörpu í gær. Þau ræddu meðal annars ástandið á Gasa. Blinken kom til landsins á mánudag vegna ráðherrafundar Norðurskautsráðsins sem fer fram á fimmtudaginn. Þá mun hann funda með rússneskum starfsbróður sínum, Sergei Lavrov. SJÁ SÍÐU 8 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umgjörðin skapar áhættu í hagstjórn

hordur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Framkvæmdastjórar SA og SI gagnrýna starfsumhverfi byggingarmála sem þeir segja að hækki kostnað og valdi því að húsnæði sé dýrara en það þyrfti að vera með miklum áhrifum á vinnumarkaðinn. „Umgjörð byggingarmarkaðarins er því beinlínis áhættuþáttur í hagstjórn á Íslandi og því þarf að breyta," segir í grein sem þeir birta sameiginlega í Markaðinum.

Bent er á að stöðugleiki á húsnæðismarkaði kæmi hinu opinbera ekki síst vel sem stórum launagreiðanda. Staðan nú einkennist hins vegar af skorti á íbúðum með tilheyrandi verðhækkunum. Kalla þeir eftir því að málaflokkar sem snúa að húsnæðis- og byggingarmálum verði sameinaðir hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. – SJÁ MARKAÐINN

Bókunarstaðan batnar hratt

Ferðaþjónustan finnur fyrir töluverðum vexti í bókunum frá Bandaríkjunum. Ákvörðun um að hleypa inn bólusettum skipti sköpum. Dvelja lengur og verja meiru. Tekjum af ferðamönnunum nokkuð misskipt þar sem lítið er um hópferðir.

tfh@frettabladid.is

Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Icelandair.

VIÐSKIPTI Ferðaþjónustufyrirtæki hafa fundið fyrir töluverðum vexti í bókunum á undanförnum vikum og þá aðallega frá Bandaríkjunum.

„Við getum með góðri samvisku sagt að þetta líti töluvert betur út en við áttum von á fyrir tveimur mánuðum síðan," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures sem er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, tekur í sama streng.

„Það er ljóst að ákvörðunin um að taka á móti bólusettum Bandaríkjamönnum hefur haft mjög jákvæð áhrif. Um leið sáum við bókanir byrja að tikka inn. Þeim fjölgar jafnt og þétt þannig að hver vika er betri en sú fyrri," segir Styrmir.

„Þegar Bandaríkjamenn gátu loksins ferðast gerðust hlutirnir mjög hratt og við erum spennt að sjá það sama gerast á öðrum mörkuðum," segir Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Icelandair.

Hátt hlutfall Bandaríkjamanna er ferðaþjónustunni hagfellt að mörgu leyti.

„Þessi hópur Bandaríkjamanna virðist dvelja lengur og kaupa meiri afþreyingu en við erum vön. Þetta virðist vera fólk sem hefur ekki varið peningum í utanlandsferðir í töluverðan tíma og ekki orðið fyrir fjárhagslegu áfalli," segir Jóhannes Þór.

Einsleitni ferðamannastraumsins veldur þó því að sum ferðaþjónustufyrirtæki hafa lítil tækifæri til tekjuöflunar enn sem komið er.

„Þetta skiptist misjafnt eftir því hvort fyrirtæki þjónusta hópa eða einstaklinga. Eins og stendur eru þetta ferðamenn sem ferðast á eigin vegum. Þeir ferðast með bílaleigubílum frekar en rútum," segir Jóhannes Þór. – SJÁ MARKAÐINN

Gildi keypti fyrir 10 milljarða í SVN

hordur@frettabladid.is
helgivifill@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Lífeyrissjóðurinn Gildi keypti um þriðjung alls þess hlutafjár sem selt var í hlutafjárútboði Síldarvinnslunnar sem lauk í síðustu viku. Eignarhlutur lífeyrissjóðsins í sjávarútvegsfyrirtækinu eftir útboðið, samkvæmt upplýsingum frá Gildi, nemur 9,98 prósentum sem þýðir að hann fjárfesti fyrir liðlega tíu milljarða króna.

Aðrir lífeyrissjóðir keyptu fyrir miklu lægri fjárhæðir en samanlagt fjárfestu þeir fyrir að lágmarki um 14 milljarða í útboðinu. Meira en helmingur sjóðanna tók hins vegar annað hvort ekki þátt eða skráði sig fyrir bréfum en fékk ekkert úthlutað þar sem tilboð þeirra var lægra en endanlegt útboðsgengi í tilfelli fagfjárfesta. – SJÁ MARKAÐINN

TM

Það besta í lífinu er byggt á öryggi

Hugsum í framtíð

Elena frá Kýpur komst áfram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sextán mótherjar Íslands staðfestir

arnartomas@frettabladid.is

EUROVISION Fyrri undanúrslit Eurovision fóru fram í Ahoy-höllinni í Rotterdam í gær.

Tíu lönd komust í gegnum símakosninguna og munu taka þátt á úrslitakvöldinu á laugardag. Þær voru Noregur, Ísrael, Rússland, Aserbaísjan, Malta, Litháen, Kýpur, Svíþjóð, Belgía og Úkraína.

Atriði Íslands verður númer átta í röðinni í Hollandi annað kvöld.

Sem gestgjafi á Holland öruggt sæti á úrslitakvöldinu ásamt Þýskalandi, Englandi, Frakklandi, Ítalíu og Spáni.

Næstu undanúrslit verða annað kvöld þar sem Daði og Gagnamagnið verða fulltrúar Íslands. ■

Síðbúinn HönnunarMars

Banastuðið vantar ekki í Ásmundarsal þar sem undirbúningur er í fullum gangi fyrir HönnunarMars 2021. Þótt nafn hátíðarinnar, sem haldin verður 19.-23. maí, skjóti eilítið skökku við hefur HönnunarMars fest rætur í listasamfélagi Íslands á þeim tólf árum sem hann hefur verið haldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vilja kanna lögmæti breytilegra vaxta

arib@frettabladid.is

NEYTENDAMÁL Neytendasamtökin leita nú að þremur prófmálum til að kanna lögmæti breytilegra vaxta, þar á meðal á fasteignalánum.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að dómar í slíkum málum geti haft áhrif á allt að fimmta tug þúsunda lána, lán upp á rúmlega 1.300 milljarða króna, eða öll lán með ákvæðum um breytilega vexti.

„Við teljum okkur vera með mjög sterkt mál í höndunum," segir Breki.

„Við teljum að skilmálar sem séu óskýrir og byggja á huglægu mati séu ólöglegir."

Neytendasamtökin opnuðu í nótt vefinn Vaxtamálið.is þar sem einstaklingar með slík lán geta gert kröfu á sinn lánveitanda.

„Mál sem þessi geta tekið nokkur ár fyrir dómi, þegar niðurstaðan

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

liggur fyrir þá kann að vera að kröfurnar verði fyrndar. Þess vegna er mikilvægt að fólk geri kröfu. Þetta er í raun og veru bara fjórir smellir og þá er fólk búið að tryggja sig," segir Breki.

Að sögn Breka verður þetta stærsta mál sem samtökin hafa farið í og hafa þau fengið styrk frá VR en einnig Samtökum fjármálafyrirtækja.

„Fjármálafyrirtækin skilja að það þarf að eyða óvissu í þessum málum," segir Breki Karlsson. ■

Fríkirkjan í Hafnarfirði

Fríkirkjan í Hafnarfirði boðar til aðalsafnaðarfundar miðvikudaginn 2. júní kl. 20:00 í Safnaðarheimili kirkjunnar að Linnetsstíg 6

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Ný lög fyrir Fríkirkjuna
Önnur mál

Tillögur að lagabreytingum eru kynntar á vefsíðu kirkjunnar frikirkja.is

Safnaðarstjórn Fríkirkjunnar í Hafnarfirði.

Milljarðar í breytta Kringlu

Hafist hefur verið handa við framkvæmdir og breytingar á þriðju hæð Kringlunnar fyrir milljarð króna. Breytingarnar fela meðal annars í sér nýja mathöll, búbblublómaskála og ýmsa afþreyingu.

birnadrofn@frettabladid.is

VERSLUN „Þetta er heljarinnar framkvæmd og fjárfesting," segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar. Til stendur að endurskipuleggja og breyta þriðju hæð verslunarmiðstöðvarinnar.

Breytingar eru unnar í samstarfi við David Martin frá M Worldwide og THG Arkitekta, og leiðir arkitektinn Paolo Gianfrancesco verkið.

„Um er að ræða svæðið frá bílastæðum austan megin Kringlunnar við Borgarleikhúsið og að rúllustigunum við enda bíógangsins," segir Sigurjón.

Breytingarnar munu kosta um einn milljarð króna og taka um 18-24 mánuði. „Markmiðið með breytingunum er að búa til nýjan áfangastað í Kringlunni sem lifir dálítið sjálfstæðu lífi," segir Sigurjón.

Opnunartími þriðju hæðarinnar verður lengri en hefðbundinn opnunartími Kringlunnar og áhersla verður lögð á mat, afþreyingu og heilsu. Verslanir sem fyrir eru á þriðju hæð munu flytja á annan stað í húsinu og þar verður meðal annars opnuð ný mathöll.

„Við erum í þeim fasa núna að færa til starfsemi til að losa um fyrir þær framkvæmdir sem fram undan eru," segir Sigurjón. „Í næsta áfanga er uppbygging nýrrar mathallar sem mun leysa Stjörnutorg af hólmi en þó á öðrum stað og þannig rýma fyrir svæði sem mun hýsa um þúsund fermetra afþreyingarsvæði," bætir hann við.

Sigurjón segir viðræður um afþreyingu á svæðinu enn í gangi en að hann geti fullyrt að um nýjungar á Íslandi sé að ræða fyrir fólk

Breytingar á Kringlunni eiga að taka eitt og hálft til tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þar verður ýmislegt nýtt af nálinni, meðal annars búbblublómaskáli sem ætti að tikka í box hjá vinkonuhópum til dæmis.

Sigurjón Örn Þórsson framkvæmdastjóri. Kringlunnar

á öllum aldri. „Ævintýraland verður tekið í gegn og afþreyingu bætt við fyrir eldri hópa, frá aldrinum tíu ára og upp úr," segir hann.

Framkvæmdir eru nú þegar hafnar og nýlega opnaði World Class nýja líkamsræktarstöð í Kringlunni sem er hluti af breytingunum. Þá verður veitingastaðurinn Finnson Bistro opnaður von bráðar á þriðju hæðinni. „Þar verður ýmislegt nýtt af nálinni, meðal annars búbblublómaskáli sem ætti að tikka í box hjá vinkonuhópum til dæmis," segir Sigurjón.

„Við erum líka í þeirri sérstöku aðstöðu að hafa leikhús innangengt í húsinu og með þessum breytingum getum við sinnt leikhúsgestum betur," segir Sigurjón og bætir við að breytingarnar séu einnig kærkomnar fyrir fólk sem býr í nágrenni við Kringluna. „Þarna verður hægt að koma og fá sér kvöldverð og sækja afþreyingu fram eftir kvöldi," segir hann.

Sigurjón segist ekki gera ráð fyrir að loka þurfi Kringlunni eða hluta hennar vegna framkvæmdanna, unnið verði að þeim í áföngum svo sem minnst rask hljótist vegna þeirra. ■

Ferðadagar BL

300.000 kr.
aukahlutir að eigin vali*

Komdu á Ferðadaga BL við Sævarhöfða og aktu út í sumarið á nýjum bíl með veglegum aukahlutum sem passa við áhugamálin þín og lífsstíl.

NISSAN

Magnaður leiðtogi í tíu ár

RENAULT

Rafmagnað ár hjá Renault

5 ára ábyrgð

ISUZU

Fimm stjörnu bylting í pallbílum

Sportlegi tvisturinn frá BMW

MINI

Rafmagnaður 4x4 MINI Countryman SE

4 ára ábyrgð

Hannaður fyrir íslenskar aðstæður

SUBARU

Þakbogar
Fyrir fyrir alla bíla
15% afsláttur!
Verð frá: 45.000 kr.

Hjólafesting á topp
Fyrir 1 hjól
Ferðadagaverð: **23.990 kr.**
Fullt verð: 28.990 kr.

Hjólafesting á krók
Fyrir 3 hjól
Ferðadagaverð: **59.000 kr.**
Fullt verð: 69.000 kr.

Farangursbox
Stærð: 400l
Ferðadagaverð: **44.000 kr.**
Fullt verð: 49.000 kr.

Aukahlutir á frábæru verði!

Við bjóðum fjölda spennandi aukahluta sem fullkomna bílinn þinn og gera áhugamál fjölskyldunnar ennþá skemmtilegri. Skoðaðu úrvalið á www.bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

* Aukahlutir að andvirði 300.000 kr. fylgja öllum nýjum bílum BL við Sævarhöfða að undanskildum MG.

ENNEMM / SÍA / NM05930

Listaverki með tunglryki yrði ekki kastað í eldgos

arib@frettabladid.is

MENNING Málverk sem listamaðurinn Max Denison Pender fargaði í eldgosinu í Geldingadölum mun seljast fyrir minnst 120 þúsund pund, eða rúmar 20 milljónir króna.

Pender fór að eldgosinu í apríl síðastliðnum og málaði þar sjálfsmynd og notaði svo dróna til að henda verkinu í gýginn.

Stafrænt eintak af verkinu er nú á uppboði sem lýkur eftir þrjár vikur, hæsta boðið er nú 120 þúsund pund. Tilgangurinn er að vekja athygli japanska milljarðamæringsins Yusaku Maesawa sem hyggst bjóða átta manns með sér í ferð í kringum tunglið í ferð SpaceX árið 2023.

Maesawa hyggst taka ákvörðun fyrir lok mánaðarins um hverjir fara með honum.

Pender er bjartsýnn á að gjörningurinn veki nógu mikla athygli, ætlar hann að mála nokkur verk í ferðinni ef hann kemst með.

Listamaðurinn með verkið áður en því var hent í eldgosið.

„Sá sem kaupir verkið mun eiga inni verk sem ég mun mála þegar ég flýg í kringum tunglið. Þó að ég komist ekki með Maesawa þá mun ég fara til tunglsins einn daginn," fullyrðir Pender bjartsýnn.

Það er ekki regla hjá Pender að eyða eintökum af verkum sínum.

„Ef ég verð svo heppinn að fá að stíga fæti á tunglið þá ætla ég að blanda tunglryki í málninguna, því verki ætla ég alls ekki að henda í eldfjall." ■

Stefnan er að Ísland verði að fullu ljósleiðaravætt árið 2025.

Á toppnum í ljósleiðaramálum

benediktboas@frettabladid.is

FJARSKIPTI Ísland heldur toppsæti sem það Evrópuland þar sem hæst hlutfall heimila nýtir ljósleiðaratengingu. Þetta kemur fram í skýrslu Fibre to the Home Council Europe. Í september 2020 nýttu 70,7 prósent heimila hér ljósleiðaratengingu. „Þessi árangur Íslands skýrist af metnaðarfullri uppbyggingu ljósleiðara undanfarin ár," segir Erling F. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, í tilkynningu. ■

Sagði eigendur á heimasíðu Arion

benediktboas@frettabladid.is

ALÞINGI Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, svaraði fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni, þingmanni Miðflokksins, um raunverulega eigendur Arion banka á Alþingi í gær.

Svar ráðherra var að hægt væri að sjá eigendur bankans á heimasíðu hans. Þar sé listi yfir aðila sem eiga að minnsta kosti eitt prósent hlutafjár og einstaklinga sem eiga 10 prósent eða meira, hvort sem er beint eða óbeint. ■

Samið um umhverfisvæna og ódýra förgun á koltvísýringi frá Danmörku

Koltvísýringur verður fluttur til landsins frá Danmörku með sérhönnuðum skipum sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti til förgunar í móttöku- og förgunarmiðstöðinni Coda Terminal. Hvert skip mun flytja um 12–24 þúsund tonn af koltvísýringi í vökvaformi.

benediktboas@frettabladid.is

LOFTSLAGSMÁL „Það skiptir okkur miklu máli að fá með okkur í þetta verkefni aðila sem sýna í verki að þeir ætla að taka þátt í að berjast gegn loftslagsvánni," segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix,.

Móttöku- og förgunarmiðstöðin Coda Terminal, sem verður sú fyrsta sinnar tegundar á heimsvísu þar sem Carbfix-tækninni verður beitt til steinrenningar á koltvísýringi, hefur samið við danska skipafélagið Dan-Unity CO2 um flutning á koltvísýringi til förgunar í stöðinni í Straumsvík.

Skipafélagið sem hefur áratuga reynslu í flutningi á ýmsum gastegundum á sjó mun flytja koltvísýring á sérhönnuðum skipum sem ganga fyrir vistvænu eldsneyti. Kolefnissporið sem hlýst af flutningunum verður aðeins um 3 til 6 prósent af því sem farga á og minnkar síðan.

Gert er ráð fyrir að fyrstu skipin byrji að sigla hingað til lands frá Norður-Evrópu árið 2025.

Undirbúningsfasi er hafinn. Gert er ráð fyrir að hægt verði að farga allt að þremur milljónum tonna árlega í Straumsvík árið 2030.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í apríl mun Coda Terminal skapa 600 bein og afleidd störf. Stöðin verður sú fyrsta sinnar tegundar á heimsvísu.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að farga allt að þremur milljónum tonna árlega í móttöku- og förgunarmiðstöðin Coda Terminal árið 2030. MYND/CARBFIX

> Við hjá Dan-Unity CO2 teljum samstarf okkar við Carbfix vera stórkostlegt tækifæri til að lækka magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu.
>
> Steffen Jacobsen, forstjóri Evergas.

Dan-Unity CO2 er fyrsta skipafélagið í heiminum sem einsetur sér að tengja saman föngunar- og förgunarstaði með stórtækum flutningi á koltvísýringi. Félagið varð til við samruna Evergas og Ultragas, tveggja reynslumestu skipafélaga í Danmörku, sem bæði eru leiðandi á heimsvísu þegar kemur að flutningi á jarðgasi og jarðgasvökvum.

Hvert skip mun flytja um 12 til 24 þúsund tonn af koltvísýringi í vökvaformi en áætlaður kostnaður við flutning og förgun í Straumsvík er 30 til 65 evrur á hvert tonn. Til samanburðar kostar um 100 evrur að flytja og farga hverju tonni í sambærilegu verkefni í Noregi sem kallast Northern Lights.

„Við hjá Dan-Unity CO2 teljum samstarf okkar við Carbfix vera stórkostlegt tækifæri til að lækka magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu," segir Steffen Jacobsen, forstjóri Evergas.

> Vonandi er þetta aðeins byrjunin á samstarfi Íslands og Danmerkur í baráttu gegn loftslagsvánni.

Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix.

„Sem leiðtogi á sviði alþjóðlegra sjóflutninga hefur Danmörk einstakt tækifæri til að gegna leiðtogahlutverki sem byggir á reynslu og nýrri tækni. Danskar loftslagslausnir eru nú þegar þekktar á heimsvísu, má þar nefna græna orkugjafa sem knýja munu flutningaskip. Því er ljóst að saman getum við styrkt stöðu okkar."

Edda Sif er ánægð með samninginn enda félagið rótgróið fyrirtæki með áratuga reynslu í gasflutningi.

„Danmörk er að leggja mikla áherslu á loftslagsmálin og vonandi er þetta aðeins byrjunin á samstarfi Íslands og Danmerkur í baráttunni gegn loftslagsvánni," segir hún.

Flutningur á koltvísýringi til landsins verður að sögn Eddu bæði umhverfisvænni og arðberari sem sé mikið fagnaðarefni. ■

Sumarnámskeið fyrir ungt fólk

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Námskeið hefjast:

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 21. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
9 til 12 ára Leiðtogabúðir 9. ágúst 8.45-17.00 4 dagar í röð
Uppselt- *10 til 12 ára 14. júní 9.00-13.00 átta dagar í röð*
10 til 12 ára 21. júní 9.00-13.00 átta dagar í röð
10 til 12 ára 4. ágúst 9.00-13.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 14. júní 13.30-17.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 4. ágúst 13.30-17.00 átta dagar í röð
16 til 19 ára 4. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 27. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk

Copyright © 2021 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Youth_Ad_050321

Hjálpaðu okkur að bjarga mannslífum

Bakverðir standa við bakið á sjálfboðaliðum okkar með mánaðarlegum stuðningi og gera þeim kleift að vera til taks þegar á þarf að halda, á nóttu sem degi, allan ársins hring.

Vertu Bakvörður Landsbjargar —— **landsbjorg.is**

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Tvær sprautur til að fá vottorðið

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Þau sem hafa fengið tvær tegundir af bóluefni gegn Covid-19 geta fengið bólusetningarvottorð líkt og þau sem hafa fengið tvær sprautur af sama efni eða eina sprautu af bóluefni Jansen. Þetta segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir.

Vegna mögulegra, alvarlegra aukaverkana býðst konum undir 55 ára sem fengið hafa eina sprautu af AstraZeneca að fá seinni skammtinn með öðru efni. Þórólfur segir að best væri að gefa fólki báðar sprautur með sama bóluefni en að þessi lausn sé sú næstbesta í stöðunni.

Í gær var greint frá því á vef danska ríkissjónvarpsins að einstaklingar sem fengið hefðu eina sprautu af bóluefni gætu fengið útgefið bólusetningarvottorð að fjórtán dögum liðnum. Þórólfur segir slíkt ekki standa til hér á landi. „Það er vörn í einni sprautu en það hefur verið sýnt fram á að hún er ekki eins góð og ekki eins langvarandi og tvær sprautur þannig að við gefum ekki út vottorð fyrr en eftir seinni sprautuna. Nema með Jansen sem er bara ein sprauta."

Þá segir Þórólfur að ekki verði heldur tekið við bólusetningarvottorðum hér á landi nema hjá þeim sem fengið hafa tvær sprautur. ■

Leiknismenn ætla að halda stóran þjóðhátíðardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Milljónir í 17. júní

benediktboas@frettabladid.is

BREIÐHOLT Breiðhyltingar geta farið að hlakka til þjóðhátíðardagsins. Borgin okkar – hverfin mun styrkja íþróttafélög og foreldrafélög um 450 þúsund krónur hvert, eða alls um 2,7 milljónir. Hátíðarhöldin voru smá í sniðum í fyrra en nú verður blásið í alla hátíðarlúðra. ■

Vel heppnaðri hjólasöfnun Barnaheilla lokið

thorgrimur@frettabladid.is

GÓÐGERÐARMÁL Yfir þrjú hundruð umsóknir um hjól bárust til Barnaheilla í ár meðan á hjólasöfnun þeirra stóð. Elleftu reiðhjólasöfnun samtakanna á Íslandi lauk 12. maí.

Barnaheill úthlutuðu hjólum til barna og ungmenna á landinu sem á þeim þurftu að halda. Hafin er hafin sala á þeim hjólum sem eftir standa.

Barnaheillum bárust fleiri en 300 umsóknir í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hjólasöfnunin fór fram með þeim hætti að almenningur var beðinn að gefa hjól sem ekki voru lengur í notkun. Ýmsir aðilar komu að söfnuninni, þar á meðal sjálfboðaliðar frá Íslandsbanka, Advania og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

Unnið var í samstarfi við Hjólreiðaklúbbinn Drangey á Sauðárkróki og vonir standa til þess að hægt verði að stækka verkefnið til landsbyggðarinnar á næstu árum svo hægt verði að safna reiðhjólum fyrir börn óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Að lokinni úthlutun hjólanna eru afgangshjólin seld á hagstæðu verði. Söluágóðinn rennur til Barnaheilla á Íslandi og verkefna á vegum samtakanna. Salan fer fram í dag og á morgun frá klukkan 14 til 18 að Smiðshöfða 7 í Reykjavík. ■

Óvissunni um kvikmyndanám eytt

Bæði Kvikmyndaskóli Íslands og Listaháskóli Íslands hafa óskað eftir því að fá að bjóða upp á nám í kvikmyndagerð á háskólastigi. Mál beggja skóla eru til meðferðar hjá menntamálaráðuneytinu og lausn er í sjónmáli í báðum tilvikum.

hjorvaro@frettabladid.is

Útlit er fyrir að innan tiðar muni tveir skólar bjóða upp á kvikmyndanám á háskólastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MENNTUN Nokkur óvissa hefur verið um framtíðarskipulag kvikmyndanáms hér á landi síðustu mánuði en bæði Kvikmyndaskóli Íslands, sem býður upp á nám fyrir einstaklinga með stúdentspróf sem getur verið metið til háskólanáms, og Listaháskóli Íslands, sem hyggst bjóða upp á nám á háskólastigi, standa á ákveðnum krossgötum.

Þannig er að mál beggja aðila eru til meðferðar hjá menntamálaráðuneytinu og ekki liggur fyrir hvort skólarnir geti boðið upp á nám á háskólastigi í haust.

„Mér finnst mjög hæpið að við getum hafið nám við kvikmyndadeildina í haust þar sem ekki hefur verið gengið frá fjármögnunarsamningi við menntamálaráðuneytið á þessum tímapunkti.

Af þeim sökum finnst mér líklegra að námið hefjist haustið 2022, þótt lokahnykkurinn á því að setja námið á laggirnar hefjist um leið og samningur verður í höfn," segir Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, um stöðu mála.

„Boltinn er svolítið hjá ráðherra þessa stundina og þetta stendur og fellur með því hvenær samningurinn verður undirritaður.

Það er mikið tilhlökkunarefni að geta boðið upp á kvikmyndanám og þetta er mikilvægur áfangi bæði varðandi gæði kvikmyndagerðar í landinu og fyrir þá sem hyggjast leggja stund á kvikmyndagerð sem geta þá notið sambærilegrar menntunar og aðrir nemendur á háskólastigi," segir Fríða Björk.

„Ráðherra hefur ákveðið að kvikmyndanám á háskólastigi muni hefjast hjá Listaháskóla Íslands. Kvikmyndagerð á Íslandi hefur verið í gríðarlega mikilli sókn á undanförnum árum og víða hefur verið tekið eftir árangri okkar á alþjóðavettvangi.

> Boltinn er svolítið hjá ráðherra þessa stundina og þetta stendur og fellur með því hvenær samningurinn verður undirritaður.

Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands.

Nám á háskólastigi er því mikilvægt skref í áttina að enn frekari uppbyggingu, í samræmi við nýja kvikmyndastefnu Íslands til 2030.

Nú er unnið að þeirri samningagerð við Listaháskólann, í samráði við stjórnendur, og er hún lokametrunum. Stefnt er að því að innritun gefi hafist í haust," segir í svari menntamálaráðuneytisins um samningsgerð ráðuneytisins við Listaháskóla Íslands.

Kvikmyndaskóli Íslands er svo með umsókn til meðferðar hjá menntamálaráðuneytinu um að færa nám skólans yfir á háskólastig.

„Menntamálaráðuneytið hefur að ósk Kvikmyndaskólans skipað þriggja manna sérfræðingahóp til að veita umsögn um skólann og mun sá hópur framkvæma matið í júní og við vinnum samkvæmt því að staðfesting viðurkenningar liggi fyrir 1. ágúst næstkomandi.

Við erum mjög bjartsýn á að það takist enda teljum við skólann fullnægja því að geta veitt tveggja ára diplómanám á háskólastigi og þriðja árið í BA-náminu verði svo klárað á hugvísindasviði Háskóla Íslands," segir Böðvar Bjarki Pétursson, stjórnarformaður Kvikmyndaskóla Íslands.

„Við höfum bent á að fjölgun stúdenta frá aldamótum hefur verið 100 prósent en fjölgun nemenda í listnámi á háskólastigi hefur verið innan við 15 prósent.

Með því að fara fyrrgreinda leið og heimila Kvikmyndaskólanum að stofna lítinn skóla á háskólastigi myndi nýnemum í listnámi fjölga um 30 prósent. Lítil deild við Listaháskóla Íslands er ekki nægilegt viðbragð við stöðunni," segir Böðvar Bjarki um framhaldið.

„Það er vert að nefna að Kvikmyndaskóli Íslands er á sínu öðru ári á fimm ára þjónustusamningi undirrituðum af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra en í þeim samningi kemur skýrt fram að stefnt sé að námsleið til BA gráðu í samvinnu við annan háskóla.

Ekki er verið að óska eftir frekari fjárheimildum í þeirri umsókn sem er nú til meðferðar hjá menntamálaráðuneytinu sem ætti að auðvelda aðgerðina." ■



MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

MAXUS EUNIQ
100% RAFKNÚINN 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL

MAXUS EUNIQ ER GLÆSILEGUR FJÖLNOTABÍLL SEM KEMUR ÞÉR OG ÞÍNUM HVERT SEM ER Á HLJÓÐLÁTAN OG UMHVERFISVÆNAN HÁTT.

Maxus Euniq er glæsilegur 7 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með 356 km drægni innanbæjar og 260 km drægni í blönduðum akstri.

VERÐ KR. **6.690.000**

MAXUS 100% RAFKNÚINN

- 360°myndavélakerfi.
- Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
- Rafopnun á afturhlera.
- Upp að 356 km drægni (WLTP).
- Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.

Maxus á Íslandi YouTube

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

www.vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Parachi var handtekinn árið 2003.

Sleppa elsta fanga Guantanamo-flóa

arnartomas@frettabladid.is

BANDARÍKIN Hinum 73 ára gamla Saifullah Parachi hefur verið tilkynnt að honum verði sleppt úr fangelsinu í Guantanamo-flóa.

Þótt Parachi hafi aldrei verið ákærður hefur hann verið í fangelsinu í yfir sextán ár grunaður um tengsl við hryðjuverkasamtökin al-Kaída. Bandaríkin segjast geta haldið föngum án ákæru samkvæmt alþjóðlegum stríðslögum.

Ekki er upplýst hvenær eða af hverju Parachi yrði sleppt, einungis að af honum stafaði ekki lengur „viðvarandi ógn“ við Bandaríkin.

Ríkisstjórn Joes Biden hefur áður sagt að stefnt sé að því að loka fangelsinu en ferlið var stöðvað í valdatíð Donalds Trump þáverandi forseta. ■

Asíufílar lifa venjulega í 60 til 70 ár.

Fílar drápust með stuttu millibili

arnartomas@frettabladid.is

JAPAN Tveir Asíufílar drápust nýlega á sama degi í dýragarði í Japan eftir að sex fílar þar af tólf veiktust skyndilega í síðustum viku.

Ekki liggur fyrir hvað varð fílunum tveimur að bana en krufning stendur nú yfir auk þess sem sýni hafa verið send til stofnunar í Taílandi sem annast fíla. Hinir fílarnir sem veiktust eru áfram illa haldnir.

Er þetta sagt í fyrst sinn sem tveir fílar deyja í dýragarðinum með svo stuttu millibili. ■

Hernaðaruppbygging Rússa veldur Bandaríkjamönnum áhyggjum

Norðurskautsráðið var stofnað árið 1996 sem vettvangur um málefni norðurslóða. Ísland hefur gegnt formennsku síðan 2019 er það tók við af Finnlandi. Rússar taka við formennsku á ráðherrafundi ráðsins á morgun.

thorvardur@frettabladid.is

Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, ræddi við blaðamenn á fundi í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UTANRÍKISMÁL Antony Blinken, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom hingað til lands á mánudaginn vegna ráðherrafundar Norðurskautsráðsins sem fram fer á fimmtudaginn. Hann fundaði í gær með Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni.

Blinken mun auk þess funda með rússneskum starfsbróður sínum, Sergei Lavrov, en þetta er í fyrsta sinn sem ráðherrarnir hittast síðan Joe Biden tók við embætti forseta í janúar. Blinken sagðist bíða spenntur eftir að hitta Lavrov og ræða við hann um málefni norðurslóða á blaðamannafundi í Hörpu í gær með Guðlaugi Þór. Rússar taka við formennsku í Norðurskautsráðinu af Íslendingum á fimmtudag.

Á blaðamannafundi í Moskvu á mánudaginn lýsti Lavrov því yfir að yfirráð á norðurskautssvæðinu væru í höndum Rússa og á blaðamannafundinum í Hörpu í gær var Blinken spurður út í afstöðu Bandaríkjastjórnar til orða Lavrovs.

Blinken sagði að Rússar hefðu haldið fram kröfum á svæðinu sem væru brot á alþjóðlegum hafréttarlögum sem nauðsyn væri að bregðast við. Auk þess lýsti hann áhyggjum af vaxandi hernaðaruppbyggingu Rússa við norðurskaut. Hann undirstrikaði að gott samstarf hefði verið um málefni norðurslóða undanfarin ár og sagðist vona að svo yrði áfram. Hann þakkaði Íslandi fyrir forystu í ráðinu sem eflt hefði starf þess.

Spurður um aðgerðir Bandaríkjanna til að reyna að koma á vopnahléi milli Ísraela og Hamas-samtakanna sagði Blinken að unnið væri að því hörðum höndum bak við tjöldin að reyna að stilla til friðar.

Bandaríkin hafa beitt neitunarvaldi gegn yfirlýsingum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að koma þurfi á vopnahléi og þar sem nauðsyn á tveggja ríkja lausn við deilum Ísraels og Palestínu er undirstrikuð.

Blinken sagði það vera afstöðu bandarískra stjórnvalda að mikilvægast nú væri að ræða við ríki á svæðinu og freista þess að koma á vopnahléi með samstarfi við þau. Ef Bandaríkin teldu að öryggisráðið væri besti vettvangurinn til aðgerða myndu þau ekki standa í vegi fyrir því. Það væri hins vegar ekki raunin á þessu stigi. Tveggja ríkja lausn væri vænlegasta leiðin til að koma á friði og Bandaríkin væru andsnúin öllum aðgerðum sem hindruðu slíkt.

Á fundi Guðlaugs Þórs og Blinkens var rætt um samstarf Bandaríkjanna og Íslands og lýstu þeir því báðir yfir á blaðamannafundinum að bandalag þjóðanna myndi áfram gegna veigamiklu hlutverki, einkum hvað varðar norðurslóðir. Ísland hefði rödd sem hlustað væri á og unnið með góðum árangri að þeim málum er það sat í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Katrín Jakobsdóttir og Blinken funduðu einnig í gær og hvatti Katrín bandarísk yfirvöld til að beita sér í að stilla til friðar milli Ísraels og Palestínu. Eftir fundinn sagði Katrín að yfirlýsingar Lavrovs um norðurskautið væru tilraun hans til að marka sér stöðu fyrir fund Norðurskautsráðsins. ■

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, ræddi samstarfið við Bandaríkin í gær við bandaríska utanríkisráðherrann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kvaðst í gær spenntur að hitta rússneskan starfsbróður sinn meðan á fundi Norðurskautsráðsins í Reykjavík stendur.

Palestínumenn settir í þriðja flokk

thorgrimur@frettabladid.is

„Mjög margir Ísraelar eru á móti þessu stríði,“ segir Lára Jónasdóttir um yfirstandandi átök milli Ísraelshers og Palestínumanna á Gasaströndinni.

Lára bjó í Jerúsalem þar til fyrir tveimur árum er hún starfaði þar á vegum Sameinuðu þjóðanna.

„Ég vann auðvitað hjá stofnun sem vinnur að því að vernda réttindi Palestínumanna þannig að ég varð vitni að því hvernig réttindi þeirra eru brotin reglulega. Ein einföld birtingarmynd þess er til dæmis að Google Maps virkar ekki á Vesturbakkanum.“

Lára leggur áherslu á að vingott sé með mörgum Ísraelum og Palestínumönnum.

„Margir þeirra starfa hlið við hlið á ýmsum stöðum í landinu, bara eins og Svíar og Norðmenn. Maður getur sest niður á kaffihúsi í Jerúsalem án þess að þekkja neinn mun á þeim. Það er pólitíkin sem skapar þetta fjandsamlega umhverfi sem fólk virðist alveg vanmáttugt gagnvart. Allir eru settir í flokka og maður finna að Palestínumenn eru þarna í einhverjum þriðja flokki.“

Lára bjó í Jerúsalem þar til fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lára segir að ekkert undanlát geti orðið í baráttu fyrir viðurkenningu á sjálfstæði Palestínu.

„Það er ekki bara hægt að segja Palestínumönnum að þeir ættu að gefast upp og sleppa þessu. Ísland er mun fámennara ríki en Palestína, en ef einhver segði okkur að verða bara hluti af Noregi og hætta þessu veseni, myndi þá einhver Íslendingur segja já?

Og þar sem við höfum viðurkennt Palestínu sem sjálfstætt ríki skiptir máli að við styðjum að hún sé jafnvirt og hver önnur þjóð,“ segir Lára. ■

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SUMAR SPRENGJA

20-70% AFSLÁTTUR

RÚMSTÆÐI
50% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI
Nina rúmstæði - 160x200cm

VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.

50% AFSLÁTTUR
103.590 KR.

STILLANLEG RÚM
15 TIL 50% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI
Stillanlegt rúm UPS - 2x90x200cm

VERÐ ÁÐUR 384.510 KR.

50% AFSLÁTTUR
192.255 KR.

RÚMTEPPI
60% AFSLÁTTUR

HÖFÐAGAFLAR SÝNINGAREINTÖK
50% AFSLÁTTUR

SÝNINGAR OG SKIPTIDÝNUR
30-70% AFSLÁTTUR

ATH. Tilboð gilda meðan birgðir endast, takmarkað magn.
Sumarsprengju lýkur 22. maí

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Ofbeldismenn og annað fólk

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Í orði kveðnu byggir réttarkerfið á að þolendur ofbeldis þurfi ekki sjálfir að útkljá það mál gagnvart geranda sínum. Kerfið á að stíga inn, ákæra gerandann, dæma hann og sjá til þess að hann fái viðeigandi refsingu. Það er hins vegar einhver bilun í þessu kerfi. Nauðgunarkærur liggja óhreyfðar í bunkum hjá lögregluembættum landsins. Konum finnst kerfið hafa brugðist hlutverki sínu sem milliliður þolandanum til verndar og í umboði samfélags sem hafnar ofbeldi.

Nú virðast gerendurnir sjálfir líka farnir að vantreysta kerfinu og kjósa frekar að láta dómstól götunnar eftir bæði ákæruvald og dómsvald í málum sínum.

Þegar Sölvi Tryggvason steig fram sem þolandi ofbeldisásökunar í eigin hlaðvarpsþætti gaus upp gerendameðvirkni sem entist stutt. Hún var fordæmd og fékk sú fordæming byr undir báða vængi þegar tilkynnt var um kærur á borði lögreglu. Hinir meðvirku báðust flestir afsökunar fljótt og vel.

Svo gerðist dálítið skrítið. Hreyfing opinskárra karlmanna fór að tjá sig um eigin háttsemi gegnum tíðina en oftast á rósamáli með skýringum í óvitaskap eða andlegri vanlíðan. Hvað eiga þessar opinberanir að fyrirstilla? Eru þetta játningar sem eiga heima í lögregluskýrslum eða eru þær hugsaðar sem innlegg í umræðu sem leiða á til betri samskipta kynjanna og þar með betra samfélags? Umræðan virðist nefnilega dæma alla þessa uppljóstrara eins. Þeir eru gerendur og #metoo-hreyfingin hefur engan áhuga á sjálfmiðuðum frásögnum ofbeldismanna af hegðun sinni. Það er bannað að vera meðvirkur.

Hvort hinum sjálfsprottnu gerendum er ekki ljóst hvort þeir eru sekir um dónaskap eða glæpi gegn konum eða hvort #metoo-hreyfingin geri engan greinarmun þarna á milli er kannski ekki aðalatriði en fyrir þá sem stíga fram og lýsa reynslu sinni eða hegðun er æskilegt að þýðing orðanna ofbeldi og gerandi sé skýr. Það er vissulega persónuleg ákvörðun Kolbeins Óttarssonar Proppé að hætta við framboð. Það er hins vegar eðlilegt að fólki leiki forvitni á raunverulegum ástæðum hennar. Það vill skilja hana umræðunnar vegna, þar sem fólk ýmist kvartar undan gerendameðvirkni eða spyr hvort það sé orðið kynferðisofbeldi að hætta að vera skotinn í stelpu.

Víða hvíslar fólk um áhyggjur sínar af umræðunni. Þannig eru byltingar. Konur eru áhyggjufullar og hafa komið því á framfæri og hætta því ekki þótt þær hafi talað fyrir daufum eyrum lengi. Aðrir hafa áhyggjur af afturhvarfi til aukins tepruskapar, þverrandi áhuga og beinlínis óvinsældum kynlífs meðal fólks á barneignaraldri. Enn aðrir óttast að byltingin úthýsi gagnkynhneigðum karlmönnum þannig að í náinni framtíð verði aðeins konur og samkynhneigðir karlmenn boðlegir frambjóðendur til þátttöku í opinberu lífi og starfi.

Við erum enn úti í miðri á í þessari umræðu og eigum langt í land. ■

> Nú virðast gerendurnir sjálfir líka farnir að vantreysta kerfinu og kjósa frekar að láta dómstól götunnar eftir bæði ákæruvald og dómsvald í málum sínum.

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Leynigestur?
Fjörugar umræður spunnust á Facebook-vegg blaðamannsins Jakobs Bjarnars Grétarssonar þegar hann undraðist leyndina sem hvílir yfir Covid-smiti íslensku Eurovision-sendinefndarinnar með ábendingu um að með því að harðneita að gefa upp hver smitaðist veki hópurinn vangaveltur um hvort sá hinn sami „eigi kannski ekkert að vera þarna“. Slík leynd ætti enda að vera með öllu óþörf því eins og Jakob bendir á neðar í þræðinum þá hélt hann „að við værum löngu og blessunarlega komin yfir einhverja kjánalega smitskömm.“

Sömu bolirnir
Guðmundur Franklín Jónsson, stofnandi Frjálslynda lýðræðisflokksins, kom dálítið á skjön inn í umræðuna og talaði spennuna í kringum keppnina niður og fetti um leið fingur út í útganginn á fulltrúum Íslands eftir að hafa hnotið um að þau væru með tvo nýja gítara „en ganga í sömu bolunum…sem er soldið RÚV.“ Hjó Guðmundur þarna í sama knérunn og Gunnar Bragi Sveinsson sem viðraði efasemdir um bólusetningarforgang hópsins og komst að því í athugasemdakerfum að hæpið er að ætla að slá pólitískar keilur með því að hreyta ónotum í Daða og Gagnamagnið. ■

Stelpur geta allt!

Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og formaður stýrihóps um nýja hjólreiðaáætlun Reykjavíkur.

Haustið 2019 voru hjólreiðar 7% af öllum ferðum borgarinnar. Karlar og strákar fóru 10% ferða sinna á hjóli en konur og stelpur einungis 4%. Þessi munur er til staðar á öllum aldursbilum. Drengir 6-12 ára fara 31% ferða á hjóli en stelpur 17%. Þessi munur snareykst svo í aldurshópnum 13-17 ára þar sem strákar fara 17% ferða á hjóli en stúlkur bara 2%! Þetta má sjá glögglega í borginni, það sjást oft strákahópar á hjólum að þvælast á milli staða en síður stelpuhópar.

Þessi munur vakti athygli okkar í stýrihóp um nýja hjólreiðaáætlun Reykjavíkur. Við viljum sjá jafnari hlutdeild ferða milli kynja. Betri hjólaborg eykur lífsgæði allra borgarbúa. Loftgæði verða betri, íbúar verða heilsuhraustari og tafir í bílaumferð verða minni.

Frelsi til að ferðast
Þegar börn læra að hjóla og þegar við sleppum af þeim takinu þegar þau byrja í skóla stækkar heimurinn þeirra margfalt. Á hjóli komast þau lengra og hraðar yfir en á fæti og það verður minni þörf fyrir skutl. Börn sem hjóla eða ganga til skóla einbeita sér betur og sýna að meðaltali betri árangur í námi sínu. Fyrir utan hvað er gaman að hjóla, láta vindinn leika um andlitið og fá blóðið smá á hreyfingu. Þvílíkt frelsi!

Hvað veldur því að stelpur hjóla síður en strákar? Konur 25-44 ára eru helmingi ólíklegri til að hjóla en karlar. Stelpur hafa því síður fyrirmynd í mæðrum sínum. Höfða hjólreiðar síður til stelpna? Eru foreldrar síður að hvetja þær til hjólreiða? Eru hjól ætluð stelpum ekki eins þægileg og góð og hjól sem eru ætluð strákum? Eru þau þyngri eða með færri gíra? Hafa þær áhyggjur af því að hjálmurinn rugli hárinu á þeim? Rafhjólum fjölgar hratt og þá skipta brekkur og rok síður máli við val á samgöngumáta. Einnig hefur notkun á rafhlaupahjólum aukist. Gætu rafhjól aukið áhuga kvenna á hjólreiðum?

Þetta eru spurningar sem við ættum öll að spyrja okkur. Ég hvet foreldra til að efla stelpurnar sínar til hjólreiða, það er ekkert sem segir að stelpur geti ekki hjólað, því stelpur geta allt! ■

> Ég hvet foreldra til að efla stelpurnar sínar til hjólreiða, það er ekkert sem segir að stelpur geti ekki hjólað, því stelpur geta allt!

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

9 af hverjum 10 verkefnum fara fram úr áætlun

Svanborg María Guðmundsdóttir, MSc í verkefnastjórnun frá Háskóla Íslands.

Byggingaiðnaðurinn er gríðarlega stór hluti af hagkerfi heimsins og veltir hann meira en tíu trilljón Bandaríkjadölum á ári sem vega um 13% af vergri heimsframleiðslu (GDP) og er þar með einn stærsti iðnaður heimsins. Framleiðni iðnaðarins hefur þó aðeins aukist um 1% síðustu 20 árin, sem bendir til að það séu mikil tækifæri til að gera betur. Jafnframt er athyglisvert að 9 af hverjum 10 verkefnum haldast ekki á áætlun samkvæmt rannsóknum Flyvbjerg (2003) sem rannsakaði 258 byggingaverkefni í 20 löndum. Gera má ráð fyrir því að verkefnin hér á landi séu engin undantekning eins og nýleg dæmi sanna og þekkt eru úr fjölmiðlum, t.d. hið fræga Braggamál þar sem gamall stríðsbraggi var byggður upp. Verkefnið átti að kosta 158 milljónir króna, en endaði í 425 milljónum króna, sem þýðir að verkefnið fór 240% yfir kostnaðaráætlun. Jafnframt má nefna Hörpuna sem fór 52% yfir áætlun, Ráðhús Reykjavíkur fór 150% yfir áætlun og Orkuveituhúsið fór 109% yfir áætlun og þar fyrir utan er það nánast ónothæft í dag.

Spurningin hér í þessari grein er að spyrja, af hverju haldast mörg verkefni ekki á áætlun í íslenskum byggingaiðnaði? Þeirri spurningu leitaðist ég við að svara í meistararitgerð minni sem ber nafnið „Managing the unmanageable: Deviation in project success within the project life cycle in the Icelandic construction industry“ og er undir leiðsögn Ingu Minelgaite prófessors. Markmiðið var að rannsaka nákvæmlega hvar frávik innan byggingaverkefna byrja að mótast og hvernig það getur haft áhrif á lokaniðurstöðu verkefnisins. Niðurstaða rannsóknarinnar leiddi í ljós fjóra áhrifaþætti sem hafa hvað mest áhrif á árangur verkefna og það kom í ljós að oftar en ekki er auðvelt að spá fyrir um framgang verkefnisins áður en verkefnið er hafið. Með öðrum orðum ef verkefni er illa undirbúið frá upphafi er það líkleg spá um verkefni sem heldur ekki kostnaðar-, tíma- og gæðaáætlun. Þeir sem þekkja byggingaiðnaðinn vita að um er að ræða háar fjárhæðir, mikinn tíma og að það geti verið mjög slæmt ef bygging stenst ekki gæðakröfur.

> Fyrri rannsóknir hafa sýnt að við Íslendingar erum frekar bjartsýn og með háleit markmið.

Í fyrsta lagi spilar íslenska menningin stórt hlutverk í því hvernig verkefni eru unnin, oft er farið af stað áður en nægilega góður undirbúningur hefur átt sér stað. Treyst er á þrautseigju og dugnað sem við höfum þróað með okkur allt frá landnámsöld. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að við Íslendingar erum frekar bjartsýn og með háleit markmið. Það vantar þó töluvert upp á ferla og strúktúr um hvernig við ætlum að ná þessum markmiðum. Í öðru lagi beitir viðskiptavinurinn töluverðum þrýstingi að hefja verkefni sem fyrst, jafnvel þó að engin hönnun liggi fyrir. Viðskiptavinurinn er heldur ekki reiðubúinn að borga fyrir viðeigandi verkefnastjórnun né undirbúning, en það getur tekið tíma og kostað pening. Jafnframt er verkefnastjórnun tiltölulega ný þjónusta á íslenskum markaði. Rannsóknir hafa sýnt að þau fyrirtæki sem leggja áherslu á verkefnastjórnun ná oftar en ekki betra samkeppnisforskoti á markaði.

Í þriðja lagi eru verkefnastjórar með mismunandi nálgun á verkefnin og oft er undirbúningur ekki nægilega góður. Fyrri rannsóknir benda á að því hærra sem flækjustigið er því mikilvægara er að hafa vel skilgreinda ferla. Í fjórða lagi eru það utanaðkomandi áhrif sem við stjórnum ekki, eins og veður og það nýjasta, Covid-19. ■

Umhverfisvæn framþróun mjólkurframleiðslunnar

Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda.

Oft er sagt að bændur séu vörslumenn landsins enda stór hluti þess í þeirra umsjón. Loftslagsmál hafa verið í forgangi hjá bændum líkt og öðrum undanfarin ár og ljóst er að þar hefur náðst mikill árangur á sama tíma og mikil tækifæri eru til að gera enn betur. Með aukinni áherslu á málaflokkinn eru hlutir hugsaðir upp á nýtt, fundnar eru nýjar leiðir til verðmætasköpunar og betri nýtingar á hráefnum og aðföngum. Segja má með sanni að öll framþróun í landbúnaði sé á sinn hátt umhverfisvæn.

Færri kýr en meiri mjólk

Með framþróun í tækni, fóðurnýtingu og kynbótum hafa kúabændur landsins náð að auka framleiðslu mjólkur, en á undanförnum 30 árum hefur mjólkurkúm á Íslandi fækkað um 20% á meðan framleiðslan hefur aukist um 43%. Búum hefur fækkað umtalsvert en á sama tíma sérhæfst og tækniváðst.

Sem dæmi um hraða og mikla tækniþróun var fyrsti mjaltaþjónninn tekinn í notkun hér á landi árið 1999 og er enn að störfum nú 22 árum síðar. Síðan þá hafa fjölmargir bæst við og í árslok 2019 voru lausagöngufjós með mjaltaþjóni algengasta tegund fjósa hérlendis og hlutfall mjólkur sem kom frá mjaltaþjónum tæp 56% af heildarinnvigtuninni, sem er að öllum líkindum heimsmet. Aukin tækniváðing hefur ekki einungis jákvæð áhrif á starfsumhverfi bænda heldur er framleiðsla hverrar kýr meiri í lausagöngufjósum en básafjósum og eykst enn frekar með mjaltaþjóni. Framleiðsla hverrar mjólkurkýr hefur aukist um rúm 50% á 30 árum og eykst með hverju ári. Við þurfum því færri gripi til að standa undir meiri framleiðslu. Þar sem stærstur hluti kolefnislosunar í nautgriparækt kemur frá kúnum sjálfum, óháð því hvað þær framleiða mikla mjólk, hefur þessi þróun nú þegar haft töluverð lækkandi áhrif á kolefnisspor þess hluta framleiðslunnar.

Mjólkursamsalan er í eigu kúabænda um land allt og hefur það hlutverk að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta henni í mjólkurafurðir og koma út á markað. Hlutverk MS er því stórt á leið mjólkur frá bændum til neytenda og mikilvægt er að unnið sé að umhverfismálum á öllum stigum framleiðslunnar. Undanfarin ár hefur MS náð að draga töluvert úr umhverfisspori starfsemi sinnar með umhverfisvænni umbúðum, betri nýtingu hráefnis, endurnýjun á tækjabúnaði, hreinni orku og betri nýtingu bifreiða. Sem dæmi hefur kolefnislosun vegna duftframleiðslu dregist saman um 95% á sama tíma og framleiðsla hefur aukist um 43%.

Eitt stærsta skref sem íslenskur matvælaiðnaður hefur tekið í umhverfismálum undanfarin ár er svo verksmiðja Íslenskra mysuafurða á Sauðárkróki. Þar er mysa sem fellur til við framleiðslu osta nýtt til vinnslu á hágæða próteindufti. Þar er nú framleitt próteinduft úr um 50 milljón lítrum af mysu sem áður fóru til spillis. Síðar á árinu verður svo annar áfangi verksmiðjunnar tekinn í notkun en þar verður unnið etanól úr mjólkursykri sem einnig er unninn úr mysunni. Sóun hráefna í mjólkuriðnaði heyrir þar með sögunni til, en þegar framleiðsla etanóls verður farin af stað mun nýting hráefnisins verða fullkomin.

Kolefnishlutleysi árið 2040

Íslenskir kúabændur hafa sett sér það markmið að greinin verði kolefnishlutlaus eigi síðar en árið 2040 og að þá verði allar afurðir vottaðar kolefnishlutlausar. Við setjum markmiðið hátt og á síðasta ári var útbúin aðgerðaáætlun um loftslagsmál í nautgriparækt til að ná þeim. Við höfum aukið við fé til rannsóknar- og þróunarverkefna og þannig greitt götu margra aðgerða sem þarft er að ráðast í. Verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður verður aðlagað að nautgriparækt á þessu ári og fyrstu kúabúin koma inn í haust, en verkefnið hefur skilað góðum árangri í sauðfjárrækt.

Á síðasta ári kom svo á markaðinn hérlendis nýtt bætiefni fyrir kýr sem dregur úr metanlosun og bætir nýtingu fóðurs hjá nautgripum, en metanlosun frá gripunum sjálfum er helmingur losunar frá greininni. Rannsóknir á þessu sviði eru víða í gangi og má ætla að í nánustu framtíð verði hægt að draga úr losun svo um munar með íblöndunarefnum í fóður. Vísindum á sviði loftslagsmála fleygir fram og stöðugt koma nýjar upplýsingar um umhverfisvænni og hagkvæmari framleiðsluaðferðir í landbúnaði. Það mun ekki standa á bændum að taka þar fullan þátt í samstarfi við stjórnvöld og munum við leggja okkur fram við að ná settum markmiðum um kolefnishlutleysi á þessum tíma. ■

Söfn framtíðar

Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri.

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur 18. maí ár hvert undir yfirskriftinni Framtíð safna, uppbygging og nýjar áherslur. Það fer vel á því að hugað sé til framtíðar í safnageiranum sem margir tengja við fortíðina og frasinn þreytti um „rykfallin söfn" virðist ótrúlega lífseigur. Staðreyndin er sú að það er ekkert ryk á söfnum, þau eru sprikl-andi fersk, þrifin og fín hátt og lágt og alltaf stödd í nútíðinni og með hugann við framtíðina. Þau eru sett upp til að fræða komandi kynslóðir og undirbúa þær fyrir óvissa en vonandi betri framtíð.

Vissulega er sagan mikilvæg og söfn miðla því hvernig við getum lært af sögunni og undirbúið okkur fyrir framtíðina, spáð í það sem koma skal. Söfn eru líka mikilvæg til að miðla þekkingu og læra af reynslunni, einnig mistökum sem við mannkynið höfum verið dugleg að gera í gegnum tíðina.

Öruggur staður til að vera á

Söfn eru einhver öruggasti staðurinn í miðjum heimsfaraldri, það á helst ekki að snerta viðkvæma hluti, auðvelt er í flestum tilfellum að halda 2 metra regluna og sjaldan er múgur og margmenni á söfnum. Söfn eru vin í eyðimörkinni, rólegur staður til að njóta menningar og lista, sögu og fróðleiks, athvarf til að slappa af og anda að sér fersku lofti. Það kom vel í ljós í heimsfaraldrinum að söfn eru mikilvægari en nokkru sinni. Þau veita okkur hugarró en eru einnig skemmtileg og gefandi og við söknum þeirra þegar lokað er.

Söfn taka afstöðu, þau velta upp hlutunum, skoða ágreiningsefni, sýna mismunandi sjónarmið og kryfja stöðuna. Söfn geta verið róttæk, gagnrýnin og krefjandi en einnig fræðandi, upplýsandi og skjól fyrir jaðarhugmyndir, það er allt mikilvægt. Staður til að njóta og upplifa, að fræðast og skiptast á skoðunum og að hvetja til umræðu.

Listasöfn eins og Listasafnið á Akureyri leggur sig fram við að endurspegla samfélagið eins og það er í öllum sínum fjölbreytileika og fullt af andstæðum. Safnið tekur samfélagslegt hlutverk sitt alvarlega og leggur mikla áherslu á að taka á móti ungu fólki, skólahópum allt frá 3 ára gömlum leikskólabörnum til háskólanema.

Ritskoðun og listrænt frelsi

Listamenn eru þekktir fyrir að vera á undan sinni samtíð, framúrstefnulegir og furðulegir. Listasöfn geta einnig verið framúrstefnuleg og miðlað framtíðinni til okkar á sama tíma og það skiptir máli að safna og sýna alls konar myndlist, að miðla og að varðveita fyrir komandi kynslóðir.

> Það er jafn mikilvægt að sýna vinsæla list og óvinsæla. Það sem höfðar til fjöldans og það sem höfðar til fárra á einnig rétt á sér.

Það er jafn mikilvægt að sýna vinsæla list og óvinsæla. Það sem höfðar til fjöldans og það sem höfðar til fárra á einnig rétt á sér. Gott dæmi um slíkt er að samtímis getur Listasafnið á Akureyri sett upp glæsilega sýningu á verknum Errós eða Louisu Matthíasdóttur sem margir dást að með réttu og stendur svo einnig fyrir A! Gjörningahátíð, með furðulegum athöfnum sem sumir hrista hausinn yfir. Hvoru tveggja á rétt á sér og skiptir máli fyrir okkur öll.

Söfn veita listrænt frelsi, þau hafna ritskoðun, þau hvetja til umræðu, þau eru fyrir framtíðina. ■

Einar Árni hefur undanfarin ár stýrt uppeldisfélagi sínu í Njarðvík.

Einar Árni söðlar um til Egilsstaða

hjorvaro@frettabladid.is

KÖRFUBOLTI Einar Árni Jóhannsson hefur samið við körfuboltadeild Hattar á Egilsstöðum og mun Einar stýra karlaliði félagsins ásamt Viðari Erni Hafsteinssyni. Höttur féll úr úrvalsdeildinni á dögunum.

Einar Árni kemur til Hattar eftir að hafa stýrt karlaliði Njarðvíkur frá 2018, en auk þess að vera í þjálfarateymi karlaliðs Hattar verður hann yfirþjálfari yngri flokka.

Þessi reynslumikli þjálfari hóf feril sinn sem meistaraflokksþjálfari þegar hann þjálfaði kvennalið Njarðvíkur tímabilið 1996 til 1997 og 2001 til 2003.

Þá hélt hann um stjórnartaumana hjá karlaliði Njarðvíkur frá árinu 2004 til 2007 og svo aftur árið 2010 til 2014. Undir stjórn Einars varð Njarðvík Íslandsmeistari árið 2006.

Hann hefur einnig verið við stjórnvölinn hjá karlaliðum Breiðabliks og Þórs í Þorlákshöfn. ■

Lampard orðaður við Crystal Palace

hjorvaro@frettabladid.is

ENSKI BOLTINN Talið er að Frank Lampard sé efstur á lista forráðamanna enska knattspyrnufélagsins Crystal Palace til þess að taka við stjórnartaumunum hjá karlaliði félagsins.

Tilkynnt var í gær að Roy Hodgson muni láta af störfum sem knattspyrnustjóri liðsins þegar yfirstandandi leiktíð lýkur í sumar.

Lampard var fyrr á þessu tímabili látinn taka pokann sinn hjá Chelsea, en þessi 42 ára Englendingur hefur einnig stýrt Derby County á stjóraferli sínum.

Crystal Palace siglir lygnan sjó í ensku úrvalsdeildinni en liðið situr í 13. sæti deildarinnar þegar tveimur umferðum er ólokið. ■

Ísland spilar tvo leiki við Íra í júní

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Írlandi í tveimur vináttulandsleikjum í júní næstkomandi og fara báðir leikirnir fram á Laugardalsvelli.

Fyrri leikurinn verður spilaður 11. júní og sá síðari 15. júní.

Leikirnir við Íra verða hluti af lokaundirbúningi íslenska liðsins fyrir fyrstu leiki í undankeppni HM 2023.

Ísland er þar í riðli með Hollandi, Tékklandi, Hvíta-Rússlandi og Kýpur, en stelpurnar mæta Hollandi í fyrsta leik sínum í undankeppninni 21. september á Laugardalsvelli. ■



Dagbjartur nýtur góðs af því að geta æft við bestu aðstæður í Mississippi og segist strax sjá miklar framfarir á þeim mánuðum sem hann hefur æft í Bandaríkjunum. MYND/MISSISSIPPI STATE ATHLETICS

Skemmdi ekkert að hrifsa efsta sætið

Spjótkastarinn Dagbjartur Daði Jónsson átti lengsta kast NCAA-tímabilsins í spjótkasti á dögunum og tók fram úr Sindra Hrafni Guðmundssyni með því. Samkeppnin og samvinnan drífur þá áfram í einum besta spjótkastsskóla Bandaríkjanna.

kristinnpall@frettabladid.is

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Í aðdraganda NCAA-meistaramótsins í frjálsum íþróttum eru tveir Íslendingar eftir á lista í spjótkasti. Er þetta í fyrsta sinn sem tveir Íslendingar leiða NCAA í sömu grein og geta Íslendingar því bundið vonir við að eiga einstakling á verðlaunapalli í Oregon í næsta mánuði þegar meistaramótið utanhúss í bandarískum háskólaíþróttum fer fram.

Dagbjartur Daði Jónsson sem keppir fyrir hönd ÍR á Íslandi og er á sínu fyrsta ári í Mississippi State háskólanum er efstur með 78,66 metra kast, en Sindri Hrafn Guðmundsson sem keppir fyrir hönd Breiðabliks er þar rétt á eftir með 77,77 metra. Fyrst þurfa þeir að taka þátt í úrtökumóti sem fer fram í næstu viku, en í aðdraganda mótsins skiptu þeir Dagbjartur og Sindri milli sín efstu tveimur sætunum í svæðismóti í SEC-deildinni fyrir helgi, þar sem Dagbjartur átti lengsta kast ársins í NCAA.

> „Það er mikill metnaður fyrir íþróttum hérna í Mississippi State, sérstaklega í spjótkasti. Skólinn er oft kallaður JavU.
>
> Dagbjartur Daði Jónsson

„Árangurinn á þessu móti var virkilega mikil hvatning og gefur manni sjálfstraust fyrir meistaramótið í Eugene. Það skemmdi ekki fyrir að hrifsa efsta sætið af Sindra þarna undir lokin," segir Dagbjartur glottandi, aðspurður hvernig það hafi verið að berjast við samlanda um sigur á móti á erlendri grundu og hafa betur.

Dagbjartur er á fyrsta ári við Mississippi State háskólann þar sem hann er við nám í leiklist. Skólinn hefur getið sér gott orð fyrir afreksfólk í spjótkasti undanfarin ár en ríkjandi heimsmeistari í greininni, Anderson Peters, frá Grenada, æfði og keppti fyrir skólann fyrir nokkrum árum. Fyrir vikið var heillandi að keppa og æfa við bestu aðstæður.

„Það er mikill metnaður fyrir íþróttum hérna í Mississippi State, sérstaklega í spjótkasti. Skólinn er oft kallaður JavU (Javelin University). Á síðasta meistaramóti tóku þeir fyrstu þrjú sætin á mótinu. Það gæti alveg endurtekið sig í ár. Við Sindri erum sigurstranglegir í aðdraganda mótsins og Tyriq sem æfir með okkur er líka líklegur til að berjast um verðlaunasæti."

Dagbjartur hóf nám í janúar og má segja að hann hafi hitt á rétta tímasetningu, en fremsta frjálsíþróttafólk landsins missti æfingaaðstöðuna í Laugardalshöll í vor. Fyrir vikið nýtur hann góðs af æfingaaðstöðu í fremstu röð og betri veðurskilyrðum til að æfa spjótkast.

„Allar aðstæður hérna eru til fyrirmyndar, sem er frábært. Þetta tækifæri kom á hárréttum tímapunkti miðað við það sem gekk á heima á Íslandi þegar æfingaaðstöðunni var lokað. Námið er í raun rétt að byrja en byrjunin hefur verið framar vonum," segir Dagbjartur og heldur áfram: „Veðurskilyrðin eru líka betri til æfinga í spjótkasti, að geta kastað úti og séð spjótið fljúga gerir heilmikið fyrir mann. Ég sé strax mun á því hvað ég er að kasta betur og er kominn í betra form á stuttum tíma."

Samkeppnin við Sindra segir Dagbjartur að sé bæði hvetjandi og gefandi á sama tíma.

„Þetta hefur verið frábært að vinna saman hérna alla daga. Við keyrum hvor annan áfram á æfingum og í keppnum og reynum að draga það besta fram hvor hjá öðrum. Við erum að eiga mjög svipuð köst þessa dagana og það er um leið samkeppni okkar á milli."

Samhliða spjótkastinu gefur Dagbjartur út tónlist og er hægt að nálgast efni eftir hann á Spotify.

„Ég hef samið tónlist í nokkur ár samhliða íþróttunum. Þetta er skemmtilegt þegar hugurinn þarf að leita að öðru en spjótinu. Finnst það mjög mikilvægt að hafa eitthvað annað fyrir stafni sem hægt er að gleyma sér í." Aðspurður segist hann aðallega semja á íslensku en fyrsta lagið á ensku kom út á dögunum og hefur fengið góðar móttökur.

„Lögin hafa aðallega verið á íslensku hingað til, en ég gaf út mitt fyrsta enska lag á dögunum sem er komið á spilunarlistann hérna. Fengið góðar móttökur í liðinu," segir hann léttur að lokum. ■

ÍSÍ krefst þess að afreksíþróttafólk verði bólusett

hjorvaro@frettabladid.is

COVID-19 Íslenskt afreksíþróttafólk hefur síðustu vikurnar og mun á næstunni vera á ferð og flugi um heiminn til þess að taka þátt í mótum og freista þess að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum sem fram fara í Tókýó.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, ÍSÍ, og sambandsaðilar þess, hafa undanfarna mánuði sóst eftir því hjá sóttvarnayfirvöldum með fundahaldi, símtölum og skriflegum erindum, að afreksíþróttafólk landsins fái forgang í bólusetningu, að loknum bólusetningum viðkvæmra hópa og heilbrigðisstarfsfólks, svo það geti með öruggari hætti tekið þátt í alþjóðlegu mótahaldi.

Öllum óskum um slíka fyrirgreiðslu hefur verið neitað og vísað til þess að forgangsröðun heilbrigðisyfirvalda varðandi bólusetningar verði ekki haggað.

Anton Sveinn er eini Íslendingurinn sem er kominn á ÓL. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Af þeim sökum hefur afreksíþróttafólk landsins þurft að fara óbólusett í stór og krefjandi verkefni og í undankeppnir fyrir stórmót á efsta stigi viðkomandi íþróttar.

Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee, sem er eini íslenski keppandinn sem hefur tryggt sér þátttökurétt á komandi Ólympíuleikum, benti á það í Twitter-færslu sinni að það skyti skökku við að hópurinn sem keppir fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefði fengið undanþágu fyrir bólusetningu í ljósi fyrrgreindra neitana sem íslenskt afreksíþróttafólk hefur fengið frá heilbrigðisyfirvöldum.

ÍSÍ sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem að á sama tíma og lýst sé yfir ánægju með að keppendur fái nú bólusetningu vegna ferða til útlanda muni íþróttahreyfingin krefjast þess að íþróttafólk sem tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum fyrir Íslands hönd njóti sömu þjónustu frá yfirvöldum og keppendur á öðrum vettvangi.

„Alþjóðaólympíunefndin (IOC) hefur útvegað bóluefni fyrir alla þátttakendur í Ólympíuleikum og Ólympíumóti fatlaðra og mun ÍSÍ fá bóluefni fyrir þann hóp sem fer á leikana. Sú ráðstöfun kemur til með aðkomu IOC en ekki íslenskra yfirvalda og nær einungis til þessa þröngu hóps. Vonast er til að þessi bólusetning hefjist í næstu viku í góðu samstarfi við sóttvarnasvið Embættis landlæknis." ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGABLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 19. maí 2021

Guðbjörg Hulda segist hafa prófað ýmsar líkamsræktarstöðvar áður en hún fann sig loks í Yama heilsurækt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Dagurinn verður betri eftir æfingu

Guðbjörg Hulda Valdórsdóttir var búin að prófa ýmsar líkamsræktarstöðvar áður en hún loksins fann sig í Yama heilsurækt. Hún er mjög ánægð með hvað þjónustan er persónuleg auk þess sem æfingarnar eru fjölbreyttar og þjálfararnir sérstaklega hvetjandi. 2

Magnesíum freyðitöflur

Betri slökun – góður svefn

Fæst í flestum apótekum og stórmörkuðum

Kollagen freyðitöflur

Friskari og fallegri húð

Fæst í flestum apótekum og stórmörkuðum

Guðbjörg var að fylgjast með Gurrý Torfadóttur einkaþjálfara á samfélagsmiðlum þegar hún sá að hún var að fara að opna Yama heilsurækt.

„Ég skráði mig og var á biðlista þar sem allt var orðið fullt. Ég beið í þrjá mánuði eftir plássinu og hef núna verið í Yama heilsurækt í eitt og hálft ár og þetta er besta stöð sem ég hef kynnst," segir Guðbjörg.

„Það sem mér finnst vera aðalatriðið er að þetta heitir Yama heilsurækt, ekki líkamsrækt. Þetta snýst um heilsuna. Þjálfararnir eru frábærir og hvetjandi, þeir fylgjast með því að þú gerir æfingarnar á réttan hátt. Þau taka einnig tillit til dagsformsins. Ef þú hefur kannski sofið illa eða þér er illt einhvers staðar þá er það ekkert mál. Þá gerirðu bara æfingarnar öðruvísi, aðlagar þær eftir því hvernig dagsformið þitt er," segir hún.

Fyrstu þrjá mánuðina var ég til dæmis með svo mikla vöðvabólgu að ég gat varla lyft lóðum. En í dag er ég í besta formi sem ég hef verið í og stefni á að bæta það."

Guðbjörg mætir í Yama þrisvar í viku og æfir með litlum hópi. Hún segir að í hópnum hafi myndast skemmtilegur og hvetjandi vinskapur sem sé mjög gefandi.

„Þetta er lítil og persónuleg stöð. Hún er falleg og snyrtileg. Þar eru líka litlir hlutir sem láta þér líða vel, eins og þegar þú labbar inn þá stendur á hurðinni: Velkomin fallega fólk! og þegar þú ferð út þá stendur: Vel gert! Maður tekur ekkert alltaf eftir þessu en þegar ég geri það þá virkar það hvetjandi."

Gurrý Torfadóttir og Daníel Fjeldsted, aðalþjálfaranir í Yama heilsurækt, eru hér ásamt Guðbjörgu Huldu iðkanda.

Gurrý og Daníel þjálfa hópana saman og leggja áherslu á að aðlaga æfingarnar að hverjum og einum og hafa þær fjölbreyttar. Þjálfað er í litlum hópum en þjálfunin er einstaklingsmiðuð.



Húsnæði Yama heilsuræktar er alveg sérstaklega hlýlegt og heimilislegt. Það æfa fáir í einu og andinn er góður.

Alltaf ánægð eftir æfingu

Guðbjörg segist hafa fundið sig í Yama eftir að hafa prófað margar aðrar stöðvar.

„Persónuleg þjónusta er ein ástæðan. En svo eru æfingarnar líka svo fjölbreyttar, engar tvær eins. Svo er líka mikil hvatning á æfingu. Kannski labba ég inn og hugsa: Ég ætla bara að hafa þetta létt í dag. En svo fer ég út búin að gera mitt langbesta. Það kemur líka fyrir að mig langar ekki á æfingu. En ég er alltaf svo ánægð þegar ég er búin að fara og dagurinn verður bara betri."

Guðbjörg skráði sig í Yama heilsurækt með það að markmiði að ná því að vilja að mæta.

„Mig langaði aðallega að verða sterk og gefast aldrei upp. Það er alltaf erfitt að byrja og ég var feimin. Það var líka mikil áskorun þegar Covid kom og við urðum að æfa heima í gegnum netið. En Gurrý var svo rosalega dugleg að setja inn myndbönd og vera á netinu að ég hélt bara áfram," útskýrir hún.

„Við erum með app, Virtuagym. Þar eru einnig æfingar fyrir okkur. Ég er skráð í hádegishóp og fer yfirleitt þá. En stundum ef ég kemst ekki í hádeginu þá fer ég í aðra tíma sem er laust í, en það er hægt að sjá það í appinu. Auk venjulegu æfinganna er líka hægt að fara í jóga á stöðinni, sem mér finnst æðislegt. Ég hef aldrei fundið mig svona vel á neinum stað og stefni á að halda áfram."

Einkaþjálfun í lokuðu umhverfi

Aðalþjálfari Yama heilsuræktar ásamt Gurrý er Daníel Þorsteinsson Fjeldsted en auk þess starfa tveir aðrir þjálfarar á stöðinni. Gurrý segir að hennar hugmynd hafi verið að opna stöð þar sem hægt er að hafa þjálfun í lokuðu umhverfi með frábærum þjálfurum.

„Þetta er kallað einkahópþjálfun eða persónuleg þjálfun. Við þjálfum fólk í litlum hópum en þjálfunin er einstaklingsmiðuð. Ef einhver er með verki í baki, slæmur í öxl eða eitthvað annað þá höfum við rými og þekkingu til að útfæra æfingarnar fyrir hvern og einn. Það er grunnhugmyndin," útskýrir hún.

Gurrý segir að þegar einn hópur æfir inni í stöðinni sé enginn annar þar á sama tíma. Í hópunum eru 8-12 manns en Gurrý leggur áherslu á að hafa aldrei fleiri en 12 í hverjum hóp og að þekkja alla með nafni.

„Þegar fólk skráir sig hjá mér þá heyri ég oftast í þeim í síma til að finna rétta hópinn fyrir viðkomandi því við aðlögum þjálfunina hverjum hóp fyrir sig því þarfirnar eru mismunandi. Við erum með fólk hér sem er byrjendur. Margir eru að fara af stað aftur eftir langan tíma og sumir eru að glíma við einhvers konar meiðsli. Við erum líka með hóp af fólki sem er í góðu formi og er búið að vera með okkur lengi," segir hún.

„Það er engin keppni í æfingunum. Við hugsum þetta alltaf út frá heilsu og hreysti. Við erum með styrktaræfingar og þolæfingar en það er aldrei keppni á milli einstaklinga. Æfingarnar eru svo settar upp á fjölbreyttan hátt.

Hver og einn vinnur svo algjörlega á sínum hraða. Við viljum ekki að neinn fari fram úr sér þótt allir séu hvattir til þess að gera sitt besta og æfingarnar okkar eru krefjandi."

Sérstök stemning

Gurrý segir eins og Guðbjörg að það að æfa hjá Yama heilsurækt snúist líka að miklu leyti um félagsskapinn.

„Þegar fólk æfir saman reglulega þá myndast sérstök stemning. Æfingarnar eru bara einn parturinn af Yama, en jafnstór partur er að koma og hitta æfingahópinn. Við höfum séð mörg dæmi um fólk eins og Guðbjörgu, fólk sem kemur og er kannski illt í bakinu eða annars staðar. Það er erfitt að byrja að æfa þegar það eru verkir í líkamanum. En ef fólk setur sér það markmið að mæta alltaf þrisvar í viku sama hvað, þá sér það árangur. Stundum er fólk illa upplagt og þá er okkar að meta hvaða æfingar henta því. Við höfum sagt fólki að fara fyrr af æfingu og slaka á í jógaherberginu eða fara í infrarauða klefann. Aðalatriðið er bara að skuldbinda sig til að mæta alltaf, þá verður undantekningarlaus frábær árangur en það tekur tíma og krefst þrautseigju."

> **Auk venjulegu æfinganna er líka hægt að fara í jóga á stöðinni, sem mér finnst æðislegt. Ég hef aldrei fundið mig svona vel á neinum stað og stefni á að halda áfram.**
>
> Guðbjörg Hulda Valdórsdóttir

Gurrý segir að iðkendurnir hafi alltaf góðan aðgang að þjálfurunum bæði á stöðinni og á samfélagsmiðlum.

„Þetta er bara lítil einkaþjálfunarstöð svo það er góður tími til að sinna hverjum og einum," segir hún.

„Það er frábær hugmynd að byrja núna að æfa, sérstaklega fyrir fólk sem er að stíga fyrstu skrefin, eða hefur lítið hreyft sig frá því Covid byrjaði. Margir eiga erfiðan vetur að baki og því er um að gera að koma hreyfingunni inn í daglega rútínu sem fyrst. Hreyfing er nefnilega ein af grunnþörfum okkar og hún gerir svo margt miklu betra í lífi okkar. ■

Fyrir áhugasama má senda póst á gurry@gurry.is og hún hefur samband til baka í gegnum síma. Yama heilsurækt er í Ármúla 40.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. maí 2021

19. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Glæsilegt úrval heimsþekktra vörumerkja

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Gildi keypti fyrir 10 milljarða í hlutafjárútboðinu

2 Lífeyrissjóðurinn er með 10 prósenta hlut í Síldarvinnslunni eftir að hafa keypt um þriðjung alls þess hlutafjár sem var selt í hlutafjárútboðinu.

Álverðstenging skilar hærra orkuverði fyrir Landsvirkjun

4 Miðað við núverandi álverð eru tekjur Landsvirkjunar vegna samnings við Rio Tinto yfir 400 milljónum hærri eftir undirritun viðauka í febrúar.

Ísland rekur enn lestina í fjölda tvísköttunarsamninga

8 Af 30 ríkjum á EES-svæðinu er Ísland í 29. sæti yfir fjölda tvísköttunarsamninga við önnur ríki. Aðeins Liechtenstein er með færri samninga.

Eyrir Invest að loka nýjum sex milljarða króna vísisjóði

9 Eyrir Invest leggur til 1,5 milljarða króna. Sjóðurinn mun fjárfesta í fyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og vilja vaxa hratt alþjóðlega.

Umgjörð á byggingarmarkaði ýtir undir óstöðugleika

10 „Umgjörð byggingarmarkaðarins er beinlínis áhættuþáttur í hagstjórn á Íslandi og því þarf að breyta,“ segja framkvæmdastjórar SA og SI.

Bandaríkjamenn til bjargar

Ferðaþjónustan finnur fyrir töluverðum vexti í bókunum frá Bandaríkjunum. Dvelja lengur og verja meiru. Þeir kaupa dýrari hótelgistingu, betri bílaleigubíla og meiri afþreyingu. – **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Haftaákvæði gætu tekið breytingum

thorsteinn@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra.

Kafli í frumvarpi til laga um gjaldeyrismál, sem kveður á um að Seðlabanka Íslands verði heimilt, með samþykki ráðherra, að setja gjaldeyrishöft, gæti tekið breytingum í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta má lesa úr nýju minnisblaði fjármálaráðuneytisins til efnahags- og viðskiptanefndar.

Lagt er til að Seðlabanka verði, með samþykki ráðherra, heimilað að beita verndunarráðstöfunum við sérstakar aðstæður sem gætu falið í sér að takmarka eða stöðva fjármagnshreyfingar til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á stöðugleika.

Í umsögnum um frumvarpið hafa bæði SA og Viðskiptaráð lagst gegn því að heimildin verði í lögum og vilja að lágmarki aðkomu þingsins svo hægt sé að setja á fjármagnshöft.

Hliðstæð heimild er til staðar í gildandi lögum um gjaldeyrismál frá 1992 og hefur verið frá gildistöku.

Telji nefndin samt tilefni til þess að bregðast við athugasemdum með breytingum á frumvarpinu koma einkum tveir möguleikar til greina, að mati ráðuneytisins. Annars vegar væri unnt að bæta við fyrirmælum um að reglur samkvæmt kaflanum haldi ekki gildi sínu nema Alþingi samþykki þær innan tiltekins tíma.

„Með því móti gæti Seðlabankinn brugðist við ef neyðaraðstæður sköpuðust með því að setja takmarkanir með samþykki ráðherra, en þær féllu brott ef Alþingi samþykkti þær ekki innan tiltekins tíma. Þannig væri í senn tryggt að unnt væri að bregðast skjótt við neyðaraðstæðum og að Alþingi kæmi að ákvörðuninni," segir í minnisblaðinu

Þá væri hægt að fella brott þennan kafla frumvarpsins. Ráðuneytið segir þó mikilvægt að ekki verði gerð slík breyting nema gætt sé að öllum sjónarmiðum um áhrif þess að fella viðurkennd öryggisákvæði úr gildi. Þá verða gjaldeyrishöft ekki sett nema að undangenginni lagasetningu.

„Það myndi þýða að ef þær aðstæður sköpuðust í hagkerfinu að talið væri nauðsynlegt að grípa til verndunarráðstafana af þessu tagi, til dæmis vegna bankaáhlaups, styrjalda eða náttúruhamfara, myndi það kalla á að semja þyrfti sérstakt lagafrumvarp sem lagt yrði fyrir Alþingi til samþykktar." ■

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Björn Víglundsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang **markadurinn.is**

Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Eftir hlutafjárútboðið sem lauk í síðustu viku eru hluthafar Síldarvinnslunnar nærri sjö þúsund talsins.

Gildi fjárfesti fyrir um tíu milljarða í Síldarvinnslunni

Lífeyrissjóðurinn Gildi er með tæplega 10 prósenta hlut í Síldarvinnslunni eftir að hafa keypt um þriðjung alls þess hlutafjár sem var selt í hlutafjárútboðinu. Meira en helmingur allra lífeyrissjóða tók annað hvort ekki þátt eða bauð of lágt og var ekki úthlutað neinum bréfum.

hordur@frettabladid.is
helgivifill@frettabladid.is

Lífeyrissjóðurinn Gildi keypti um þriðjung alls hlutafjárins sem var selt í almennu hlutafjárútboði Síldarvinnslunnar sem lauk um miðja síðustu viku. Eignarhlutur lífeyrissjóðsins í sjávarútvegsfyrirtækinu eftir útboðið, samkvæmt upplýsingum sem fengust frá Gildi, nemur 9,98 prósentum sem þýðir að hann fjárfesti fyrir liðlega tíu milljarða króna.

Aðrir íslenskir lífeyrissjóðir keyptu fyrir miklu lægri fjárhæðir – Almenni kemur næst á eftir Gildi með um 1.430 milljónir sem tryggir sjóðnum um 1,4 prósenta eignarhlut – en samanlagt fjárfestu þeir fyrir að lágmarki um 14 milljarða króna í útboði Síldarvinnslunnar. Meira en helmingur sjóðanna tók hins vegar annað hvort ekki þátt eða, sem var í fleiri tilfellum, skráði sig fyrir bréfum en fékk ekkert úthlutað þar sem tilboð þeirra var lægra en endanlegt útboðsgengi – 60 krónur á hlut – sem var ákvarðað í tilfelli fagfjárfesta, samkvæmt svörum sem Markaðurinn aflaði sér frá nærri tuttugu lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), stærsti lífeyrissjóður landsins, var eini sjóðurinn sem svaraði ekki fyrirspurn Markaðarins varðandi þátttöku í hlutafjárútboðinu. Lífeyrissjóðurinn Stapi, sem er með skrifstofur sínar á Akureyri, staðfesti þátttöku í útboðinu, ásamt Lífeyrissjóði starfsmanna Akureyrarbæjar en Stapi sér um rekstur sjóðsins, en vildi aftur á móti ekki gefa upp hversu stóran hlut sjóðurinn hefði keypt fyrir.

Gildi, sem er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins, verður fjórði stærsti hluthafi Síldarvinnslunnar þegar viðskipti með bréf í félaginu hefjast í Kauphöllinni hinn 27. maí næstkomandi. Ólíkt öðrum helstu lífeyrissjóðum fer Gildi ekki með neinn eignarhlut í Brimi, sem er í dag eina útgerðarfyrirtækið sem er skráð á hlutabréfamarkað, eftir að hafa selt öll bréf sín í félaginu haustið 2019. Gildi er hins vegar næststærsti hluthafinn í laxeldisfyrirtækinu Arnarlaxi með 5,5 prósenta hlut en markaðsvirði þess hlutar er um þrír milljarðar króna.

Þátttaka lífeyrissjóða í útboði SVN
(Milljónir)

Gildi	10.100
Almenni	1.431
LIVE	1.000
Íslenski lífeyrissjóðurinn	410
Lífeyrissjóður bankamanna	400
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	300
Brú lífeyrissjóður	159
Lífeyrissjóður tannlækna	25
Stapi	Keypti, en gefur ekki upp fyrir hve mikið
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Tók þátt, en fékk litlu úthlutað
Frjálsi	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
Festa	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
EFÍA	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
Lífeyrissjóður bænda	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
LSBÍ	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
Lífeyrissjóður Rangæinga	Tók þátt, fékk ekki úthlutað
Birta	Tók ekki þátt
Lífsverk	Tók ekki þátt
LSR	Gaf ekki upp

101

Heildarvirði Síldarvinnslunnar eftir niðurstöðu hlutafjárútboðsins er 101 milljarður króna.

Í hlutafjárútboði Síldarvinnslunnar, sem er eitt af umsvifamestu útgerðarfyrirtækjum landsins, var seldur 29,3 prósenta hlutur fyrir samtals 29,7 milljarða. Heildarvirði félagsins er þess vegna metið á um 101 milljarð króna. Nær 6.500 áskriftir bárust í útboðinu fyrir um 60 milljarða – það var því ríflega tvöföld umframeftirspurn – en það voru Samherji og Kjálkanes sem stóðu að sölu meginþorra bréfanna. Félögin verða hins vegar eftir sem áður stærstu hluthafar Síldarvinnslunnar en þar á eftir kemur Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað.

Tveir lífeyrissjóðir staðfestu í svörum sínum til Markaðarins að þeir hefðu ekki tekið þátt í útboðinu en það eru Birta og Lífeyrissjóður verkfræðinga (Lífsverk). Birta er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsins með eignir upp á um 500 milljarða. Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LIVE) segist hins vegar hafa keypt fyrir um milljarð sem þýðir að sjóðurinn verður með um eins prósents eignarhlut í Síldarvinnslunni.

Það vakti athygli í aðdraganda hlutfjárútboðs Síldarvinnslunnar þegar Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, sagðist vona að hvorki lífeyrissjóðir sem félagsmenn stéttarfélagsins greiða í eða almenningur myndu taka þátt í útboðinu. Velti hann því meðal annars fyrir sér hvort það væri leið til að „veiða almenning í net útgerðarfyrirtækja" í því skyni að ná sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. VR skipar fjóra af átta stjórnarmönnum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna en stjórnendur sjóðsins fóru í þetta sinn ekki að ráðum Ragnars og fjárfestu í útboðinu.

Þetta var í annað sinn sem Ragnar beitir sér gegn þátttöku LIVE í hlutafjárútboði en sumarið 2020 sendi stjórn VR frá sér yfirlýsingu þar sem þeim tilmælum var beint til stjórnarmanna sem VR skipar í stjórn lífeyrissjóðsins að sniðganga eða greiða atkvæði gegn þátttöku í útboði Icelandair sem fór fram í september sama ár. Yfirlýsingin var síðar dregin til baka.

Í fjárfestakynningu vegna útboðs Síldarvinnslunnar kom fram að stjórnendur félagsins áætli að árið 2021 muni verða það besta í mörg ár og að EBITDA-hagnaður muni nema á bilinu 9 til 10 milljörðum króna. Þá er stefnt að því að 30 prósent hagnaðar verði greidd út í arð til hluthafa á hverju ári en eiginfjárhlutfall félagsins var 68 prósent í árslok 2020. ■

Betri lausnir fyrir þitt fyrirtæki

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma í viðskipti til Íslandsbanka. Með nýrri fyrirtækjalausn á islandsbanki.is geta fyrirtæki á einfaldan og fljótlegan hátt sótt sér allar helstu þjónustur með nokkrum smellum.

- Stofnað reikninga
- Pantað kreditkort
- Innheimtuþjónusta
- Fyrirtækjaapp
- Stofnað netbanka
- Rafrænir reikningar

Góð þjónusta breytir öllu

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri Valitor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tekjur Valitor minnkuðu um tvo milljarða

hordur@frettabladid.is

Heildartekjur færsluhirðingarfyrirtækisins Valitor, sem er dótturfélag Arion banka, drógust saman um liðlega tvo milljarða króna á síðasta ári og námu samtals um 13,96 milljörðum króna. Vegna skipulagsbreytinga og ýmiss konar hagræðingaraðgerða sem gripið hefur verið til á undanförnum misserum minnkaði hins vegar rekstrarhagnaður félagsins á sama tíma aðeins um 200 milljónir.

Þetta kemur fram í nýbirtum samstæðureikningi en tap af rekstri félagsins á árinu 2020 nam um 1.370 milljónum króna borið saman við rúmlega 9,5 milljarða árið þar áður. Það tap stafaði einkum af umsvifum Valitor erlendis en starfsemi fyrirtækisins í Danmörku og hluti hennar í Danmörku var seld í fyrra.

14

Heildartekjur Valitor á árinu 2020 voru 14 milljarðar króna.

Í skýrslu stjórnar segir að rekstrarfyrirkomulag hafi verið einfaldað og fjölda umbótaverkefna sé nú lokið þar sem lækkun launa- og annars rekstrarkostnaðar nemur um 1,8 milljörðum í fyrra. Eftir að rekstur Valitor hafði verið óarðbær frá árinu 2014 er búið að gera ákveðnar áherslubreytingar sem séu til þess fallnar að efla kjarnastarfsemi félagsins. „Megináherslan í stefnu Valitor fyrir árin 2021-2023 verður staðlað vöruframboð, einföldun og skilvirkni ásamt því að byggja upp öflugt samstarf við greiðslumiðlara," segir í skýrslunni.

Samhliða einföldun í rekstri og hagræðingaraðgerðum hefur starfsfólki hjá Valitor fækkað um liðlega helming á milli ára en í árslok 2020 var það 216 talsins. Launakostnaður samstæðunnar nam um 3,2 milljörðum í fyrra og minnkaði um rúmlega 700 milljónir á milli ára.

Eigið fé Valitor var 7,3 milljarðar króna í lok árs 2020. Í apríl á síðasta ári var fjárhagsskipan Valitor styrkt þegar Arion banki skuldbreytti 3,5 milljarða kröfu sinni á félagið í hlutafé.

Fram kemur í skýringum með ársreikningi Valitor að á þessu ári hafi verið meðal annars gerð sú skipulagsbreyting að nú séu starfræktar tvær rekstrareiningar innan félagsins, Færsluhirðing og Kortaútgáfa.

Valitor hefur verið í formlegu söluferli allt frá árinu 2019 en fjárfestingabankinn Citi er ráðgjafi félagsins í þeirri vinnu. Áformað er að ferlinu ljúki á þessu ári en í síðasta ársreikningi Arion banka er virði Valitor bókfært á 8,5 milljarða en í ársbyrjun 2019 var það metið á liðlega 16 milljarða. ■

Tvísýnt var um skeið hvort álverinu í Straumsvík yrði lokað, en viðauki við raforkusamning í febrúar er sagður hafa tryggt framtíð þess. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Álverðstenging hækkar orkuverðið

Miðað við núverandi álverð eru tekjur Landsvirkjunar vegna samnings við Rio Tinto yfir 400 milljónum hærri eftir undirritun samningsviðauka í febrúar síðastliðnum.

thg@frettabladid.is

Álver Rio Tinto í Straumsvík greiðir um þessar mundir hærra orkuverð til Landsvirkjunar en það hefði ella gert fyrir nýlega undirritun annars viðauka raforkusamningsins við Landsvirkjun, en þetta herma heimildir Markaðarins. Ástæðan er hækkandi álverð að undanförnu, en viðaukinn við raforkusamninginn fól í sér álverðstengingu að hluta við raforkuverðið sem álverið greiðir.

> **Þannig teljum við vel ásættanlegt og í raun skynsamlegt að bjóða viðskiptavinum tengingu við afurðaverð að litlum hluta.**

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

Viðaukinn felur í sér að um 21 prósent af álverði umfram 1.800 dali fyrir tonnið leggst ofan á grunnverðið, sem stendur núna í 30 dollurum á megavattstundina og er tengt neysluverðsvísitölu í Bandaríkjunum. Álverð er sem stendur í 2.445 dölum fyrir tonnið, samkvæmt gögnum frá London Metal Exchange. Það þýðir að 21 prósent reiknast af mismuninum á 2.445 og 1.800 dölum, eða af 665 dölum. Í það er svo deilt með 14,2, en það er sá fjöldi megavattstunda sem þarf til að framleiða eitt tonn af áli.

Samningur Landsvirkjunar og Rio Tinto
– fyrir og eftir febrúarviðaukann (USD)

	Verð á MV-stund eftir viðauka	Verð á MV-stund fyrir viðauka	Raforkuverð eftir viðauka
Ef LME álverð er ≤1.800 dalir á tonnið:	30,00	39,00	-23,0%
Ef LME álverð er 2.000 dalir á tonnið:	32,95	39,00	-15,5%
Ef LME álverð er 2.500 dalir á tonnið:	40,35	39,00	3,4%
Ef LME álverð er 3.000 dalir á tonnið:	47,75	39,00	22,4%

Hafa ber í huga að 30 dala grunnur verðsins er tengdur neysluverðsvísitölu og hækkar með verðlagi í Bandaríkjunum

Sú tala leggst svo ofan á 30 dali, sem þýðir að álverið í Straumsvík er um þessar mundir að borga um 40 dali fyrir megavattstundina, sem er örlítið hærra en samningurinn kvað á um fyrir undirritun viðaukans í febrúar síðastliðnum.

Í krónum og aurum þýðir þetta að Landsvirkjun fær, miðað við núverandi álverð, um einum dal meira fyrir megavattstundina. Sé gert ráð fyrir fullum afköstum í Straumsvík þýðir það um 3,4 milljónir dala aukalega í tekjur fyrir Landsvirkjun, eða 420 milljónir króna.

Upphaflega var raforkusamningurinn milli Rio Tinto og Landsvirkjunar undirritaður árið 2010 og hefur gildistíma til 2036.

Rio Tinto vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Skynsamlegt að tengja álverði

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að fyrirtækið sé bundið af trúnaði um ákvæði og viðskiptakjör í einstökum samningum. Hann nefnir að samningar með föstu verði séu fyrsta val Landsvirkjunar þegar kemur að samningum við stórnotendur raforku. Ástæða þess er einkum að draga úr ófyrirséðum sveiflum í rekstri.

„Okkur hefur lánast að greiða hratt niður skuldir á umliðnum árum og fyrirtækið stendur mun sterkar fjárhagslega nú.

Þannig teljum við vel ásættanlegt og í raun skynsamlegt að bjóða viðskiptavinum tengingu við afurðaverð að litlum hluta. Landsvirkjun hefur lagt áherslu á að styðja við viðskiptavinina þegar á móti blæs, enda hagsmunir okkar samofnir," segir Hörður. ■

Kolefnislandamærin verst fyrir Rússland

Fyrir liggur að Evrópusambandið mun á næstu einu til tveimur árum innleiða svokölluð kolefnislandamæri (e. carbon border adjustment mechanism). Í þeim felst að hrávörur sem framleiddar eru utan aðildarríkja sambandsins fyrir atbeina mengandi raforku muni bera háa tolla.

Tilgangurinn er sá að koma í veg fyrir að sífellt strangari reglur um losun gróðurhúsalofttegunda grafi ekki undan samkeppnishæfni evrópsks frumiðnaðar. Líklegt er að þetta muni almennt styðja við evrópskan áliðnað, enda útiloka kolefnislandamærin í reynd innflutning frá allmörgum stórum framleiðendum.

Talið er að þetta muni koma illa við kínverska og rússneska álframleiðendur. Eins og sakir standa á álmarkaði um þessar mundir myndu kolefnislandamærin koma verst við Rússa, enda er útflutningur frá Kína að dragast mikið saman, bæði vegna kröftugrar innlendrar eftirspurnar en líka sökum minni framleiðslu í Kína.

Rússnesk fyrirtæki selja mikið af hrávörum til Evrópu hverra framleiðsla kallar á mikla losun gróðurhúsalofttegunda, svo sem ál, áburð, stál, og sement. Auk þess selja Rússar töluvert af jarðgasi til Evrópu í gegnum pípu sem liggur frá Vyborg í Rússlandi, eftir botni Eystrasaltsins og kemur á land í Greifswald í Þýskalandi.

Vöruviðskipti Rússlands og Evrópusambandsins hafa þó farið minnkandi að undanförnu og hafa nærri helmingast á síðustu 10 árum. Rússar halda því fram að kolefnislandamærin séu verndarstefna af verstu sort. Evrópa segir á móti að Rússar séu ekki nægilega metnaðarfullir í loftslagsmálum, en landið hefur sett sér það markmið að draga úr losun þannig að hún verði um 70 prósent af losun ársins 1990. Efnahagslíf landsins var þó í slíkum molum árið 1990 að það markmið býður upp á aukningu í losun frá því sem nú er.

Samtök álframleiðenda vilja að þrengt sé að kínverskum framleiðendum

Samtök álframleiðenda í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan sendu nýverið frá sér sameiginlega tilkynningu þar sem leiðtogar G7-landanna eru hvattir til þess að grípa til aðgerða vegna ódrengilegra viðskiptahátta á álmarkaði.

Í tilkynningunni er vísað til þess að kínverskir álframleiðendur njóti ríkisstyrkja sem nema á milli 4 og 7 prósentum af árlegri veltu þeirra, á meðan meðaltal annarra framleiðenda í þessum efnum sé 0,2 prósent.

Afleiðingin hafi verið sú að nánast öll framleiðsluaukning áls á síðustu árum hafi átt sér stað í Kína. „Umfang ríkisstyrkjanna hefur leitt framleiðsluaukningu sem er umfram eftirspurn. Verð hafa þess vegna lækkað og ógna rekstrarhæfi framleiðenda sem ekki njóta ríkisstyrkja. Skilvirk og orkunýtin framleiðsla, auk endurvinnslu, í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan getur haft meiri háttar áhrif til þess að tryggja góð störf, tryggja framboð mikilvægra hrávara og stuðla að hagkerfi sem þarfnast ekki mikillar notkunar kolefnis – þó aðeins ef alþjóðamarkaðir eru opnir, frjálsir og sanngjarnir.

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.
Snertilausar afgreiðslur.

APÓTEK LYFSALANS

Glæsibær

Vesturlandsvegur Bílaapótek - bakhlið

Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ	**Opið 8.30 - 18.00**	**Sími 517 5500**	/ glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI	**Opið 10.00 - 22.00**	**Sími 516 5500**	/ vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI	**Opið 9.00 - 18.00**	**Sími 516 5505**	/ urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Einsleitni ferðamanna þessa dagana veldur því að sum fyrirtæki ná ekki að grípa tækifærið.

Vöxtur í bókunum gefur góð fyrirheit

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh
@frettabladid.is

Ferðaþjónustan finnur fyrir töluverðum vexti í bókunum frá Bandaríkjunum. Ákvörðun um að hleypa inn bólusettum skipti sköpum. Dvelja lengur og verja meiru. Tekjum af ferðamönnunum nokkuð misskipt þar sem lítið er um hópferðir.

Mörg ferðaþjónustufyrirtæki hafa fundið fyrir töluverðum vexti í bókunum á undanförnum vikum og þá aðallega frá Bandaríkjunum. Merki eru um að Bandaríkjamennirnir dvelji lengur á landinu og verji meiru í afþreyingu en vaninn er.

„Við getum með góðri samvisku sagt að þetta líti töluvert betur út en við áttum von á fyrir tveimur mánuðum síðan," segir Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Fjölgun ferðamanna má rekja til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að taka gild bólusetningarvottorð farþega sem koma til landsins frá ríkjum utan Schengen. Jóhannes segir að Ísland hafi notið góðs af því að vera fyrst Evrópuríkja til að opna fyrir ferðalög bólusettra Bandaríkjamanna.

> **Þessi hópur Bandaríkjamanna virðist dvelja lengur og kaupa meiri afþreyingu en við erum vön.**

Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Bandaríski markaðurinn hefur tekið vel við sér. Þessi ákvörðun hefur í raun flýtt komu ferðamanna um tvo mánuði. Í Evrópu er faraldurinn enn í útbreiðslu og fólk byrjar líklega ekki að ferðast fyrr en seinni hluta sumars."

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og hagspá Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir að fjöldi ferðamanna muni nema um 700 þúsundum á þessu ári. „Við getum leyft okkur að vera bjartsýn á að þetta viðmið náist," segir Jóhannes.

Í nýjustu hagspá hagfræðideildar Landsbankans er hins vegar gert ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna á árinu verði um 800 þúsund.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures sem er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins, segir að horfurnar séu mun betri nú en þær voru í byrjun apríl.

„Það er alveg ljóst að ákvörðunin um að taka á móti bólusettum Bandaríkjamönnum hefur haft mjög jákvæð áhrif. Um leið sáum við bókanir byrja að tikka inn. Þeim fjölgar jafnt og þétt þannig að hver vika er betri en sú fyrri," segir Styrmir.

> **800**
> **Ferðamenn á þessu ári verða 800 þúsund talsins samkvæmt nýrri hagspá Landsbankans.**

Davið Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, segir að bókanir hafi borist frá Bandaríkjunum, en hann bendir á að þær séu aðeins lítið brot af því sem áður var.

„Í Reykjavík er staðan sú að við erum með aðeins eitt af sex hótelum opið og aðrar hótelkeðjur hafa líklega svipaða sögu að segja. Hugsanlega skapast graundvöllur fyrir því að opna fleiri hótel til viðbótar síðsumars eða í haust. Það eru allir að feta ákveðinn línudans," segir Davíð.

Síðasta sumar höfðu ferðaþjónustufyrirtæki tekjur af íslenskum ferðamönnum sem ferðuðust innanlands að langmestu leyti. Davíð segir heilmikið fjör í bókunum Íslendinga en að hann eigi ekki von á alveg jafnmikilli eftirspurn frá Íslendingum í sumar.

„Það er búið að bólusetja stóran hluta þjóðarinnar og maður les í fréttum að margir ætli út í sumar. Við höfum fengið töluvert af bókunum frá Íslendingum fyrir sumarið en þetta verður örlítið lágstemmdara en í fyrra," segir Davíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

Útivist

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 19. maí 2021

Kynningar: Cintamani, Ferðafélag Íslands.

Litríka Cintamani

Útivistarfatnaður Cintamani er í miklu dálæti hjá náttúruunnendum og útivistarfólki. Þá gildir einu hvort úti sé blíð sumarsól, svali eða fimbulkuldi: Cintamani hefur alltaf svarið. **2**

Þóra Ragnarsdóttir hjá Cintamani.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þóra Ragnarsdóttir er útivistarkona og yfirhönnuður Cintamani. Hún segir litríka Cintamani vera að koma til baka. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Cintamani pollafötin hafa notið mikilla vinsælda á smáfólkið, enda fádæma góð í hvers kyns votviðri, litrík, falleg og endingargóð. **MYNDIR/AÐSENDAR**

Maður er vel búinn í hvaða útivist sem er í göngubuxunum Trausta sem eru léttar og liprar og flíspeysunni Þoku sem er úr einstaklega mjúku flísefni.

„Í gegnum árin hefur Cintamani hannað og framleitt hágæða útivistarfatnað sem Íslendingar elska. Það mun ekki breytast," segir Þóra Ragnarsdóttir, yfirhönnuður Cintamani.

Þóra vann hjá Cintamani á árabilinu 2006 til 2016 og þekkir því sögu vörumerkisins nokkuð vel.

„Litríka Cintamani er að koma til baka. Við höfum sótt svolítið í gamlar glæður og glæðum þær nýju lífi. Litadýrð einkenndi vörumerkið í langan tíma og við förum að sjá það aftur í haust og svo enn frekar á næsta ári," upplýsir Þóra.

Frá núll upp í hundrað ára

Þessi dægrin er Þóra að vinna í Cintamani-línunni fyrir árið 2022.

„Við erum að ákveða hvaða traustu stílar fá að lifa áfram og hvaða nýju stílum við viljum bæta inn í, ásamt því að velja liti sem er alveg ótrúlega skemmtilegt og spennandi," segir Þóra sem hannar fatnað og fylgihluti Cintamani ár fram í tímann.

„Mig klæjar í fingurna að fá þessa liti strax inn en þróunin tekur sinn tíma. Við hönnum allar okkar vörur frá grunni og leggjum mikið upp úr góðum sniðum og miklum gæðum. Útivistarfatnaður er enda mikil fjárfesting og því þarf hann að endast og reynast vel," segir Þóra.

Cintamani á í frábæru samstarfi við útivistarfólk sem prófar útivistarfatnaðinn við allar aðstæður.

„Við þróum flíkur Cintamani með þarfir útivistarfólksins í huga," segir Þóra. „Útkoman úr því góða samstarfi er gæða útivistarfatnaður fyrir alla fjölskylduna, allt frá núll upp í hundrað ára. Það er svo heilsueflandi fyrir líkama og sál að vera úti við og hreyfa sig, hversu lítið eða mikið sem það er, og til að njóta sín í botn er nauðsynlegt að eiga gæða fatnað sem hlífir okkur vel fyrir veðri og vindum."

Ísland er leiksvæðið

Þóra sjálf er iðin í útivist og hreyfingu.

„Mér líður hvergi betur en úti í náttúrunni og finn mér allar ástæður til að viðra mig, hvort sem ég er hlaupandi, gangandi, hjólandi, skíðandi, prílandi á fjöll, í golfi eða bara liggjandi í laut að njóta. Allar árstíðir hafa sinn sjarma og þá skiptir máli að vera rétt búin, hvort sem það er vetur, sumar, vor eða haust."

Hún segir hrein forréttindi að búa á Íslandi og njóta alls þess undurs og fegurðar sem landið hefur að bjóða.

„Að hafa allt þetta leiksvæði sem landið okkar er og oft þarf ekki að leita langt yfir skammt þar sem það er nóg að fara rétt út fyrir bæjarmörkin til að nærast."

Dúnvestið Lægi er frábær ferðafélagi sem hentar öllum kynjum.

Framtíðin er björt

Hópurinn sem nú vinnur í Cintamani er samhentur.

„Við erum einstaklega dugleg að gera eitthvað saman, fara í göngur og slíkt, og þá gefst frábært tækifæri til að prófa nýjan útivistarfatnað. Við leggjum mikið upp úr því að þekkja viðskiptavini okkar, og vörur Cintamani endurspegla það sem markaðurinn vill hverju sinni. Stundum kvikna hugmyndir á göngu með samstarfsfólkinu, nú eða eftir samræður við viðskiptavini í versluninni," segir Þóra, og framtíð Cintamani er björt.

„Cintamani á yfir þrjátíu ára sögu sem við erum enn á fullu að skrifa," segir Þóra. „Vörumerkið stendur á traustum grunni sem margt gott fólk hefur lagt vinnu í og við hlökkum til að halda áfram að styrkja Cintamani enn frekar og fá tækifæri til að skrifa söguna áfram." ■

Cintamani er í Austurhrauni 3 í Garðabæ. Sími 533 3800. Skoðaðu þig um í vefverslun Cintamani, á cintamani.is

Útgefandi: Torg ehf. | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652. | **Veffang:** frettabladid.is

KEEN sandalar fyrir sumarið

Venice ♀
Lokað hælband og tá

16.990 kr.

Stingum af ...

Venice H2 ♀
Lokað hælband og tá

17.990 kr.

Venice II H2 ♀
Stillanlegt hælband, lokuð tá

15.990 kr.

Elle Backstrap ♀
Úr endurunnum efnum

14.990 kr.

Clearwater CNX ♀
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

Terradora II ♀
Léttir, stillanlegir við ökkla og tær

15.990 kr.

Newport ♂
Gott grip, lokuð tá

20.990 kr.

Newport H2 ♂
Lokað hælband, lokuð tá

18.990 kr.

Targhee Open Toe Sandal ♂
Stillanlegur á 3 stöðum

16.990 kr.

Clearwater CNX ♂
Léttir, lokuð tá

16.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opið virka daga 10:30-18 og laugardaga 11-15

Gera öllum kleift að skoða landið

Ferðafélag Íslands stendur fyrir fjölbreyttum ferðum um landið allan ársins hring. Markmiðið er að hvetja fólk til að ferðast um Ísland og bjóða upp á ferðir fyrir alla aldurshópa. Ferðir félagsins njóta mikilla vinsælda og er mikið bókað í ferðir í sumar.

Heiðrún Meldal, ferðafulltrúi FÍ, segir að ferðir félagsins séu mjög vinsælar og félagið sé mjög ánægt með viðtökurnar, en bætt hefur verið við ferðum á vinsælustu staðina til að anna eftirspurn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ferðafélag Íslands var stofnað árið 1927 af áhugafólki um útivist. Félagið setur saman fjölbreyttar ferðir um landið og hlutverk þess er að hvetja fólk til þess að ferðast um landið og upplifa það, ýta undir lýðheilsu og gera fólki kleift að njóta útivistar í góðum félagsskap.

„Það hefur gengið gífurlega vel að bóka í ferðir og það er klárt mál að landinn ætlar að ferðast innanlands í sumar," segir Heiðrún Meldal, ferðafulltrúi FÍ. „Það sama gilti um ferðirnar okkar í vetur, þær voru flestar vel bókaðar. Við erum mjög ánægð með viðtökurnar og höfum verið að bæta við ferðum á vinsælustu staðina til að anna eftirspurn.

Við ferðumst vítt og breitt um landið og bjóðum upp á mjög fjölbreyttar ferðir. Við bjóðum upp á rútuferðir, styttri og lengri gönguferðir, hjólaferðir, hlaupaferðir, tjaldferðir, skíðaferðir, svo nokkuð sé nefnt," segir Heiðrún. „Það er misjafnt hvernig gistingu er háttað í ferðunum okkar, við gistum í öllu frá tjöldum til þægilegra hótela, en við gistum oftast í skálum félagsins."

Nýjar ferðir á boðstólum

„Vinsælustu ferðirnar okkar eru margar uppseldar, en við reynum að koma til móts við eftirspurnina með því að bæta við fleiri ferðum og setja inn nýjar ferðir. Þetta eru ferðir til dæmis á Hornstrandir, Laugaveginn, Kverkfjöll og Herðubreið og Lónsöræfi," segir Heiðrún. „Dæmi um nýjar ferðir hjá félaginu eru til dæmis bækistöðvaferð í Hvanngili, tjaldferð í Núpstaðarskóg, lengri jöklaferðir og hjólaferðirnar svo eitthvað sé talið upp.

Dæmi um nýja dagsferð í ferðaáætlun okkar er „Matarbúr Eyvindar". Það er rútuferð með þægilegri göngu að matarbúri Fjalla-Eyvindar, sem hann hlóð og stendur enn," segir Heiðrún. „Síðan er eru þrjár ferðir í samstarfi við Landvernd þetta sumarið, þetta eru ferðir á Reykjanesið, í Hagavatn og helgarferð að Lakagígum og Hverfisfljóti.

Ferðafélagið er með ferðir fyrir eldri og heldri. Það eru oftast rútuferðir, því stór hluti þessa hóps vill minni göngu. Þetta eru til dæmis dagsferðir inn á Fjallabak og inn í Þórsmörk," segir Heiðrún. „Við erum líka með óvissuferð sem hefur verið gífurlega vinsæl hjá þessum hópi. Við segjum aldrei neitt um hvert verður farið, fólk sem bókar fær bara að vita hvað það á að taka með. Svo kemur í ljós þegar það kemur í rútuna hvert á að fara. Þetta er alltaf helgarferð og það er gist í eina nótt.

Við verðum líka með hlaupaferð um Laugaveginn í ágúst og þá er gist í Hvanngili og í Þórsmörk og svo verðum við einnig með kvennaferð um Laugaveginn," segir Heiðrún.

Ferðir fyrir alla aldurshópa

„Ferðafélag barnanna er líka gífurlega öflugt og næstum allar þær ferðir eru fullbókaðar, en við bættum við tveimur ferðum um Laugaveginn, svo þær eru nú fimm," segir Heiðrún. „Það var líka einni þrælskemmtilegri ferð bætt við í fyrra, sem heitir Veiði á Vatnaleiðinni. Þetta er þægileg ferð sem er farin 17. júní og varir í þrjá daga. Það er farið frá Bifröst í Borgarfirði og gengið frá Hreðavatni að Langavatni og dvalið í skála á Torfhvalastöðum. Þar erum við að veiða og sigla kajak, ásamt því að fara í göngur og leiki. Þetta er skemmtileg ferð fyrir yngri börnin.

Vinsælustu ferðir félagsins eru margar uppseldar og því hefur verið bætt við ferðum á vinsælar náttúruperlur eins og Hornstrandir. MYND/AÐSEND

Hjá ferðafélaginu er hægt að komast í fjölbreyttar ferðir um náttúru Íslands og njóta þess að ferðast um landið og upplifa það. MYND/AÐSEND

Okkar markmið er að bjóða upp á ferðir fyrir alla aldurshópa. Ferðafélag barnanna er gífurlega vinsælt og í fyrra fórum við af stað með gönguverkefni fyrir eldra fólk," segir Heiðrún. „Árið 2015 stofnuðum við líka Ferðafélag unga fólksins, sem er fyrir 18-25 ára, og við erum að byggja það upp."

> **Okkar markmið er að bjóða upp á ferðir fyrir alla aldurshópa. Ferðafélag barnanna er gífurlega vinsælt og í fyrra fórum við af stað með göngu-hópa fyrir eldra fólk. Árið 2015 stofnuðum við líka Ferðafélag unga fólksins.**

Árbókarferð og toppaferðir vinsælar

„Önnur mjög vinsæl og skemmtileg hefð hjá okkur er árbókarferðin. Ferðafélagið hefur gefið út árbók á hverju ári frá stofnun þess og bókinni er alltaf fylgt eftir með ferð á slóðir hennar undir leiðsögn höfundarins," segir Heiðrún. „Í ár er árbókin um Laugaveg og Fimmvörðuháls og það verður rútuferð sem verður leidd af höfundi árbókarinnar, Ólafi Erni Haraldssyni. Það verður farið í Landmannalaugar um Fjallabaksleið, þaðan ekið yfir Pokahryggi og gist í Hvanngili. Daginn eftir er farið að Emstrum og Markarfljótsgljúfrið skoðað, áður en haldið er niður í Þórsmörk og gist í skálanum í Langadal.

Aðalferðirnar hjá okkur akkúrat núna í maí eru á toppa eins og Hvannadalshnjúk, Hrútsfjallstinda, Birnudalstind og tinda í Suðursveitum og Öræfajökli. Þetta eru mjög vinsælar ferðir og það er þegar orðið fullt í ferðirnar á Hvannadalshnjúk og Hrútsfjallstinda," segir Heiðrún.

Námskeið, gisting og bækur í boði

„Fyrir utan allar ferðirnar bjóðum við líka upp á alls konar námskeið á vorin, sem er tilvalið fyrir fólk að fara á áður en það heldur af stað út í óbyggðirnar," segir Heiðrún. „Við erum með GPS-námskeið, snjóflóðanámskeið, skyndihjálparnámskeið og námskeiðin „Ferðamennska og rötun" og „Þverun straumvatna". Þessi námskeið gefa afskaplega gagnlegan grunn fyrir ferðalög um landið.

Við seljum einnig gistingu í skálunum okkar í gegnum vefinn okkar og í netversluninni okkar er hægt að fá alls kyns göngurit, sem og flestar árbækur frá stofnun félagsins," segir Heiðrún að lokum. ■

Hjólaferðir um hálendið er ein nýjung hjá Ferðafélaginu. MYND/AÐSEND

ÁRBÓK FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

FÉLAGSSKÍRTEINI

Í ár verður í fyrsta skipti hægt að fá félagsskírteini FÍ á rafrænu formi. Hafi félagi áhuga á slíku, þarf að senda póst á fi@fi.is með upplýsingum um kennitölu, heimilisfang og netfang. Innan viku eftir að gengið hefur verið frá greiðslu árgjalds, fær viðkomandi sendan tölvupóst frá passi@passi.is. Í tölvupóstinum er hægt að nálgast leiðbeiningar sem skýra hvernig rafræna skírteinið er virkjað en þær eru einnig að finna á heimasíðu félagsins, www.fi.is.

LAUGAVEGURINN OG FIMMVÖRÐUHÁLS

Árbók Ferðafélags Íslands kemur nú út í 94. skipti. Ólafur Örn Haraldsson, höfundur bókarinnar, samdi árbók fyrir ellefu árum um Friðland að Fjallabaki. Nú hefur hann bætt um betur og fjallar hér um gönguleiðina frá Landmannalaugum til Þórsmerkur og áfram suður yfir Fimmvörðuháls ásamt aðliggjandi svæðum. Undanfarna áratugi hafa fáar gönguleiðir notið jafn mikilla vinsælda meðal ferðamanna. Auk Ólafs rita sex sérfræðingar á Náttúrufræðistofnun Íslands sérstakan kafla um náttúrufar svæðisins. Ýmsir gamalreyndir göngumenn og fjölfróðir fjallmenn lögðu verkinu einnig lið.

Ólafur Örn hefur mikla reynslu af ferðalögum innan lands sem utan, Hann sat á alþingi 1995–2003 og var þjóðgarðsvörður á Þingvöllum 2010–2017. Ferðafélagsfólki er Ólafur Örn ekki síst að góðu kunnur sem forseti félagsins en því embætti hefur hann gegnt síðan 2004.

Bókin er 263 blaðsíður með ríflega 200 ljósmyndum og 18 uppdráttum. Guðmundur Ó. Ingvarsson teiknaði kortin og Daníel Bergmann tók langflestar ljósmyndirnar en einn og hálfur tugur annarra ljósmyndara á myndir í bókinni. Daníel ritar auk þess hugleiðingar um fuglalífið á svæðinu. Heimildaskrá ásamt örnefna- og mannanafnaskrám auka verulega notagildi verksins sem er litprentað frá upphafi til enda.

Ritstjóri árbókarinnar er Gísli Már Gíslason og ritnefnd skipa auk hans Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Kvaran sem bæði hafa lagt árbókum Ferðafélagsins lið í áratugi.

Árbækur Ferðafélags Íslands hafa komið út án uppstyttu síðan 1928. Í hverri bók er oftast lýsing á afmörkuðu svæði og sögulegur og þjóðlegur fróðleikur tengdur því. Nær nú efni bókanna um landið allt, víða í annað eða jafnvel þriðja sinn. Árbækurnar eru því yfirgripsmikil Íslandslýsing á meira en fimmtán þúsund blaðsíðum.

Í bókarlok er greint frá starfi félagsins og deildanna á landsbyggðinni á síðasta ári.

Meðfylgjandi er greiðsluseðill fyrir árgjaldi Ferðafélagsins sem er n.nnn krónur. Árbókinni verður á næstu dögum dreift til félagsmanna sem greitt hafa árgjaldið.

Með góðri kveðju, Ferðafélag Íslands

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Ómissandi ferðafélagar



Á vel heima í bústaðnum

Þessar frábæru bækur eru komnar aftur og eiga sannarlega erindi með í ferðalög landans í sumar.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**

Vala og Hafdís hafa gist í tjaldi eina nótt í mánuði í heilt ár eða frá því í apríl í fyrra. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Maður gleymir bara öllu öðru

Þær Valgerður Húnbogadóttir og Hafdís Huld Björnsdóttir hafa gist eina nótt í tjaldi í hverjum mánuði í heilt ár. Þær hafa sett sér það markmið ásamt þremur vinkonum sínum að halda áfram út árið.

sandragudrun@frettabladid.is

Ferðirnar kalla vinkonurnar örævintýri. Þær eyða einu kvöldi saman eftir vinnu á föstudegi og eru komnar heim í hádeginu á laugardegi. **MYND/AÐSEND**

Valgerður, sem kölluð er Vala, segir að upphaf útileguhópsins hafi verið það að hún flutti heim til Íslands eftir 10 ára búsetu erlendis. Hún hafði stundað vetrarútilegur í Noregi og langaði að halda því áfram.

„En þegar ég kom heim fyrir þremur árum fann ég fyrir einmanatilfinningu. Það voru engir að stunda svona útivist að mér vitandi. Ég þótti bara skrýtin þegar ég var að segja fólki frá þessu og reyna að fá einhvern með mér í þetta," segir hún.

„En svo skráði ég mig á námskeið hjá Vilborgu Örnu og þá kynntist ég stelpunum sem eru með mér í þessum útinóttum í dag. Ég ákvað að prófa að bjóða þeim með mér í útilegu í apríl í fyrra og þær voru bara til. Svo í október ákvað ég að bjóða þeim í útilegu-afmæli og það gekk alveg þrusuvel. Það var líka eina leiðin til að halda upp á afmæli í Covid. Við vorum allar bara einar í tjaldi. Eftir þessa útilegu varð ekki aftur snúið og fleiri og fleiri vildu koma með."

Vala og Hafdís hafa gist í tjaldi eina nótt í mánuði síðan í apríl í fyrra en í lok ársins bættust þær Hafrún Dögg Hilmarsdóttir, Inga Hrönn Sveinsdóttir og Rannveig Anna Guðmundsdóttir við hópinn, svo þær eru fimm sem stefna að því að halda áfram út árið.

Aðspurðar að því hvernig gengur að halda á sér hita segir Vala að það hafi verið með ráðum gert að byrja í apríl.

„Það var til að geta lokkað þær smám saman með mér inn í veturinn. Í upphafi voru flestar í hópnum ekkert vel búnar. Ég var að lána þeim mínar græjur og versla í matinn og elda fyrir þær. En núna eru þær margar komnar með miklu flottari græjur en ég og komnar fram úr mér á mörgum sviðum," segir hún.

„Það sem ég fæ kannski mest út úr þessu er að takast á við áskoranir og finna lausnir. Að fara kannski fyrst í svefnpokann minn og átta mig á að hann er of kaldur og ég þarf að gera eitthvað. Þá þarf ég að finna lausn. Þarf ég að hafa ullarteppi undir, aðra dýnu eða annan poka? Mér er minnisstætt að Rannveig sem er með okkur í hópnum sagðist oft sjóða vatn og setja í plastflösku og hafa ofan í svefnpokanum. Ég hugsaði bara: Iss, ég þarf þess ekkert, það er bara kjánalegt. En svo prufaði ég og það var bara allt annað líf. Allt ferlið er bara að prufa, finna lausnir og læra og fyrirbyggja að manni verði kalt aftur. Ég tek til dæmis oft með mér ullarteppi. Þetta snýst ekkert endilega um að kaupa nýjan búnað heldur hugsa hvað á ég til og hvernig get ég nýtt það," segir Hafdís og Vala bætir við:

„Við förum alltaf yfir það í hverri ferð hvernig gekk og hvað hefði mátt fara betur. Þannig að við erum í raun bara að læra smám saman. Við köllum þetta útináttaverkefni, örævintýri. Þetta er eitthvað sem við getum gert eftir vinnu á föstudegi og við erum komnar heim til fjölskyldunnar okkar um hádegi á laugardegi. Við erum bara smám saman að byggja upp þekkingu og reynslu fyrir komandi, stærri ævintýri í framtíðinni."

Best að byrja rólega

Þegar vinkonurnar tjalda að vetri til keyra þær bara stuttan spöl út fyrir borgarmörkin og reyna að tjalda á stöðum þar sem er ekkert netsamband.

„Þegar við erum í þessum aðstæðum þá erum við lausar við allt utanaðkomandi áreiti. Það koma alltaf upp einhver vandamál sem við þurfum bara að leysa úr sjálfar. Við erum úti í náttúrunni, það er ekkert net, ekkert sjónvarp, engin börn, engin vinna eða yfirmaður að hafa samband og biðja mann að leysa úr verkefni. Það er bara slökkt á símanum. Samtölin verða þess vegna svo einlæg. Við kynnumst á allt annan hátt en við myndum annars," segir Vala.

„Það er eitthvað svo magnað við það að vera í hlýjum og góðum svefnpoka með vinkonum sínum og hlusta á rigninguna. Maður gleymir bara öllu öðru," bætir Hafdís við.

Hafdís segir að ef fólk hafi áhuga á að prófa að gista úti í tjaldi að vetri til þurfi alltaf að passa upp á öryggið. Byrja til dæmis á að fara bara eitthvað stutt eins og bara út í garð.

„Ég var í sóttkví um daginn þegar stelpurnar fóru í útilegu svo ég var bara í tjaldi úti í garði á sama tíma. Það er sniðugt að byrja úti í garði og passa að fara aldrei eitthvert þar sem er símasambandslaust, nema vera með öryggisbúnað til þess. Við erum til dæmis með GPS-tæki svo við getum alltaf kallað til björgunarsveit eða vini ef við þurfum á því að halda," segir hún.

Vala segir að fyrir þremur árum síðan hafi hún ekki séð fram á að geta stundað vetrarútilegur á Íslandi af því hún vildi ekki gera það ein. Núna segir hún að fólk stoppi hana stundum á förnum vegi og spyrji hvort hún sé ekki fjallastelpan sem er alltaf í útilegu og spyr hvort það megi vera með.

„Vala er stofnandi Fjallastelpna á Facebook og þar er mikil umræða um þetta," skýtur Hafdís inn.

„Það eru virkilega margir sem vilja prófa þetta en það er eitthvað sem stoppar. En ef mann virkilega langar þá geta þetta allir," bætir hún við.

„Við ákváðum að byrja að nota myllumerkið útinætur 2021 til að deila hugmyndum, við vildum líka hvetja aðrar konur sem stunda þetta til að nota myllumerkið og þá getum við lært af þeim," segir Vala og Hafdís bætir við.

„Mér finnst svo einstakt og magnað að við höfum náð að skapa þetta saman. Við settum okkur markmið að gera þetta út árið og þetta er framarlega í forgangsröðinni. Við ákveðum dagsetninguna tiltölulega snemma og ef einhver kemst ekki þá þarf að finna lausn á því. Eins og þegar ég var í sóttkví þá mátti ég lagalega ekki gera neitt annað en tjalda úti í garði, svo ég bara gerði það." ■

Gakktu lengra – klífðu hærra með OsteoStrong

Útivistar á Íslandi verður best notið með öruggum undirbúningi, áreiðanlegum búnaði og í góðum félagsskap. Undirbúningurinn felst ekki síst í því að æfa sig fyrir viðeigandi hreyfingu og líða vel í eigin líkama. Til þess að flýta fyrir góðum árangri og minnka líkur á meiðslum hefur OsteoStrong reynst fjölda fólks einstaklega vel.

Með tíu mínútna ástundun, einu sinni í viku, tekst meðlimum OsteoStrong að auka styrk sinn og jafnvægi hraðar en annars staðar án þess að finna fyrir harðsperrum eða öðrum fylgifiskum. Meðlimir auka styrk vöðva, beina, sina og liðbanda umtalsvert auk þess að losa sig við verki. Sérhæfð tæki bjóða notendum að nýta vöðva í hámarks aflstöðu.

Njóttu útiveru til fulls

„Það er svo gaman að fylgjast með fólki á vorin og sumrin. Þá haldast von og vor í hendur og allir svo spenntir að takast á við spennandi verkefni úti við, hvort sem það er að klífa fjall, hjóla, spila golf eða synda í sjónum. Við vitum hins vegar að það getur verið erfitt að komast almennilega af stað eða að fólk finnur mikið fyrir átökunum í kroppnum daginn eftir. Þar getur OsteoStrong hjálpað verulega til. Við viljum endilega styrkja fólk í því að njóta íslenska sumarsins sem best. Það langar engan að vera bundinn inni á sumrin og því er heppilegt að heimsókn í OsteoStrong tekur í heildina um 20 mínútur einu sinni í viku og þá fær fólk enn meira út úr útiverunni og hreyfingunni," segir Svanlaug Jóhannsdóttir, annar eigandi OsteoStrong, og bætir við að þau leggi áherslu á gott viðmót og notalegt umhverfi. „Við erum mjög stolt þegar við heyrum það út undan okkur að það hafi tekist."

Flestir geta nýtt sér það sem OsteoStrong býður upp á, fólk á öllum aldri óháð líkamlegri getu.

Meðlimir geta átt von á að:

- Auka styrk
- Minnka verki í baki og liðamótum
- Minnka líkur á álagsmeiðslum
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni

73% sterkari á ári

„Enginn annar möguleiki sem við þekkjum býður upp á svona mikinn styrk á jafn stuttum æfingatíma," segir Örn Helgason, hinn eigandi OsteoStrong. „Athuganir á árangri meðlima sýna að þeir eru að meðaltali að styrkja sig um 73% á ári."

Hvetjandi upplýsingar

„Notendur gera æfingar undir handleiðslu þjálfara í fjórum tækjum sem reyna á allan líkamann," segir Svanlaug. „Munurinn á venjulegum líkamsræktartækjum og þessum er að hreyfingin er örlítil og hefst þar sem útlimirnir eru nær full útréttir. Tækin veita mótstöðu sem síeykst eftir því sem notandinn reynir meira á sig. Það þarf aðeins örstutt átak, eða um 15 sekúndur, fyrir hverja æfingu. Þá hefur líkaminn fengið skýr skilaboð um að þörf sé á uppbyggingu og hefst handa við að styrkja vöðva, liðbönd og sinar ásamt því að þétta bein."

Þegar notandi stígur á tækið ber hann kort með örflögu upp að skjánum og tækið stillir sig í rétta stöðu fyrir viðkomandi, að sögn Svanlaugar. „Notandinn sér á skjánum hver árangurinn var þegar hann hóf fyrst notkun á tækjunum, hver besti árangurinn er og hver síðasti árangur var í kílóum. Þessar upplýsingar eru sérlega hvetjandi til þess að gera betur í hvert sinn sem notandi æfir."

Lísbet Grímsdóttir lífeindafræðingur hefur sett sér markmið um að ganga 7 kílómetra á dag en hún fagnar sjötíu ára afmæli á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nær sjötug og ætlar að ganga 2.554 kílómetra

Þegar ég fór í prufutíma hjá OsteoStrong fyrir sléttum tveimur árum var ég með smá verk í baki og hné sem ég hafði fundið fyrir af og til, sérstaklega eftir áreynslu. Þann sama dag fór ég í fjallgöngu. Þar sem ég var verkjalaus um kvöldið og næsta morgun, ákvað ég strax að fá mér árskort. Á þessum tveimur árum sem liðin eru hef ég fundið jafnt og þétt að ástundun hjá OsteoStrong gefur mér meiri orku og kraft, jafnvægið hefur sjaldan verið betra sem er nauðsynlegt, sérstaklega þegar aldur færist yfir.

Ég verð sjötug á þessu ári og af því tilefni hef ég sett mér það markmið að ganga 2.554 km eða um það bil 7 km á dag. Þetta mun mér takast vel og það sem ég fæ út úr því að mæta í OsteoStrong vikulega hjálpar vissulega. Sú orka, kraftur og jafnvægi sem hér fæst skapar vellíðan sem er mikils virði. Starfsmenn stöðvarinnar taka á móti öllum með hlýju, fagmennsku og virðingu. Ég er afar þakklát fyrir OsteoStrong og verð hér svo lengi sem ég get.

Lísbet Grímsdóttir, lífeindafræðingur, náttúruunnandi, göngumaður

Hjónin Örn og Svanlaug eru eigendur OsteoStrong sem flutti nýlega í Hátún.

Frír prufutími

„Við bjóðum upp á fría prufutíma fyrir alla. Þetta er ný hugmynd og það er gaman að geta sýnt fólki hvað við gerum. Flestir koma til okkar með margar spurningar en fara frá okkur spenntir, glaðir og með skýra sýn á það hvernig OsteoStrong getur hjálpað þeim," segir Örn.

Betra jafnvægi

„Fólk sér fyrst mun á jafnvæginu. Eftir aðeins fimm skipti er fólk að meðaltali búið að bæta það um 77%. Fyrir suma þýðir það að þeir eru betri í golfi, eða stöðugri í fjallgöngu. Fyrir aðra þýðir þetta að þeir geta sleppt göngugrindinni, eða átt auðveldara með að ganga," segir Örn.

Reddaði lúxuskokki á Hornstrandir

„Við Örn höfum gert svo margt skemmtilegt saman tengt útivist. Vorið áður en að við kynntumst hafði ég skráð mig í göngu á Hornstrandir með einstaklega skemmtilegum hópi. Ég tók að mér að sjá um kostinn marga mánuði fram í tímann – en ég hef engan skilning á eldamennsku og var ekki alveg búin að sjá hvernig ég myndi redda því. Svo kynnist ég Erni og það kemur í ljós að hann er listakokkur. Hann var meira en til í að koma með í gönguna og redda mér í þessum vandræðum þannig að við burðuðumst með alls kyns gúmmelaði í gönguna, til dæmis ferska lúðu. Ég hafði frekar hugsað núðlusúpu og kex en með Erni eru allar máltíðir fimm stjörnu," segir Svana og hlakkar sérstaklega til þess að komast loksins í Ódáðahraun á þessu ári. ■

Nýi salurinn er rúmgóður og hentar vel fyrir reksturinn.

Með tíu mínútna ástundun, einu sinni í viku, tekst meðlimum OsteoStrong að auka styrk sinn og jafnvægi hraðar en annars staðar án þess að finna fyrir harðsperrum eða öðrum fylgifiskum.

Frekari upplýsingar má fá á osteostrong.is og í síma 419 9200 OsteoStrong er í Hátúni 12.

Ganga 154 kílómetra í minningu látinnar systur

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Inga Geirsdóttir og fjölskylda hennar eru búsett í Skotlandi. Þau eru að leggja af stað í áheitagöngu fyrir Göngum saman á morgun. Með því vilja þau leggja sitt af mörkum, en yngsta systir Ingu lést úr brjóstakrabbameini aðeins 47 ára.

Inga segir að brjóstakrabbamein sé algengt í sinni ætt. „Fyrir þremur árum, eða þann 21. apríl 2019, lést yngsta systir mín Iðunn Geirsdóttir úr þessu krabbameini, aðeins 47 ára, eftir margra ára baráttu. Iðunn hefði orðið 50 ára á þessu ári. Af því tilefni langar okkur fjölskylduna hjá Skotgöngu að leggja okkar af mörkum með því að safna fé til styrktar Göngum saman, en það félag var Iðunni mjög kært," útskýrir Inga.

„Göngum saman er styrktarfélag sem hefur það markmið að styrkja grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini – en þær eru forsenda þess að lækning finnist í framtíðinni. Félagið leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar bæði til heilsueflingar og til að afla fjár í styrktarsjóð félagsins. Við ætlum því í samræmi við áherslur Göngum saman að hreyfa okkur og safna um leið fé fyrir félagið í rannsóknasjóðinn," segir hún.

Líka gengið á Íslandi

Gangan hefst á morgun, en það eru Inga, eiginmaður hennar Snorri Guðmundsson og dóttir Margrét sem leggja þá land undir fót. „Við vitum að margir hefðu viljað koma með okkur en vegna Covid þá ákváðum við að fara í þessa ferð þrjú, enda öll búsett í Skotlandi. Aftur á móti verða göngur á Íslandi líka til heiðurs Iðunni, frændfólk og vinir okkar á Hvammstanga ætla að ganga Vatnsneshringinn þessa sömu daga og eru það ca. 90 km. Eins verða Göngum saman á Akureyri með göngu á annan í hvítasunnu, en þau ætla að ganga frá Reykjahlíð að Hverfjalli sem er um 10 km ganga," segir Inga.

Vinsælasta gönguleið Skotlands

Þegar Inga er spurð hvert gangan liggur, svarar hún. „Við, Skotgöngufjölskyldan, ætlum að ganga eina vinsælustu gönguleið Skotlands: West Highland Way. Þetta er 154 km gönguleið sem liggur milli Milngavie í útjaðri Glasgow og Fort William, sem er höfuðstaður útivistar í hálöndum Skotlands. Við höfum gengið þessa leið margoft með hundruðum manna í okkar starfi. Með hópum höfum við gengið leiðina á 7 dögum, en í ár ætlum við til heiðurs Iðunni að ganga þessa leið á 4 dögum," upplýsir hún.

Inga ásamt Kristínu, systur sinni, og eiginmanninum Snorra árið 2018 við enda Loch Lomond á West Highland Way. „Við vorum með hóp sem kallast Skokkhópur Árna og komu þau með okkur fyrri hluta leiðarinnar og ætluðu að koma og klára árið 2020 en þá kom Covid." MYND/AÐSEND

Hluti steinanna sem verður dreift á göngunni til minningar um Iðunni.

Merking á leiðinni þar sem fjölskyldan ætlar að ganga.

Inga til vinstri ásamt systur sinni Iðunni á Tenerife árið 2015, en ferðin var farin til að byggja hana upp eftir erfiða meðferð.

Inga hefur lengi boðið Íslendingum upp á gönguferðir í Skotlandi. Þær hafa legið niðri vegna Covid. „Við verðum með ferðir í ágúst og í haust en fylgjumst með gangi mála hvað varðar ferðatakmarkanir og ferðalög og metum stöðuna út frá leiðbeiningum sóttvarnalæknis og Embættis landlæknis. Þær ferðir sem þarf að fella niður vegna Covid munu verða færðar á nýjar dagsetningar. En við erum bjartsýn á að komast aftur af stað með aukinni bólusetningu. Við höfum ekki farið í neinar ferðir síðan í mars á síðasta ári svo það er hægt að segja að þetta hafi verið frekar erfitt fyrir okkur fjárhagslega séð. En þrátt fyrir það þá hefur árið verið okkur gott að mörgu leyti. Þetta hefur verið góð samvera hjá okkur fjölskyldunni, fullt af hugmyndum fæðst, meðal annars þessi áheitaganga á West Highland Way.

Með heilsu- og hamingjuklúbb

Nú, síðan stofnuðum við Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Huglind og ritstjóri tímaritsins Húsfreyjunnar, Facebook-síðu sem kallast Kvennaklúbbur Ingu Geirs og Kristínar Lindu, en þetta er heilsu- og hamingjuklúbbur fyrir konur 40 ára og eldri sem hafa áhuga á uppbyggingu, gleði, nýjum jákvæðum kynnum og ferðum okkar Ganga og sjálfsrækt til Spánar og Tenerife," segir Inga, sem hefur verið búsett í Skotlandi í 18 ár. „Hér líður okkur vel enda eru Skotar alveg einstaklega skemmtilegir og hjálpsamir. Þeir eru líka afskaplega gjafmildir og það hefur verið margsannað að Skotar eru gjafmildari en restin af Bretlandi – sérstaklega þegar kemur að góðgerðarmálum.

„Sem dæmi hafa AMS boðið okkur ókeypis farangursflutning fyrir áheitagönguna og sumir gististaðir hafa boðið okkur afslátt á þessum dögum. Þessi fyrirtæki hafa nú verið lokuð meira og minna síðan Covid skall á og með takmarkaða innkomu og kom þetta okkur því verulega á óvart. Við munum því sjálf leggja þá upphæð sem safnast saman þar inn á Göngum saman."

50 litríkir steinar á gönguleið

Fjölskyldan hefur verið að dunda við að mála 50 steina sem þau ætla að dreifa á leiðinni. „Steinarnir eru fallegir, bjartir og gleðjandi, eins og Iðunn var. Við munum dreifa steinunum með reglulegu millibili upp West Highland Way, einn steinn fyrir árin 50 sem vonandi munu gleðja augu þeirra 85 þúsund manns sem ganga leiðina árlega." ■

Hægt er að styrkja þetta verðuga málefni með áheitum sem ganga óskipt til samtakanna. Styrktarreikningur hjá Göngum saman er: 301-13-304524, kennitala: 650907-1750.

Hægt er að fylgjast með göngunni á West Highland Way á Facebook-síðu Skotgöngu og á Facebook-síðu Göngum saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Þegar Bandaríkjamenn gátu loksins ferðast gerðust hlutirnir mjög hratt og við erum spennt að sjá það sama gerast á öðrum mörkuðum.

Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Icelandair.

> Það er alveg ljóst að ákvörðunin um að taka á móti bólusettum Bandaríkjamönnum hefur haft mjög jákvæð áhrif.

Styrmir Þór Bragason, forstjóri Arctic Adventures.

Fjöldi ferðamanna um KEF
þús. kr.



HEIMILD: MÆLABORÐ FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Play stækkar kökuna

Flugfélagið Play byrjaði að selja flugmiða til sjö áfangastaða í Evrópu í gær en fyrsta flug félagsins til London verður 24. júní. Aðrir áfangastaðir eru Alicante, Barcelona, Berlín, Kaupmannahöfn, París og Tenerife.

Fyrsta vél félagsins, TF-AEW, var afhent í Texas í Bandaríkjunum í gær en vélin er fyrst þriggja systurvéla sem félagið hefur tryggt sér frá flugvélaleigusalanum AerCap.

Egill Almar Ágústsson, fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfis Icelandair, sagði í samtali við Markaðinn um miðjan apríl að innkoma Play væri líkleg til að fjölga ferðamönnum enn frekar.

„Til og frá Íslandi, eins og innkoma WOW air sýndi, er líklegt að Play stækki markaðinn. WOW air fjölgaði ferðamönnum til Íslands með því að höfða til markhóps sem Icelandair náði ekki eins til. Við munum væntanlega sjá sömu áhrif með innkomu Play," sagði Egill.

Atburðir eftir síðustu markaðskönnun lofa góðu

Rétt yfir 10 prósentum svarenda í síðustu markaðskönnun sem Íslandsstofa stóð fyrir í febrúar, töldu líklegt að þau myndu ferðast til Íslands innan næstu tólf mánaða og mestur var áhugi Bandaríkjamanna.

„Þess má geta að þegar könnunin var framkvæmd voru ekki komnar fréttir um eldgosið, áform um að bólusettir ættu greiðari leið inn í landið og Húsavíkurlagið hafði ekki verið tilnefnt til Óskarsverðlauna. Þetta eru allt hlutir sem vinna með okkur," sagði Daði Guðjónsson, fagstjóri neytendamarkaðssetningar hjá Íslandsstofu, í frétt Fréttablaðsins.

Þá mældist Ísland hæst þegar kom að trausti ferðamanna til landa til að takast á við Covid-19. Um 33 prósent svarenda sögðust treysta Íslandi algjörlega, en næsta land á eftir var Kanada með 26 prósent.

Áhyggjur af útbreiðslu Covid-19 voru algengasta ástæðan sem fólk gaf fyrir því að það væri ólíklegt til að ferðast á næstunni. Um 77 prósent svarenda nefndu Covid-19 sem helstu ástæðuna.

Lúxushótelið Deplar Farm í Fljótum hefur verið lokað frá því að kórónufaraldurinn skall á ferðaþjónustuna, en dyr hótelsins verða opnaðar aftur frá og með 5. júní næstkomandi, segir Haukur B. Sigmarsson, framkvæmdastjóri Eleven Experience, sem rekur hótelið.

„Við vorum að ráða á bilinu 50–60 manns til að undirbúa opnunina. Það er mikið um pantanir frá Bandaríkjunum. Þetta er allt að fara af stað," segir Haukur.

Þá greindi Morgunblaðið frá því í gær að framkvæmdastjóri RR Hótela áætlaði að nýting gistirýma fyrirtækisins, alls 150 talsins, yrði um 90 prósent í júlí og ágúst. Hann sagði að fleiri bókanir hefðu borist núna í maí en í maí 2019. Herbergin væru seld á svipuðu verði og því væri ekki um útsöluáhrif að ræða.

Árangursrík herferð

Um leið og opnað var fyrir ferðalög bólusettra Bandaríkjamanna til landsins hóf Icelandair markaðssetningarherferð þar í landi.

„Eftir ákvörðun ráðherra fórum við á fullt með herferð í Bandaríkjunum sem hefur skilað mjög góðum árangri," segir Birna Ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu og þjónustu hjá Icelandair.

„Viðbrögðin við öllum okkar herferðum á Bandaríkjamarkaði hafa verið mjög góð og það sést í vaxandi fjölda farþega sem koma þaðan."

Markaðsherferðin skilaði sér ekki einungis í aukinni sölu á flugsætum heldur einnig í sölu á pakkaferðum sem eru seldar í samstarfi við önnur ferðaþjónustufyrirtæki.

„Ein af þessum pakkaferðum er annar best seldi pakkinn hjá Icelandair frá upphafi. Það virðist sem fólk vilji láta skipuleggja ferðirnar fyrir sig, og er tilbúið að borga fyrir það, frekar en að gera allt upp á eigin spýtur," segir Birna.

„Þegar Bandaríkjamenn gátu loksins ferðast gerðust hlutirnir mjög hratt og við erum spennt að sjá það sama gerast á öðrum mörkuðum. Það er aðeins byrjað í Bretlandi og við sjáum einnig jákvæð merki í nokkrum Evrópulöndum," bætir hún við. Í lok maí mun Icelandair fljúga til sex áfangastaða í Bandaríkjunum og 10 áfangastaða í Evrópu.

Misskiptur ábati

Stórt hlutfall Bandaríkjamanna er ferðaþjónustunni hagfellt að mörgu leyti.

„Þessi hópur Bandaríkjamanna virðist dvelja lengur og kaupa meiri afþreyingu en við erum vön. Þetta virðist vera fólk sem hefur ekki varið peningum í utanlandsferðir í töluverðan tíma og hafa ekki orðið fyrir fjárhagslegu áfalli," segir Jóhannes Þór.

Einsleitni ferðamannastraumsins veldur þó því að sum ferðaþjónustufyrirtæki hafa lítil tækifæri til tekjuöflunar enn sem komið er.

„Þetta skiptist misjafnt eftir því hvort fyrirtæki þjónusti hópa eða einstaklinga. Eins og stendur eru þetta ferðamenn sem ferðast á eigin vegum. Þeir ferðast með bílaleigubílum frekar en rútum. Og einnig er misjafnt hvort fyrirtækin hafi reynslu og tengsl á Bandaríkjamarkaði," segir Jóhannes Þór.

Styrmir hjá Arctic Adventures tekur í sama streng. „Það er meira að gera hjá þeim sem þjónusta ferðamenn sem ferðast á eigin vegum enda ferðast Bandaríkjamenn síður í hópum. Og þeir kaupa gjarnan dýrari hótelgistingu, betri bílaleigubíla og meiri afþreyingu," segir Styrmir.

Jóhannes bendir þó á að hópferðir gætu tekið við sér á næstunni þegar breskar ferðaskrifstofur byrja að bjóða upp á slíkar ferðir til Íslands.

Aðlögun fram undan

Þá tekur Jóhannes fram að þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun eigi ferðaþjónustan enn langt í land. Hann bendir á að framboð í atvinnugreininni miði við að fjöldi ferðamanna sé á bilinu 2 til 2,5 milljónir.

„Þegar fjöldinn er ekki nema 700 þúsund, vel innan helmings þess sem greinin getur afkastað, er ljóst að eitthvað þarf að gefa eftir," segir Jóhannes. Atvinnugreinin mun því þurfa að laga sig að nýjum veruleika.

„Mörg fyrirtæki munu þurfa að leggja upp laupana, minnka við sig eða sameinast öðrum," segir Jóhannes.

„Sú aðlögun hefur legið fyrir frá því að faraldurinn hófst en aðgerðir stjórnvalda og fjármálakerfisins, sem hjálpuðu greininni að lifa af veturinn þangað til fyrirtækin gætu byrjað að afla sér tekna á ný, frestuðu vandanum. Það hefur komið fram að þessar aðgerðir verði trappaðar niður inn í næsta ár og því kemur í ljós í vetur hvernig aðlögunin verður."

Samtök ferðaþjónustunnar settu nýlega fram aðgerðir til að hraða viðspyrnu ferðaþjónustunnar. Á meðal þess sem samtökin leggja til er að virðisaukaskattur í ferðaþjónustu verði lækkaður í sjö prósent til 2025 og tryggingagjaldið lækkað frá ársbyrjun 2022. Þá þurfi að auka verulega við framlag ríkisins til neytendamarkaðssetningar Íslandsstofu á ferðaþjónustu erlendis. Framlagið verði um 1 til 1,5 milljarðar króna á ári til að halda í við samanburðarlönd. ■

Byrjar alla morgna á að dansa við tónlist

Svipmynd

Lilja Kristín Birgisdóttir

Nám: Ég er í miðju meistaranámi í markaðsfræði við Bifröst samhliða vinnu. Lauk stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2014. Fór í skiptinám í alþjóðasamskiptum við University of Sussex í Brighton, Englandi.

Starf: Ég starfa sem sérfræðingur í markaðsdeild Krónunnar en finnst „markaðs-ninja" mun skemmtilegri starfstitill. Ég hef unnið hjá Krónunni í tvö ár en sá tími hefur verið lærdómsríkur enda enginn dagur eins. Minn fókus er að ná að fanga athygli viðskiptavina, enda teljum við hjá Krónunni mikilvægt að leggja áherslu á virka hlustun við viðskiptavini og að láta verða af óskum þeirra.

Fjölskylduhagir: Ég bý á Álftanesi með manninum mínum; rafíþróttanördinu Arnari Hólm, strákunum okkar tveimur, Eldi og Stormi, og hundinum Bósa. Það eru forréttindi að búa í „sveitinni" sem Álftanesið er. Þar er ákveðin ró en það er líka fyndið að hafa lent í því að fá óboðinn hest (já hest) í heimsókn í garðinn oftar en einu sinni, nú eða að vakna við hanagal.

Lilja Kristín Birgisdóttir, markaðssérfræðingur hjá Krónunni, er eins og kamelljón í vinnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lilja Kristín Birgisdóttir, markaðssérfræðingur hjá Krónunni, byrjar alla morgna á að kveikja á Spotify og dansa. Hún býr á Álftanesi og oftar en einu sinni hefur óboðinn hestur komið í heimsókn í garðinn.

Hvað felst í starfi þínu hjá Krónunni?

Hjá Krónunni vinn ég með frábæru markaðsteymi og sinni skemmtilegum verkefnum sem snúa bæði að innri og ytri markaðssetningu í fyrirtækinu. Vinnustaðurinn er líflegur og ómetanlegt að því sé oftast tekið fagnandi þegar óðruvísi hugmyndir skjóta upp kollinum. Í Krónunni leggjum við okkur fram við að miðla skemmtilegum og óvenjulegum markaðsskilaboðum til viðskiptavina. Markaðsdeild Krónunnar vinnur eins og lítil auglýsingastofa með risastórt hjarta.

> Ég ætla aldrei að hætta að leika mér. Ég tek mig ekki of alvarlega og finnst fátt skemmtilegra en að leika við strákana mína tvo. Hvort sem það er að rúlla á hjólabretti, moka úti í sandkassa eða að húlla með þeim.

Á þeim tveimur árum sem ég hef unnið hjá Krónunni hefur starfið mitt þróast og breyst töluvert. Ég hef fengið tækifæri til að vaxa og setja á mig ýmsa mismunandi hatta. Ég vinn við efnissköpun fyrir alla miðla, stefnumótun og framkvæmd markaðsherferða, stýri samfélagsmiðlum og birtingum, hef tekið virkan þátt í þróun Snjallverslunar sem við komum í gagnið á síðasta ári, langt á undan áætlun, til að mæta gífurlegri þörf á heimsendingu í heimsfaraldrinum. Einnig sé ég um viðburðastjórnun og samningagerð ásamt fjölmörgum öðrum stórskemmtilegum verkefnum. Með alla þessa bolta á lofti og í lifandi starfsumhverfi tel ég mikilvægt að læra að verða „kamelljón", er fljót að skipta um lit, taka vel í breytingar og aðlagast þeim auðveldlega. Núna leysi ég til dæmis líka af í þeim verkefnum sem snúa að umhverfismálum en Krónuhjartað brennur fyrir þeim.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég er nýsmituð af utanvegahlaupa-bakteríunni. Það er líka ákveðin hugleiðsla og núllstilling að reima á sig skóna og fara út að hlaupa með besta vininum. Ég ætla aldrei að hætta að leika mér. Ég tek mig ekki of alvarlega og finnst fátt skemmtilegra en að leika við strákana mína tvo. Hvort sem það er að rúlla á hjólabretti, moka úti í sandkassa eða að húlla með þeim. Ég er að spá að gefa sjálfri mér nýja hjólaskauta í sumargjöf. Af hverju ekki?

Ég er mikill extróvert og finnst fátt skemmtilegra en að hitta vini og fjölskyldu sem hefur verið erfitt síðastliðið ár. Mér þykir líka gaman að elda og að það að vinna í Krónunni hefur bara ýtt undir þann áhuga. Ég elda þó sjaldan eftir uppskriftum, því ég á það til að missa þolinmæði að lesa mig í gegnum þær, ég lít því á matargerð eins og listaverk, dass af þessu, dass af hinu og útkoman getur orðið stórfengleg... nú eða ekki. Megið spyrja manninn minn.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Það er erfitt að nefna eina bók, því ég les og hlusta mjög mikið á hljóðbækur. Litla ég hefði sagt Harry Potter en „stóra" ég (159 cm) verð eiginlega að segja Untamed eftir Glennon Doyle sem ég las á síðasta ári. Hún vakti eitthvað innra með mér. Mér fannst hún eitthvað svo hressandi hrá, hugrökk, sönn og einlæg.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Ég byrja alla daga á því að kveikja á Spotify og dansa. Ég tel að það kveiki á sköpunargleðinni að dansa inn í daginn. Auk þess er það frábær leið við að vekja strákana mína tvo sem eru á leikskólaaldri. Síðan viðra ég hundinn áður en ég fæ mér rjúkandi kaffibolla, klæði strákana á ljóshraða og bruna í vinnuna.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Alandi upp tvo unglingsstráka en vonandi ennþá að leika mér. Mögulega komin á svifbretti? Hver veit?

Hvers hlakkar þú mest til þessa dagana?

Þar sem fáir viðburðir hafa verið í boði síðasta árið þá hlakka ég mikið til brúðkaups systur minnar, sem er í byrjun júní. Það er fátt skemmtilegra en að koma saman og fagna ástinni. ■

Fjöldi tvísköttunarsamninga – Ísland rekur enn lestina

Símon Þór Jónsson, sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs EY.

Af 30 ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er Ísland í 29. sæti yfir fjölda tvísköttunarsamninga við önnur ríki. Aðeins Liechtenstein er með færri samninga, en Liechtenstein – land með svipaðan íbúafjölda og býr í Kópavogi – fór ekki að leita eftir að gera tvísköttunarsamninga við önnur ríki fyrr en árið 2009. Það er því varla hægt að segja annað en að Ísland reki lestina að þessu leyti. Sjá meðfylgjandi töflu yfir fjölda ríkja sem ríki EES hafa gert tvísköttunarsamninga við og tekið hafa gildi.

Undirritaður skrifaði sams konar blaðagrein á árinu 2015 og sýnir taflan einnig stöðuna sem var þá. Ísland var líka í næstsíðasta sæti 2015. Hækkun um eitt sæti kemur til vegna útgöngu Bretlands, en Bretland hafði þá og nú gert fleiri tvísköttunarsamninga en nokkurt ríki á þessum lista. Sviss er ekki hluti ESS, en er bara eftirbátur Bretlands og Frakklands að þessu leyti.

Hvað er tvísköttunarsamningur? Almennt leggja ríki á skatta á aðila út frá tveimur forsendum. Annars vegar vegna uppruna teknanna, það er ríkið þar sem tekjurnar eru upprunnar leggur á þær skatt. Hins vegar vegna heimilisfesti móttakanda teknanna, það er ríkið þar sem móttakandinn á heimili leggur á þær skatt. Án tvísköttunarsamnings, leiðir framangreint til þess að tekjur, sem maður, heimilisfastur í ríki 1 aflar í ríki 2, verða skattskyldar í báðum ríkjum. Tvísköttunarsamningur leysir úr slíkri tvískattlagningu. Samið er um að tekjurnar skattleggist aðeins einu sinni, en ekki tvisvar.

Fjöldi tvísköttunarsamninga skiptir máli í samkeppni ríkja um fjárfestingar og fyrirtæki. Fjöldi tvísköttunarsamninga skiptir máli þegar fyrirtæki ákveða í hvaða lögsögu þau staðsetja höfuðstöðvar, eignarhaldsfélög eða starfsemi. Fáir tvísköttunarsamningar Íslands samanborið við fjölda samninga annarra ríkja dregur því óumdeilanlega úr samkeppnishæfni Íslands gagnvart öðrum ríkjum um fjárfestingar og fyrirtæki.

Ísland er því miður ekki í góðri stöðu að þessu leyti. Ísland hefur til dæmis aldrei haft gilda samninga við fimm ríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), Ástralíu, Ísrael, Nýja-Sjáland, Síle og Tyrkland. Ef litið er til þeirra 50 ríkja sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) áætlar að verði með mesta verga landsframleiðslu 2021 þá er Ísland einungis með tvísköttunarsamninga við minnihluta þeirra, eða við 24 ríkjanna.

Það er umhugsunarefni af hverju Ísland er með svo fáa tvísköttunarsamninga. Nú eru önnur EES-ríki með fáa íbúa og lítil hagkerfi, eins og til dæmis Lúxemborg og Malta, en samt með áberandi fleiri gilda tvísköttunarsamninga, 83 (Lúxemborg) og 77 (Malta) á móti 45 samningum Íslands. Þá vekur athygli að á listanum eru fámenn ríki sem urðu ekki sjálfstæð fyrr en á tíunda áratug 20. aldar, en eru þrátt fyrir það með umtalsvert fleiri gildandi samninga en Ísland, eins og til dæmis Eystrasaltsríkin þrjú. ■

Fjöldi ríkja sem ríki EES hafa gert tvísköttunarsamninga við og tekið hafa gildi:

Röð 2021 (2015)	Ríki	Fjöldi TSS 2021 (2015)
1 (2)	Frakkland	124 (124)
2 (4)	Ítalía	102 (94)
3 (6-7)	Spánn	97 (88)
4-5 (3)	Þýskaland	96 (96)
4-5 (5)	Belgía	96 (91)
6 (6-7)	Holland	95 (88)
7 (13)	Tékkland	93 (82)
8 (8)	Austurríki	90 (87)
9 (9)	Rúmenía	89 (86)
10 (11-12)	Noregur	87 (84)
11 (10)	Svíþjóð	86 (85)
12-13 (11-12)	Pólland	83 (84)
12-13 (20)	Lúxemborg	83 (67)
14 (14-15)	Ungverjal.	81 (75)
15 (22)	Portúgal	78 (63)
16-18 (14-15)	Danmörk	77 (75)
16-18 (16)	Finnland	77 (74)
16-18 (19)	Malta	77 (68)
19-20 (17-18)	Búlgaría	73 (69)
19-20 (17-18)	Írland	73 (69)
21 (21)	Slóvakía	69 (65)
22-23 (23-25)	Króatía	66 (57)
22-23 (28)	Kýpur	66 (53)
24 (23-25)	Lettland	62 (57)
25 (26)	Eistland	61 (56)
26 (23-25)	Slóvenía	59 (57)
27 (27)	Grikkland	56 (54)
28 (29)	Litháen	56 (53)
29 (30)	Ísland	45 (40)

Eyrir að loka sex milljarða vísisjóði

Eyrir Invest leggur til 1,5 milljarða króna. Sjóðurinn mun fjárfesta í fyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og vilja vaxa hratt alþjóðlega.

helgivifill@frettabladid.is

Eyrir Venture Management (EVM) er við það að loka rúmlega sex milljarða vísisjóði sem ber nafnið Eyrir Vöxtur. Eyrir Invest, sem á EVM og er kjölfestufjárfestir Marel frá árinu 2004, leggur sjóðnum til 1,5 milljarða króna. Aðrir fjárfestar eru lífeyrissjóðir, tryggingafélög og Ingvar Pétursson sem hefur meðal annars verið fjármálastjóri hjá Nintendo og tæknistjóri hjá Expedia og AT&T Wireless.

Þetta segir Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri sjóðsins, í samtali við Markaðinn. Hún hefur meðal annars verið framkvæmdastjóri CCP á Íslandi, stýrt þróunarteymi CCP í Kína og verið framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun.

EVM rekur fyrir vísisjóðinn Eyri Sprota sem er fullfjárfestur og er 4,5 milljarðar að stærð. Eyrir Invest á 46 prósent í honum og Arion banki 26 prósent. „Hluthafahópur Eyris Vaxtar er mun breiðari en Eyris Sprota sem er af hinu góða," segir hún. Sá sjóður á meðal annars í Saga Natura og Activity Stream. Eyrir Invest fjárfesti fyrst í sprotafyrirtæki árið 2007 með kaupum á fjórðungshlut í Calidris sem selt var til bandaríska hugbúnaðarfyrirtækisins Sabre árið 2010.

Eyrir Vöxtur mun fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og horfa til þess að vaxa hratt alþjóðlega. „Fyrirtækin eru komin með vöru eða þjónustu og ljóst er í hverju samkeppnisforskot þeirra er fólgið. Á þessu stigi þurfa fyrirtæki mikinn stuðning til að sækja fram á alþjóðlegum mörkuðum sem getur verið í formi öflugs tengslanets og fjármagns," segir Stefanía.

Horft er til þess að fjárfesta í sjö til tíu fyrirtækjum á fjórum árum og slíta sjóðnum eftir tíu ár í því skyni að greiða fjárfestum framlag sitt til baka með góðri ávöxtun. Sjóðurinn mun leggja hverju fyrirtæki 300-500 milljónir króna í upphafi og getur fylgt fjárfestingum eftir. Samanlagt má hann leggja allt að einn milljarð í eitt fyrirtæki. „Við fjárfestum oftar í sama fyrirtækinu ef því gengur vel," segir hún.

Ávöxtunarkrafa Eyris Vaxtar er 20 prósent á ári. „Hvert og eitt fyrirtæki þarf að eiga möguleika á að tvöfalda verðmæti sitt á þremur árum frá fjárfestingu og tífalda sig á sjö til tíu árum. Það er vegna þess að miklar líkur eru á að einhver fyrirtækjanna muni misstíga sig og því þurfa önnur fyrirtæki að hífa upp ávöxtunina," segir Stefanía.

Til að fyrirtækin í eignasafninu séu betur undirbúin fyrir vöxt erlendis hefur Eyrir Vöxtur samið við viðskiptahraðalinn MIT DesignX sem háskólinn MIT í Boston stendur fyrir. Að hennar sögn komu einnig fyrirtæki á borð við Google, Autodesk og Gensler, eitt stærsta hönnunarfyrirtæki í heimi, að stofnun hraðalsins.

Stefanía segir að þau fyrirtæki sem fari í gegnum hraðalinn verði betur í stakk búin til að afla erlendrar fjármögnunar og sækja á erlenda markaði. „Þarna læra þau að kynna fyrirtækið, betrumbæta viðskiptalíkanið, setja saman áætlanir um vöxt og hvernig eigi að fjármagna þá vegferð. Eftir að hafa farið í gegnum þetta ferli eru frumkvöðlarnir reiðubúnir að kynna fyrirtækið fyrir erlendum fjárfestum. Að hafa farið í gegnum þekktan viðskiptahraðal eins og MIT DesignX er, skapar trúverðugleika," segir Stefanía.

Hún segir að EVM leggi áherslu á að fá erlenda fjárfesta til liðs við fyrirtækin því við það fái fyrirtækin aðgang að mikilli þekkingu og tengslaneti, og við það opnist oft dreifileiðir.

Háskólinn í Reykjavík mun annast utanumhald á hraðlinum hér á landi og því munu önnur íslensk fyrirtæki en þau sem eru í eignasafni Eyris Vaxtar geta tekið þátt. Samstarfið verður fyrst um sinn til þriggja ára. Svafa Grönfeldt veitir MIT DesignX hraðlinum í Boston forstöðu. Hún situr einnig í stjórn Icelandair, Marel og Össurar. ■

Stefanía Guðrún Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Eyris Vaxtar, hefur meðal annars verið framkvæmdastjóri CCP á Íslandi, stýrt þróunarteymi CCP í Kína og verið framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þrír vísisjóðir í ár

Á skömmum tíma hefur þremur vísisjóðum verið hleypt af stokkunum. Til viðbótar við Eyri Vöxt lokaði Brunnur Ventures nýlega 8,3 milljarða króna sjóði og Kvika eignastýring 6,7 milljarða sjóði. Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að Crowberry Capital sé langt kominn með að safna í nýjan sjóð.

Stjórn með reynslu af störfum erlendis

Þrír sitja í stjórn Eyris Vaxtar. Þau eru Sigurlína Valgerður Ingvadóttur, fyrrverandi yfirframleiðandi tölvuleiksins FIFA sem þróaður er af Electronic Arts, en hún stýrði áður framleiðslu tölvuleiksins Star Wars Battlefront og hefur unnið fyrir CCP.

Fyrrnefndur Ingvar Pétursson. „Hann er öflugur frumkvöðull sem hefur búið nánast alla ævi í Bandaríkjunum. Ingvar var fyrsti Íslendingurinn sem seldi fyrirtæki til Microsoft og er afar vel tengdur í fjárfestingasenuna á vesturströnd Bandaríkjanna. Fyrirtækin í eignasafninu munu njóta góðs af því," segir Stefanía.

Þórður Magnússon, stofnandi Eyris Invest, situr einnig í stjórninni en hann hefur setið í fjölda stjórna hjá nýsköpunarfyrirtækjum, þar á meðal Carbon Recycling International.

> **Hvert og eitt fyrirtæki þarf að eiga möguleika á að tvöfalda verðmæti sitt á þremur árum frá fjárfestingu og tífalda sig á sjö til tíu árum.**

Skotsilfur

Vopnahlé

Hörður Arnarson

forstjóri Landsvirkjunar.

Landsvirkjun og Samtök iðnaðarins hafa um langt skeið deilt um samkeppnishæfni orkufreks iðnaðar með tilliti til raforkuverðs. Deilurnar endurspeglast í fjölmiðlum þar sem raforkuverðið er ýmist sagt samkeppnishæft eða ósamkeppnishæft eftir því við hvern er rætt. En nú virðist sem sverðin hafi verið slíðruð. Ríkisfyrirtækið og SI hafa í þessum mánuði birt sameiginlegar greinar í þrígang þar sem lögð var áhersla á tækifærin sem felast í umhverfisvænni uppbyggingu á orkufrekum iðnaði. Og til þess að grípa tækifærin sem felast í grænni uppbyggingu þarf náið samstarf atvinnulífsins, stjórnvalda og annarra haghafa. ■

Á ferð og flugi

Ívar J. Arndal

forstjóri ÁTVR.

Nú er ljóst að ÁTVR mun berjast með kjafti og klóm fyrir tilvist sinni. Ríkisfyrirtækið undirbýr beiðni um lögbann á hendur vefverslunum sem selja áfengi í smásölu hér á landi en tilefnið er vefverslun Santewines sem býður lægri verð og afhendingu samdægurs. Fyrirætlanir ÁTVR eru mjög óskýrar. Santewines er skráð í öðru landi, Frakklandi, eins og aðrar vefverslanir sem senda áfengi til neytenda á Íslandi. Munu lögmenn ÁTVR flakka á milli heimshorna til að angra vefverslanir og vínræktendur sem dettur í hug að senda áfengi til Íslands? Enn bætist við kostnaðinn sem fellur á neytendur vegna einokunartilburða ÁTVR. ■

Samfélagsábyrgð

Davíð Rúdólfsson

forstöðumaður eignastýringar Gildis.

Í aðdraganda útboðs Síldarvinnslunnar veltu sumir lífeyrissjóðir fyrir sér hvort orðsporsáhætta fælist í því að fjárfesta í félaginu í ljósi þess að stærsti eigandinn, Samherji, er sakaður um alvarleg brot. Sjóðirnir hafa jú tileinkað sér hin svokölluðu UFS-gildi í síauknum mæli og Gildi er þar engin undantekning og því gæti komið sumum á óvart að sjóðurinn hafi fjárfest fyrir 10 milljarða í útboðinu. Aftur á móti var skráningin einkum til þess fallin að svara kalli um dreifðara eignarhald í sjávarútvegi. Það næst sumpart með aðkomu lífeyrissjóða að útgerðarfélögum og að því leytinu til gæti fjárfesting Gildis flokkast sem samfélagslega ábyrg fjárfesting frekar en hitt. ■

Bolsonaro gerir tilraun til að smala saman fylgismönnum

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, tók þátt í göngu á vegum Kristinna fjölskyldna fyrir frelsi um helgina. Stuðningsmenn hans hafa efnt til fjöldafunda í ljósi dvínandi vinsælda forsetans í von um að blása í glæður. Óánægja ríkir um hvernig Bolsonaro hefur tekist á við Covid-19 heimsfaraldurinn og hann hæðist að þeim sem halda sig heima við. Hann var kjörinn forseti fyrir tveimur árum. Í þeirri kosningabaráttu vildi hann taka hart á glæpamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Síðasta átakið í húsnæðismálum

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Undanfarin 100 ár hefur reglulega verið ráðist í átak við uppbyggingu húsnæðis á Íslandi, oft í tengslum við alvarlegan húsnæðisskort. Sveiflur hafa einkennt byggingariðnað en þær eru samfélaginu kostnaðarsamar og því er til mikils að vinna að uppbygging húsnæðis verði stöðug og í takt við þarfir markaðarins hverju sinni. Sú umgjörð sem stjórnvöld – bæði ríki og sveitarfélög – hafa mótað, ýtir undir óstöðugleika og því verður að breyta. Skortur á yfirsýn og á eignarhaldi á málaflokknum leikur stórt hlutverk en kjarni máls er sá að núverandi starfsumhverfi byggingarmála er að óskilvirkt og óhófleg reglubyrði eykur flækjustig sem hækkar kostnað. Boðleiðir eru of langar og ferlið að fyrstu skóflustungu er of tímafrekt. Niðurstaðan er sú að húsnæði er dýrara en það þyrfti að vera og þetta hefur ekki einungis áhrif á efnahagslífið – enda er byggingariðnaður um 8% af landsframleiðslu – heldur hefur þetta mikil áhrif á vinnumarkaðinn. Umgjörð byggingarmarkaðarins er því beinlínis áhættuþáttur í hagstjórn á Íslandi og því þarf að breyta. Og það er hagur allra að við breytum þessu í sameiningu því stöðugleiki á húsnæðismarkaði kæmi hinu opinbera ekki síst vel sem stórum launagreiðanda á Íslandi.

Enginn má láta sitt eftir liggja

Átakshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði skilaði 40 tillögum að úrbótum í janúar árið 2019. Í tengslum við undirritun Lífskjarasamninga nokkrum mánuðum síðar lýsti svo ríkisstjórnin yfir vilja til að vinna að innleiðingu tillagnanna. Með sameiningu málaflokka hjá ráðuneytum og stofnun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar hefur margt jákvætt gerst og stór skref verið tekin í rétta átt. Stór vandamál eru þó enn til staðar, ekki síst sem

lúta að eftirfylgni sveitarfélaganna sem fara með skipulagsvald, leyfisveitingar, vinnslu húsnæðisáætlana og lóðamál. Vonandi verður þetta síðasta átaksverkefnið í húsnæðisuppbyggingu en til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld, aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélög að vinna saman að nauðsynlegum og tímabærum umbótum. Til viðbótar þessum tillögum vann OECD tillögur til úrbóta varðandi byggingarmarkaðinn hér á landi og á eftir að hrinda þeim tillögum í framkvæmd.

Þjóðhagsráð fjallar um stöðuna

Staðan á húsnæðismarkaði einkennist af skorti á íbúðum með tilheyrandi verðhækkunum. Þjóðhagsráð fjallaði um húsnæðismál á nýlegum fundi sínum en aðilar vinnumarkaðarins, ríki, sveitarfélög og Seðlabanki eiga aðild að þeim vettvangi. Þar eru því samankomnir þeir aðilar sem hafa það í hendi sér að koma á langþráðum stöðugleika á húsnæðismarkaði. Það fór vel á því enda snúa húsnæðis- og byggingamál að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika sem er viðfangsefni Þjóðhagsráðs. Á þeim fundi kynnti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun eftirfylgni við tillögur átakshópsins og greiningu á stöðunni á húsnæðismarkaði. Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa fylgt þessum málum ötullega eftir og unnu greinargerð um stöðuna. Þar má finna 36 tillögur í heildstæðri nálgun til að tryggja stöðuga uppbyggingu húsnæðis og voru þær tillögur kynntar Þjóðhagsráði. Vandinn er að það vantar fleiri íbúðir á markaðinn og hann verður einungis leystur til lengri tíma með því að ráðast að rót vandans sem liggur í umgjörðinni.

Tíminn er núna

Eftir höfðinu dansa limirnir. Með því að sameina þá málaflokka sem snúa að uppbyggingu í einu ráðuneyti fæst yfirsýn og skýr ábyrgð á málaflokknum. Það er best gert með því að færa húsnæðis- og byggingamál yfir í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og færa skipulagsmál yfir í sama ráðuneyti. Í kjölfar kosninga er tækifæri til þessara breytinga. Þannig yrði til öflugt innviðaráðuneyti sem bæri ábyrgð á uppbyggingu húsnæðis, vega og mannvirkja, fjarskiptum og sveitarstjórnarmálum. Samhliða þessu þyrfti að huga að auknu samstarfi eða sameiningu stofnana sem hafa með þessi mál að gera. Sveitarfélögin þurfa að taka aukna ábyrgð, innleiða stafrænar lausnir, hraða leyfisveitingum og auka framboð á lóðum. Auka þarf yfirsýn á markaðinn með greinargóðum rauntímaupplýsingum um íbúðir í byggingu og einfalda regluverkið enn frekar. Vandinn er ljós, afleiðingar hans eru ljósar og lausnirnar liggja fyrir. Það er ekki eftir neinu að bíða. ■

> Vandinn er að það vantar fleiri íbúðir á markaðinn og hann verður einungis leystur til lengri tíma með því að ráðast að rót vandans sem liggur í umgjörðinni.

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens®
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 19. maí 2021

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

Skoðun

Þórður Gunnarsson

Opnið barina

Undir lok marsmánaðar 1915 gaf þáverandi hergagnamálaráðherra Bretlands, Lloyd George, út þá yfirlýsingu að Bretland stæði í stríði við þrjá óvini – Þýskaland, Austurríki og áfengi. Mesta ógnin stæði af hinu síðastnefnda. Þessi málflutningur gegndi þeim tilgangi að réttlæta styttingu opnunartíma vínveitingastaða.

Því var haldið fram að nauðsynlegt væri að stytta opnunartímann svo vinnuaflið væri í betra ástandi til þátttöku í stríðsrekstrinum. Í kjölfarið var breskum krám gert að loka klukkan 11 að kvöldi. Þessar reglur héldust svo nokkurn veginn óbreyttar í 90 ár, þegar lögunum var breytt aftur til aukins frjálsræðis. Um það bil 87 árum eftir að stríðinu sem um ræðir lauk.

Eins og allir vita voru vínveitingastaðir víða um heim sú starfsemi sem laut mestum takmörkunum sóttvarnaráðstafana. Þó svo að dæmið frá Bretlandi sé gamalt þá er það nákvæmlega sama að gerast í Danmörku núna. Nánast öllum sóttvarnaráðstöfunum verður aflétt þar í landi á næstu dögum, að undanskildum þeim sem gilda á næturklúbbum sem fá ekki að hafa opið.

Í ljósi þessara tveggja dæmisagna, sem eiga sér stað með meira en 100 ára millibili, er full ástæða til þess að óttast að stjórnvöld hér á landi verði treg til þess að losa um sóttvarnaráðstafanir gagnvart vínveitingastöðum.

Þrátt fyrir að halda megi því fram að smithætta aukist þar sem vín er haft um hönd (þó svo að tölfræðin sýni að þau hópsmit sem hafa komið upp hér á landi eiga sér ekkert frekar stað á vínveitingastöðum en öðrum stöðum), þá verður það alltaf svo að maður er manns gaman. Hvorki heimsfaraldur né nokkuð annað mun breyta því.

Það hefur sýnt sig að veisluhöld í heimahúsum hafa aukist mjög á undanförnu ári vegna opnunar- og fjöldatakmarkana staða sem selja vín og aðrar veitingar. Gögn frá Rannsóknarsetri verslunarinnar sýndu að sala á áfengi jókst um nærri helming í fyrra.

Sá er þetta skrifar er og hefur alltaf verið meðal kvöldsvæfari manna og styttur opnunartími vínveitingastaða skerðir því lífsgæðin lítið. Ég vil hins vegar gjarnan að þeir sem eru á annarri bylgjulengd hafi athvarf til skemmtanahalds á nóttinni, svo A-fólkið geti sofið rótt. ■

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF

GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík

litrof@litrof.is · 563 6000

Sjóður SA gildnaði um 600 milljónir í fyrra

thorsteinn@frettabladid.is

Samtök atvinnulífsins högnuðust um 24 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 56 milljóna króna hagnað á árinu 2019. Tekjur námu 810 milljónum og jukust um 5 prósent á milli ára. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi.

Rekstrargjöld námu 790 milljónum og jukust um 9 prósent. Þar af námu laun og launatengd gjöld 553 milljónum og jukust um 2,6 prósent.

Vinnudeilusjóður Samtaka atvinnulífsins skilaði hagnaði upp á rúmar 500 milljónir króna á síðasta ári en á árinu 2019 skilaði sjóðurinn 390 milljóna króna hagnaði. Eignir sjóðsins námu um 4,2 milljörðum króna í lok síðasta árs og jukust um 600 milljónir króna á milli ára.

Vegur þar þungt ávöxtun verðbréfasafnsins en það var bókfært á tæplega 3,7 milljarða króna í lok árs 2020 samanborið við 3 milljarða í lok ársins á undan. ■

> Það er áhyggjuefni hvað launþegahreyfingin er orðin tvístruð. Þetta er eins og indjánahópar, hver með sinn höfðingjann.
>
> Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra.

SUMARFRÍ

4 VIKUR

20 kr. AFSLÁTTUR

Skráðu þig á orkan.is

Skipuleggðu sumarfríið vel og vertu með afslátt í áskrift

Veldu þínar **4 vikur** og tankaðu með **20 kr. afslætti*** með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt á Icelandair hóteli með morgunmat fyrir tvo, 50.000 kr. eldsneytisinneign, lesbretti og 12 mánaða áskrift að Storytel eða aðgang fyrir tvo í Sky Lagoon**.

Orkan — Ódýrasti hringurinn

*Gildir ekki á Orkunni Bústaðavegi, Dalvegi, Reykjavíkurvegi og Mýrarvegi, en þar gildir okkar allra lægsta verð — skilyrðislaust.

Verkirnir loksins farnir

Kári Kárason slasaðist á öxl fyrir um 20 árum síðan og þjáðist í kjölfarið af langvarandi verkjum sem höfðu hamlandi áhrif á líf hans. Kári hafði reynt ýmislegt til að vinna bug á verkjunum en það var ekki fyrr en hann byrjaði að taka inn Liði frá Protis snemma á síðasta ári sem hann segir verkina loks hafa hjaðnað.

hjordiserna@frettabladid.is

Kári Kárason segir Protis Liði hafa reynst sér afar vel en hann þjáðist af miklum verkjum um árabil í kjölfar slyss. MYND/AÐSEND

Kári starfar í dag sem framkvæmdastjóri en var áður á sjó. „Það var líklega rétt fyrir aldamótin sem ég varð fyrir slysi á sjó þegar ég datt illa í brælu og fékk högg aftan á hægri öxlina. Síðan kom ég í land árið 2000 og byrja að vinna á skrifstofu og að keyra en þá voru þessir verkir orðnir helvíti yfirþyrmandi," greinir Kári frá. „Þetta lýsir sér þannig að þegar ég er að vinna með mús eða að keyra, þá hangir höndin einhvern veginn í öxlinni og ég var alltaf með verki."

Óraunverulegur árangur

Kári fór ýmsar leiðir til að reyna að vinna bug á verkjunum en án árangurs. „Ég fór í nudd, kalda bakstra og hljóðbylgjur svo eitthvað sé nefnt, en það dugði ekkert af því.

Svo gerist það að félagi minn sem var með mér á sjó og var stöðugt með verki í hnjánum, byrjar að taka inn Liði frá Protis með góðum árangri og bendir mér á að prófa þetta. Ég byrjaði að taka þetta inn snemma í fyrra og það var í raun-inni bara óraunverulegur árangur sem náðist. Ég fór smám saman að taka eftir að ég var ekki alltaf með þennan verk í hendinni sem leiddi í hausverk."

Hann segir árangurinn hafa komið fljótt í ljós. „Ætli það hafi ekki verið á þriðju viku sem ég tók eftir töluverðum mun. Þú tekur kannski ekki alltaf eftir batanum, en svo koma ákveðin augnablik þar sem þú áttar þig skyndilega á því hvað líðanin er betri."

Ekkert annað en himnasending

Kári rifjar upp eitt slíkt augnablik. „Þegar við konan keyrðum suður þá bauðst hún alltaf til að taka við í Baulu og við skiptum um sæti því verkurinn var orðinn svo mikill. Síðan erum við að keyra einn daginn, og hún spyr hvort hún eigi að taka við en ég segi bara: Ég er góður. Þá fatta ég hvað þetta virkar vel á mig og ég ætla aldrei að hætta að taka þetta.

Kári segist einnig hafa áttað sig á árangrinum þegar hann gat ekki tekið inn Liði frá Protis um skeið. „Síðasta haust kom tímabil þar sem það var erfitt að fá Liðina þannig að ég missti úr taktinn og verkirnir byrjuðu aftur. En svo þegar þetta kom aftur í sölu á þessu ári byrjaði ég samstundis aftur og verkirnir eru farnir. Mig grunar að það sé eitthvað undraefni í þessum sæbjúgum," segir Kári og hlær.

„Ég veit ekki hvað þau gera en Protis Liðir hefur gert það að verkum að ég er ekki með verki lengur og það nægir mér. Ég get náttúrulega ekki staðhæft neitt um það hvernig þetta virkar á aðra, en þetta virkar á mig og er í raun alveg búið að bjarga mér. Langvarandi verkjum fylgir oftar en ekki depurð og fólk verður uppstökkara. Þegar þú verður síðan verkjalaus þá finnurðu heilmikinn mun og lundin verður öll léttari. Þannig að þetta er ekkert annað en himnasending fyrir mig."



Öflug blanda úr íslenskum hráefnum

Protis Liðir inniheldur Cucumaria frondosa extrakt sem unninn er úr skráp villtra sæbjúgna sem veidd eru í hafinu við Ísland. Skrápurinn er að mestu leyti úr brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate. Kollagenið í Cucumaria frondosa extrakti er talið heilsusamlegra en annað kollagen, þar sem það inniheldur hærra hlutfall af mikilvægum amínósýrum, og þá sérstaklega tryptophan.

Þar að auki er skrápurinn mjög næringarríkur og inniheldur hátt hlutfall af sínki, joði og járni. Sæbjúgu eru oft kölluð ginseng hafsins vegna þess að þau innihalda lífvirka efnið sapónín. Túrmerik er ákaflega ríkt af jurtanæringarefninu curcumin.

Þorskprótínið í Protis Liðum er unnið samkvæmt IceProtein® tækni sem byggir á vatnsrofstækni þar sem prótínin eru meðhöndluð með vatni og ensímum og í framhaldi síuð, þannig að prótínið samanstendur einungis af smáum, lífvirkum peptíðum. Fiskprótín sem hafa verið meðhöndluð með vatni og ensímum eru talin auðvelda upptöku á steinefnum eins og kalki, sem eru nauðsynleg til að viðhalda stoðkerfi líkamans.

Protis Liðir er enn fremur með viðbættu C-vítamíni sem hvetur eðlilega myndun kollagens í brjóski, D-vítamíni sem er mikilvægt fyrir heilbrigði beina þar sem það stuðlar að frásogi kalks úr meltingarvegi og mangani sem er nauðsynlegt við myndun á brjóski og liðvökva. ■

Vörur Protis fást í öllum helstu stórvörumörkuðum og apótekum.

Ertu að grínast hvað við eigum fallegt land?

Marta Rut Pálsdóttir smitaðist af fjalladellunni í mars í fyrra, en fyrir það segist hún ekki hafa skilið gleðina í því að vera að brölta um fjöll og firnindi bara til að labba.

johannamaria@frettabladid.is

Marta situr hér fyrir á Vestari Hnapp með Hvannadalshnjúk í baksýn.

Hér er Marta í göngu á Fimmvörðuhálsi. MYNDIR/AÐSENDAR

Það var svo í byrjun Covid í fyrra að ein í vinnunni bauð í rosa fjallaferð á Úlfarsfellið eftir vinnu. „Að sjálfsögðu sló ég til og skellti mér með. Síðan þá var ekki aftur snúið hjá mér. Ætli það hafi svo ekki verið Sandra vinkona mín sem kom mér endanlega á bragðið. Hún sagði mér einn daginn að hún væri að fara á Snæfellsjökul og spurði hvort að ég kæmi ekki með. Ég var nýbúin að lofa sjálfri mér því að segja já við öllu sem kæmi upp og lifa svolítið villt, og sagði „já, hví ekki?". Við tóku nokkrar vikur af „hvað í fjandanum var ég að hugsa?" en ætli þetta hafi ekki kveikt neistann, því eftir mjög erfiða göngu (að mér fannst) var loksins toppað í miðnætursól. Það var svo geggjað og algerlega þess virði. Svona getur maður verið blindur á hvað þetta hefur upp á að bjóða, og ertu að grínast hvað við eigum fallegt land?" segir Marta.

Sálfræðitími

Marta hefur gengið á fjöll allt síðasta ár. „Þetta er allt annað að ganga á sumri eða vetri en bæði er mjög skemmtilegt. Það þarf þó alltaf að fylgjast vel með veðri og það er aðeins meira á veturna sem það þarf að fresta ferðum. Ég er í dag meðlimur í fjallgönguhóp sem heitir Toppfarar og er 14 ára gamall klúbbur með yfir 100 félaga."

Aðspurð hvað það er sem heilli svo við fjallgöngur svarar Marta að þetta sé eins og margra klukkustunda sálfræðitími. „Þetta er svo hreinsandi og heilandi. Þegar ég er í göngu þá hugsa ég ekki um neitt annað, gleymi bara raunveruleikanum sem er þarna fyrir utan og er bara að njóta og vera þakklát. Það má ekki gleyma því að njóta þess að vera á fjalli. Oft eru göngur krefjandi og erfiðar, þá verður maður að hugsa um verðlaunin, sem eru að ná að toppnum og geggjaður nætursvefn eftir allt súrefnið."

Áttu þér uppáhaldsfjall, hér á Íslandi eða annars staðar?

„Ég á í frábæru ástar-haturssambandi við Esjuna. Hún er mjög krefjandi en líka ótrúlega falleg og það er svo mikið hægt að ganga á henni. Svo er ég með Helgafell í Hafnarfirði í bakgarðinum hjá mér svo það er alltaf svona pínu mitt."

Alger bilun að bíða

Marta segist ekki hafa tölu á því hvað hún hefur toppað marga tinda síðastliðið ár, en fjöllin eru mjög mörg. Mesti afrekstindurinn segir hún þó að hafi verið Vestari Hnappur í Öræfajökli. „Hann fór ég núna í byrjun maí og maður minn hvað ég var stolt af sjálfri mér. Þetta var alvöru jöklaferð, allir í línu og á broddum með hjálm og öxi. Það var gengið yfir sprungusvæði og klifrað á toppinn. Ég man að ég var að rökræða við sjálfa mig hvort ég ætti nú ekki bara að bíða niðri á meðan hinir klifruðu á toppinn þegar ég heyrði einn segja það upphátt að hann ætlaði að bíða. Þá var ég fljót að skipta um skoðun og hugsaði „já, nei, það er bilun að bíða" og skellti mér upp á topp."

Næst á dagskrá segir Marta að sé Vatnaleiðin núna um helgina. „Það eru mögulega ekki háir tindar þar á ferð, en þetta er löng ganga sem reynir á úthald, bæði líkamlega og andlega. Svo verður líklega ein Helgafellsferð fyrir þá göngu."

En er einhver tindur sem þig dreymir um að sigra?

„Er það ekki þetta klassíska: Hvannadalshnjúkur? Svo langar mig á Sveinstind og Kerlingu, sem er hæst á Tröllaskaga."

Lumarðu á einhverjum góðum ráðum handa þeim sem langar að rífa sig upp á tind um helgina?

„Ég mæli bara með því að skunda af stað, kannski ekki í gallabuxum og lélegum götuskóm eins og ég gerði í minni fyrstu fjallgöngu. Úlfarsfell er flottur byrjunarreitur og býður upp á margar leiðir til að komast upp. Það sem ég mæli með að fólk útvegi sér eru góðir gönguskór númer 1, 2 og 3, og góð gönguföt. Og ekki gleyma að klæða sig eftir veðri." ■

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Lágmúli, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut, stgr. 1.260
– Skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags –

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarráðs 6. maí 2021 var lögð fram lýsing skipulagsfulltrúa dags 19. apríl 2021 fyrir nýtt deiliskipulag götureits Lágmúla, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut, Suðurlandsbraut staðgreinireitur 1.260. Sem felst m.a. í að yfirfæra heimildir núverandi lóða innan reitsins og afmarka nýja lóð að Lágmúla 2. Skilgreina heimildir á nýju lóðinni fyrir uppbyggingu á umhverfisvænu húsnæði til samræmis við niðurstöðu samkeppni Reinventing Cities C40.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 10. júní 2021.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, ***reykjavik.is*** undir **skipulag í kynningu**.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða-og Gnúpverjahreppur.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. **Eyvindartunga L167632, stækkun Lönguhlíðarnámu E19 – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. mars 2021 að kynna lýsingu skipulagsbreytingar vegna mögulegrar stækkunar Lönguhlíðarnámu. Í breytingunni felst að náman, skilgreind E19 á aðalskipulagi, stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m3 í 149.500 m3.

2. **Þórisstaðir land L220557. Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

3. **Skálpanesvegur – Tvær námur – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningu tveggja efnistökusvæða við Skálpanesveg. Í breytingunni felst að skilgreind eru tvö ný svæði, E129 við Skálpanes þar sem gert er ráð fyrir allt að 20.000 m3 efnistöku á um 1 ha svæði og E130 við Geldingafell þar sem gert er ráð fyrir allt að 5000 m3 efnistöku á um 0,5 ha svæði.

4. **Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi – Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreininga á reiðleiðum. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem fyrir er í aðalskipulagi færist vestur fyrir veg.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

5. **Brautarholt – Færsla Vallarbrautar og þétting byggðar – Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar að Brautarholti. Í breytingunni felst færsla á Vallarbraut til austurs og þétting byggðar.

6. **Tjörn land L210675 (Hryggholt), lögbýli – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Tjarnar, L210675. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda og notkunar innan landsins. Gert verði ráð fyrir að á svæðinu verði byggð upp bæjartorfa með minniháttar búrekstri s.s. hrossarækt og ylrækt. Auk þess verði gert ráð fyrir ferðaþjónustu og skógrækt. Gert er ráð fyrir því að landeignin fái staðfangið Hryggholt.

7. **Fæla L218840, lögbýli – Deiliskipulag**
   Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Fælu, L218840. Í deiliskipulaginu felst skilgreining framkvæmdaheimilda innan landsins fyrir íbúðarhúsi með bílskúr, tveimur minni húsum að 60 fm auk fjölnotahúss til atvinnureksturs og gripahúss.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni http://www.utu.is . Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: https://www.blaskogabyggd.is/ , https://www.gogg.is/ , https://www.fludir.is/ og https://www.skeidgnup.is/

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1 og 2 eru í kynningu frá 19. maí 2021 til og með 9. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 9. júní 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 3 og 4 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 5, 6 og 7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast **eigi síðar en 2. júlí 2021.**

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Bílar & Farartæki

RAFMAGNS GOLF!!!
VW GOLF E LUX. Árgerð 2016, ekinn aðeins 59þ.km., rafmagn, sjálfskiptur. Algjör moli sem vel hefur verið hugsað um! Leður, bakkmyndavél, leiðsögukerfi o.fl. Verð 2.577.000. Rnr.120462.

MALIBU LUX - DÍSEL
CHEVROLET Malibu lux dísel!!. Árgerð 2013, ekinn aðeins 82þ.km, dísel, sjálfskiptur. Tveir eigendur. Mjög flottur! Dúndur gott verð 1.677.000. Rnr.120114.

Aðalkaup - Bílasala
Skeifan 3C, 108 Reykjavík
Sími: 888 3715
adalkaup@adalkaup.is
http://adalkaup.is

Nissan Qashqai Tekna. 2/2016 ekinn aðeins 52 þ. Km. Tveir eigendur. Leður og rússkinn. Glerþak. 360°myndavélar. Topp þjónusta. Geysilega flottur bíll. Lágt verð miðað við búnað og akstur : 3.150.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • Sí: 552-9940

9,9hp 299.000.kr

Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum hverskonar mannvirki innan sem utan. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Nánari upplýsingar 891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Árratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Keypt & Selt

Til sölu

VERÐ 55.000,-KR
Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús.
S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Greta Clough var kát með viðurkenninguna. MYND/AÐSEND

Eyrarrósin til Hvammstanga

gun@frettabladid.is

Handbendi, brúðuleikhús á Hvammstanga, hlaut Eyrarrósina síðasta sunnudag. Um er að ræða viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins. Greta Clough, stofnandi og listrænn stjórnandi Handbendis, veitti henni viðtöku á Patreksfirði úr hendi Elizu Reid forsetafrúar sem er verndari Eyrarrósarinnar. Verðlaunafé fylgdi að upphæð 2.5 milljónir króna og boð um að standa að viðburði á Listahátíð 2022.

Þrjú verkefni hlutu hvatningarverðlaun Eyrarrósarinnar. Hvert um sig fékk 750 þúsund auk gjafakorts frá Icelandair að upphæð 100 þúsund. ■

„Ég er náttúrlega genginn hálfa leið í barndóm," segir Ingólfur, sem leyfir minningum að lifa í ljóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Syngur til æskustöðvanna

Seyðisfjörður er söngvaskáldinu Ingólfi Steinssyni andleg uppspretta ljóða og laga á diskinum Bernskubrek. Hann syngur öll lögin og spilar með á hljóðfæri ásamt fleiri meisturum.

gun@frettabladid.is

Þessu efni hef ég lengi verið að smápússla saman og fyrir hálfu öðru ári fannst mér tími kominn á að taka það upp. Það var erfitt að vera með þetta allt í hausnum," segir Ingólfur Steinsson, tónlistar- og textasmiður, um lögin fjórtán á diskinum Bernskubrek sem var að koma út hjá Tungu. „Ég er náttúrlega genginn hálfa leið í barndóm," bætir hann við glaðlega.

Ingólfur ólst upp á Seyðisfirði og segir langt síðan hann byrjaði að gera árunum þar skil í verkum sínum. Á nýja diskinum kveðst hann einkum horfa til sjötta og sjöunda áratuga í textunum.

„Þegar hamfarirnar urðu á Seyðisfirði 18. desember í vetur fékk ég nett áfall og hugsaði mikið til æskustöðvanna. Þá ákvað ég líka að setja drift í að gefa þetta efni mitt út þegar sól færi verulega að hækka á lofti og nú er sá tími kominn."

Upptökur fóru fram í Stúdíó VOX hjá Vilhjálmi Guðjónssyni tónlistarmanni, að sögn Ingólfs. En setti Covid-19 ekkert strik í reikninginn? „Jú, við unnum þetta í rólegheitum og það komu tímabil sem við hittumst ekkert þegar ástandið var sem verst. Það hefur alveg bjargað mér að hafa þetta hobbý að fást við í einangruninni enda eru margar stundir sem fara í svona útgáfu."



Kóngsríki fjallanna

1. erindi:
Einu sinni voru fjöll og fjörður
sem fylgdu mér í þennan heim.
Fjörðurinn var djúpur og fjöllin há
og fegurðin bjó yfir þeim.

Sjálfur kveðst Ingólfur spila á gítar, bassa, píanó og munnhörpu. „Svo er Villi nú ekki bara góður upptökumaður, heldur leikur á fjölmörg hljóðfæri, allt frá slagverki upp í blástur. Við fengum líka Jóhann Hjörleifsson trommara til að spila í nokkrum lögum. Á diskinum eru eldri upptökur þar sem Ásgeir Óskarsson, Haraldur Þorsteinsson, Lárus Grímsson og Þórir Úlfarsson eru meðleikarar. Annars eru þetta mest við Villi að spila og syngja. Ég samdi textana utan einn sem er þjóðvísa. Hann minnir mig á mömmu sem sagði okkur krökkunum margar sögur og undir lok þeirra kom gjarnan „....áttu börn og buru, gröfu rætur og muru og enduðu á ... úti er ævintýri."

Þess má geta að textar og myndir fylgja með diskinum og að útgáfan Zonet annast framleiðslu og dreifingu hans og auk þess sem lögin eru á Spotify. ■

> **Þegar hamfarirnar urðu á Seyðisfirði 18. desember í vetur fékk ég nett áfall og hugsaði mikið til æskustöðvanna.**

---

†

Ástkær móðir okkar og amma,
Erla Hannesdóttir
Hofteigi 23,
lést 15. maí á Landspítalanum.
Útför verður auglýst síðar.

Jóhannes Jóhannesson
Lárus Jóhannesson **Glenda Jóhannesson**
Hákon og Freya
Sveinn Óttar og Birta Rós
Jóhannes A. og Stefán C.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Sigurður H. Björnsson
flugstjóri,
Tjaldanesi 13, Garðabæ,
varð bráðkvaddur þann 7. maí sl.
Útförin fer fram þriðjudaginn 25. maí nk. frá Fossvogskirkju. Í ljósi aðstæðna verður nánustu aðstandendum og vinum boðið til útfararinnar.

Þórunn Ólafsdóttir
Snorri Páll Sigurðsson **Ásta Berit Malmquist**
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir **Egill Árni Guðnason**
barnabörn og systkini.



†

Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,
Hjalti Jón Þorgrímsson
frá Reykjavík,
síðast búsettur á Egilsstöðum,
er látinn. Útförin hefur farið fram.
Fjölskyldan þakkar starfsfólki Fells, dvalarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum, fyrir einstaka og alúðlega umönnun síðustu mánuðina.

Eyrún Eiríksdóttir
Ásta María Hjaltadóttir **Sverrir Gestsson**
Eyrún og Fjölnir, Hjalti Jón, Ragna og Björn, Marta Kristín og Matthías, Laufey og Björgvin
Ásthildur Hjaltadóttir **Dave de la Fuente**
Ásgerður og Wouter, Fanney Thera, Janneke Sif
Gwen, Þór, Quinten, Mikael, Freyr, Karl, Alvin og Sverrir

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Magnús Sigurðsson
hagfræðingur,
varð bráðkvaddur á heimili sínu 25. apríl.
Útförin fer fram frá Breiðholtskirkju fimmtudaginn 20. maí klukkan 13.

Kristrún B. Jónsdóttir
Áslaug Magnúsdóttir
Sacha Tueni
Sigurður R. Magnússon
Regína Rist Friðriksdóttir
Gunnar Ágúst Thoroddsen
Marlena Piekarska

---

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
Gunnar Þórðarson
frá Bíldudal,
lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ, miðvikudaginn 12. maí.
Útför fer fram frá Bíldudalskirkju laugardaginn 29. maí kl. 14. Athöfninni verður streymt: bit.ly/bildudalskirkja

Sigurður Gunnarsson **Kristín María Ólafsdóttir**
Bjarnþór Gunnarsson **Hanna Sigurjónsdóttir**
Ágúst Gíslason **Kolbrún Matthíasdóttir**
Valgerður Jónasdóttir
og fjölskyldur.

ICELANDAIR

Köben

handan við hornið

icelandair.is

Litrík, fáguð, hlý og björt

Kaupmannahöfn er dásamleg og ævintýraleg borg, hvort sem það er um vor, sumar, haust eða vetur. Það er alltaf hægt að að finna eitthvað nýtt í Köben – heillandi kaffihús, töfrandi verslanir og aðrar faldar gersemar – allt er þetta rétt handan við hornið í Kaupmannahöfn.
Hvenær ætlar þú næst til Köben?

Veðurspá Miðvikudagur



Norðaustlæg átt 5-13 m/s, en breytileg átt 3-8 í dag. Lítilsháttar él á Norðaustur- og Austurlandi, stöku skúrir sunnanlands, en annars að mestu bjart. Hiti 3 til 11 stig að deginum, mildast suðvestan til. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ríki í evrópu
5 kirna
6 snæði
8 gegndi
10 í röð
11 draup
12 vísað
13 fugl
15 háöldruð
17 embætti

LÓÐRÉTT
1 fótskör
2 finn
3 tímabils
4 upp
7 duttlungar
9 heildareign
12 pakki
14 mælgi
16 pípa



LÁRÉTT: 1 spánn, 5 ker, 6 et, 8 ansaði, 10 mn, 11 lak, 12 bent, 13 emúi, 15 langær, 17 staða.
LÓÐRÉTT: 1 skammel, 2 penn, 3 ars, 4 neðan, 7 tiktúra, 9 aleiga, 12 búnt, 14 mas, 16 æð.

Bergsteinn Einarsson (Taflfélagi Reykjavíkur) fann ótrúlega leið til jafnteflis gegn Atla Frey Kristjánssyni (Hugin) á Íslandsmóti skákfélaga.

51. Kh5! (hótar 52. Dg6+ og þráskák). **51...Dg1 52. h4! a1D 53. Dxg7+! Daxg7 ½-½. Patt!** Skákdeild KR vann sigur í 2. deild, Taflfélag Vestmannaeyja varð í öðru sæti og b-sveit Skákfélags Akureyrar í því þriðja.

www.skak.is: EM einstaklinga í netskák. ■

Sudoku

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5			6		
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
		7	1	9		8	5	
		1						
					3		1	
4	5	2						

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8			6			
	7			1	4	6		
5		1					4	
					9			3
8				4		9	2	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. ■

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ný sending af rafhjólum

Stevens E-Molveno Lady
Rafhjól. Bosch G3 Active
299.995,-

Stevens E-Molveno Gent
Rafhjól. Bosch G3 Active
299.995,-

Head E Revelo I Women
Rafhjól. Shimano STEPS E5000
299.995,-

Head E Revelo I Men
Rafhjól. Shimano STEPS E5000
299.995,-

Stevens Izoard
Racer. 22 Gírar. Shimano 105. Carbon
245.995,-

Stevens Stelvio
Racer. 22 gírar. Shimano 105. Álstell
195.995,-

Sportful hjólafatnaður
Mikið úrval

Alpina Hackney - Frozen
Tvær Stærðir 47-51cm, 51-56cm.
11.595,-

Alpina Panoma Classic
Stílhreinn og flottur
10.295,-

Rudy Project Spinshield
Flott glerugu á hjólið eða í hlaupin
17.595,-

Mammut Lithia Speed 15
Léttur bakpoki á hjólið
15.995,-

Kíktu á úrvalið á everest.is

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

HJÓLASALA BARNAHEILLA 2021

OPNUNARTÍMI
Miðvikudaginn 19. maí kl. 14 - 18
Fimmtudaginn 20. maí kl. 14 - 18

Staðsetning
Smiðshöfða 7, Reykjavík

Barnaheill

AÐAL-
FUNDUR
BYGGIÐNAR

Aðalfundur Byggiðnar - Félags byggingamanna verður haldinn **fimmtudaginn 27. maí kl. 18:00 á Stórhöfða 31, jarðhæð og Skipagötu 14, annarri hæð.**

Venjuleg aðalfundarstörf.

Nánari upplýsingar um fundinn er að finna á heimasíðu félagsins byggidn.is

Stjórnin

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Málsvari byggingamanna | byggidn.is

Lin DESIGN
ÍSLENSK HÖNNUN
SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING
á Hringbraut

Miðvikudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Hin rámu regindjúp Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
19.30 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
20.00 Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Hin rámu regindjúp (e) Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
21.30 Markaðurinn (e) Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Price og Blomsterberg
11.35 Gönguleiðir
11.55 Djók í Reykjavík
12.30 Fólkið í landinu Guðlaugur Pálsson.
12.55 Mamma mín
13.10 Mótorsport
13.45 Eurovision 2021 Fyrri undankeppni.
15.55 EM í sundi Bein útsending frá EM í sundi í Ungverjalandi.
18.05 Táknmálsfréttir
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Kúlugúbbarnir
18.39 Hæ, Sámur
18.46 Eldhugar - Leymah Gbowee - félagsráðgjafi Brazen
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Stjörnuhreysti Liðakeppni í anda Skólahreysti. Hvert keppnislið er skipað tveimur þjóðþekktum Íslendingum og tveimur eftirminnilegum keppendum úr Skólahreysti.
20.40 Finnska gufubaðið - Den finländska bastun
21.00 Ógn og skelfing - The Terror
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Auðhyggjan alltumlykjandi - Peningar Billion Dollar Deals and How They Changed Your World. Money Saga stafrænna greiðslukerfa og tæknirisanna sem vinna að því að útrýma seðlum og klinki.
23.05 Bakk
00.40 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.30 LET Tour Útsending frá Investec South African Women's Open.
11.30 LET Tour
15.30 LET Tour
19.30 LET Tour - Highlights
19.55 LET Tour Útsending frá Investec South African Women's Open.
23.55 Champions Tour Highlights

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Aldrei ein
15.35 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 George Clarke's National Trust Unlocked
21.55 Station 19
22.40 Queen of the South
23.25 The Late Late Show
00.10 Love Island
01.05 Ray Donovan Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna.
01.55 9-1-1
02.40 Manhunt. Deadly Games Öryggisvörðurinn Richard Jewell bjargaði fjölda mannslífa þegar hann fann sprengju í Ólympíugarðinum í Atlanta árið 1996 en var síðar sakaður um að hafa sjálfur komið sprengjunni fyrir.
03.25 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti.
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Þá tekur tónlistin við (3 af 15)
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú! Rokktónlist
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Njáls saga (7 af 29)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

12.10 Juliet, Naked
13.45 Love at First Bark
15.10 Mystery 101. An Education in Murder
16.35 Juliet, Naked
18.05 Love at First Bark
19.30 Mystery 101. An Education in Murder
21.00 The Sisters Brothers
22.55 Backdraft 2
00.35 Wish Upon
02.05 The Sisters Brothers

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.15 Grey's Anatomy
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Hið blómlega bú
10.35 Masterchef USA
11.15 Trans börn
12.00 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Áttavillt
13.20 Bomban
14.00 Grand Designs. Australia
14.50 Líf dafnar Undurfagrir og persónulegir þættir í umsjón Andreu Eyland um flest sem viðkemur fyrstu þrem árunum í lífi barna og foreldra þeirra.
15.35 The Diagnosis Detectives
16.35 Á uppleið Nýr vandaður, íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Sindra Sindrasonar. Í hverjum þætti kynnumst við íslenskum konum, vel menntuðum, metnaðargjörnum og frábærum fyrirmyndum sem lifa drauminn í London.
16.55 Hell's Kitchen USA
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Heimsókn
19.35 First Dates
20.25 The Good Doctor
21.10 A Teacher
21.40 The Gloaming
22.30 Sex and the City
23.05 The Blacklist
23.50 NCIS
00.35 NCIS. New Orleans
01.20 Animal Kingdom
02.00 Grey's Anatomy
02.45 The O.C.
03.25 Masterchef USA

Stöð 2 Sport

08.30 Valur - Haukar Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
09.55 Annáll 2019. Körfubolti karla og kvenna
11.35 Keflavík - Þróttur R. Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
13.15 Grindavík - Stjarnan Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
14.55 Víkingur R. - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
16.35 Tindastóll - Keflavík Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
18.15 ÍBV - Stjarnan Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
19.45 Dominos körfuboltakvöld - Upphitun
20.10 KR - Valur Bein útsending frá leik í Domino's-deild karla.
22.00 Dominos körfuboltakvöld
23.00 Valur - Haukar

Stöð 2 Sport 2

09.00 Lazio - Torino
10.40 Bournemouth - Brentford
12.20 Barnsley - Swansea
14.00 Spænsku mörkin
14.50 Chelsea - Barcelona Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu kvenna.
16.30 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
16.55 Genoa - Atalanta
18.35 Fréttaþáttur EM
19.00 Fiorentina - Napoli
20.40 Ensku bikarmörkin
21.10 Piteå IF DFF - KIF Örebro DFF Útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
22.50 Lazio - Torino

PRIMAVERA
FURNITURE

JUNE

FRÁ PRIMAVERA

Ný sending og nýir litir. Komdu og láttu lífið leika við þig í sófa frá Vogue fyrir heimilið. JUNE er fáanlegur í fjölmörgum útgáfum, mismunandi áklæðum og litum.

Verð frá 139.800 kr.
2ja sæta sófi

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Von á söngleik byggðum á lögum Friðriks Dórs

Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur@frettabladid.is

Höskuldur Þór hafði lengi verið með þá hugmynd í kollinum að gera söngleik byggðan á lögum Friðriks Dórs. Hann fékk Berglindi Öldu með sér í skriftirnar, enda vinna þau vel saman. Friðrik tók vel í hugmyndina.



Höskuldur þór og Berglind Alda kynntust í Verzló, þar sem þau voru bæði mjög virk í félagslífinu. **MYND/ EYRÚN HADDÝ HÖGNADÓTTIR**

Fyrsti samlestur fyrir nýtt leikrit eftir þau Höskuld Þór Jónsson og Berglindi Öldu Ástþórsdóttur fór fram í gær, en það byggir á lögum og lagatextum Friðrik Dórs Jónssonar og heitir einfaldlega Hlið við hlið, eftir vinsælu lagi hans.

Það mætti í raun segja að Höskuldur hafi slysast inn í leiklistarheiminn.

„Ég byrjaði ungur í samkvæmisdansi og stundaði hann sem keppnisíþrótt í nærri tólf ár. Með honum þreifaði ég einnig fyrir mér í breiki og hipphoppi og mætti segja að í gegnum breikið hafi ég slysast inn í Borgarleikhúsið og tók þátt í minni fyrstu leiksýningu sem var Skoppa og Skrítla á tímaflakki. Litli feimni dansarinn hafi fengið bóluna og kolfallið fyrir ævintýraheimi leikhússins. Síðan þá hef ég tekið þátt í stórum sýningum og má þar á meðal má nefna Mamma mia! og Billy Elliot í Borgarleikhúsinu," segir Höskuldur.

„Ég hef alltaf verið mikið leiklistarbarn og í gegnum tíðina svoleiðis neytt fjölskylduna í að hlusta á mig syngja eða horfa á mig setja upp einhver leikrit heima. Ég fór svo í Verzló og gat haldið áfram að næra athyglissýkina þar, og lék í söngleikjum og leikritum. Eftir útskrift skrifaði ég síðan og lék í verkinu Fyrsta skiptið sem sýnt var í Gaflaraleikhúsinu. Núna í haust mun ég svo hefja nám við Listaháskóla Íslands á leikarabraut þar sem ég fæ að halda áfram að næra athyglissýkina og leiklistarbarnið," segir Berglind og hlær.

Rúmt ár í skrifum

Höskuldur og Berglind kynntust upphaflega í Verzló, þar sem þau tóku bæði mikinn þátt í félagslífinu.

„Það er síðan sumarið 2019, eftir útskrift, að Höskuldur hringir í mig og segist vera með spennandi verkefni í höndunum. Hann var búinn að skrifa handrit að nýjum söngleik sem bar heitið Þe Lónlí Blú Bojs og vildi hann fá mig í eitt hlutverkið. Að sjálfsögðu sagði ég hiklaust já.

Allt fór á fullt og fljótt myndaðist hópur ungs fólks með það markmið að setja upp stórglæsilegan söngleik í Bæjarbíó. Þetta reyndi mikið á dugnað og sjálfstæð vinnubrögð, sem heldur betur skilaði sér að lokum," útskýrir Berglind og heldur áfram:

„Í þessu ferli kynntumst við Höskuldur betur en nokkru sinni fyrr. Við urðum miklir vinir og fundum strax að við unnum vel saman. Það var löngu vitað að okkur langaði að vinna aftur saman og stuttu seinna fékk ég annað símtal frá honum. Hann var með brilljant hugmynd að öðrum söngleik og vildi skrifa handritið saman. Eftir rúmlega ár af skrifum var söngleikurinn Hlið við hlið loksins kominn á blað og nú getum við ekki beðið eftir því að færa honum líf á sviðinu í Gamla bíó."

Vinna vel saman

Hlið við hlið segir hjartnæma sumarsögu sem á sér stað á litlu sveitahóteli úti á landi. Borgarstrákurinn Dagur er orðinn þreyttur á tilverunni og ákveður að taka rútuna norður og sækja um vinnu á hótelinu. Það sem bíður hans er þó ekki alveg það sem hann átti von á. Höskuldur hafði lengi haft þessa hugmynd í kollinum frá því hann var í Verzló.

„Ég er sjálfur mikill Frikka-maður og hlustaði maður auðvitað mikið á hann þegar maður var að alast upp og verða að manni. Svo man ég þá einhvern tímann hugsaði ég með mér af hverju enginn hefði gert söngleik upp úr lögunum hans. Því mörg af hans lögum bjóða upp á mjög skemmtilega dýnamík sem ég sá fyrir mér að gæti hentað söngleikjaforminu. Þannig eins og ég sá það var það annað hvort að demba sér í það eða einhver annar verður á undan manni.

Þá var auðvitað ekki annað í mínum huga en að fá hana Berglindi Öldu með í ferlið, enda eins og hún kemur inn á vinnum við mjög vel saman," segir Höskuldur, sem hitti Friðrik fyrst fyrir jólin 2019, um það leyti sem verið var að klára sýningar á Þe Lónlí Blú Bojs.

Samdi Hlið við hlið í Verzló

Friðrik hafði heyrt góða hluti um þá sýningu og var því til í að hitta Höskuld og sjá hvað hann hefði að segja.

„Ég var þá kominn með grófa hugmynd að sýningunni en í rauninni ekkert farinn að rita niður á blað þannig. Hann tók vægast sagt vel í það sem ég hafði í huga og gaf mér leyfi til að spreyta mig á þessu. Þar sagði hann mér nú einmitt að lagið Hlið við hlið hefði einmitt orðið til þegar hann var sjálfur í Verzló. Þá hafi hann ásamt einhverjum strákum ætlað að gera söngleik til að selja Nemó sem setur upp söngleikinn í Verzlunarskólanum, en úr þeirri hugmynd hafi ekkert orðið annað en lagið," bætir hann við.

Þau segjast hafa séð fyrir sér vissa einstaklinga í hlutverkunum strax á meðan þau voru að skrifa.

„Þegar handritið var svo loksins klárt og komið að því að heyra í fólkinu sem okkur langaði að fá með í verkefnið, kom upp smá stresshnútur í okkur Höskuld. Sem betur fer voru allir yfir sig hrifnir af hugmyndinni og ótrúlega spenntir fyrir þessu. Þetta hefði því ekki getað gengið betur, við erum komin með draumahópinn með okkur í lið," segir Berglind.

Stefnt er á að frumsýna Hlið við hlið í Gamla bíó við Ingólfsstræti í ágúst. ■

> **Mörg af hans lögum bjóða upp á mjög skemmtilega dýnamík sem ég sá fyrir mér að gæti hentað söngleikjaforminu.**
>
> Höskuldur Þór

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

20|05 FIMMTUDAGUR KL. 20.00

UNGIR EINLEIKARAR

Það er sérstakt tilhlökkunarefni þegar framúrskarandi ungmenni stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Einleikarar og einsöngvarar á tónleikunum voru valdir í samkeppni sem fór fram síðastliðið haust í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

Við leggjum áherslu á ábyrgt viðburðahald og fylgjum ávallt gildandi sóttvarnareglum. Sætaframboð er takmarkað og því gott að tryggja sér miða sem fyrst á **sinfonia.is**.

Hljómsveitarstjóri
Anna-Maria Helsing

Einleikarar
Íris Björk Gunnarsdóttir söngur
Marta Kristín Friðriksdóttir söngur
Jón Arnar Einarsson básúna
Johanna Brynja Ruminy fiðla

KONTOR REYKJAVÍK

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Upp úr hruninu rísu Eurovision-guðspjallamennirnir

Þeir kalla sig Eurovision-guðspjallamennina Markús og Jóhannes og hafa til þess bæði nöfnin og djúpstæðan áhuga á söngvakeppninni. Þeir boða fagnaðarerindið á Kex í kvöld og virkja yfirburðaþekkingu sína í spurningakeppni sem þeir kenna við Barsvar.

thorarinn@frettabladid.is

Eurovision-guðspjallamennirnir Jóhannes og Markús dönsuðu af gleði í kringum söngvakeppnikálfinn þegar FÁSES sóttist eftir kröftum þeirra og yfirburða þekkingu á fyrirbærinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Einlægur áhugi og djúp aðdáun á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva hefur um árabil bundið sagnfræðingana Markús Þórhallsson fréttamann og Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóra Samtaka ferðaþjónustunnar, svo sterkum böndum að saman kenna þeir sig við Eurovision-guðspjallamennina.

Félag áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, FÁSES, fékk þá því, eðlilega kannski, til þess að stjórna Eurovision-spurningakeppni, Barsvari eins og þeir kalla það, á Kex Hosteli í kvöld.

„Það var komið að máli við okkur og mikið um gleðihopp þegar við fengum þessa beiðni," segir Markús um Barsvarið og bætir við að þetta verði „vítt og breitt. Erfitt og auðvelt og allt í bland."

Ofjarlar hvor annars

Markús fullyrðir að meðal Eurovision-nördum eigi að vera óhætt að taka þátt en þó verði þyngri spurningar inn á milli þannig að hafrarnir verða skildir frá sauðunum. Þetta sé því enginn Eurovision-Kontrapunktur.

„Við verðum reyndar með einhverjar vísbendingaspurningar til þess að auðvelda þeim sem eiga kannski erfiðara með þetta en annars verður þetta bara alls konar. Sumar spurningar eitthvað sem allir eiga að vita en svo er auðvitað ein og ein."

Markús fer ekki nánar út í þyngri sálmana en viðurkennir að þrátt fyrir innbyggðan gagnagrunn hafi hann gatað á sumum spurningum Jóhannesar í sameiginlegu vinnuskjali þeirra.

„Við höfum nú unnið þetta hvor í sínu lagi í dagsins önn en stundum veit ég nú ekki svörin við spurningum Jóhannesar," segir Markús glettinn og útilokar ekki að hann hafi stundum rekið félaga sinn á gat enda liggur sérfræðiþekking þeirra ekki alveg saman.

> **Það þýðir ekkert að ryðja út úr sér einhverri vitleysu og standa svo kannski á gati fyrir framan einhvern sem veit meira á kvöldinu sjálfu. Það væri frekar vandræðalegt.**

„Hann er kannski mest í því sem kemur eftir 1997 eða 1998 en ég er meira í þessu gamla stöffi."

Alvöru sagnfræði

Þótt allt sé þetta fyrst og fremst til gamans gert eru guðspjallamennirnir ekkert að grínast með þetta og þar sem báðir eru sagnfræðimenntaðir jaðra vinnubrögðin við það að vera vísindaleg.

„Hvort tveggja og það er náttúrlega líka oft gott að staðfesta hlutina," segir Markús þegar hann er spurður hvort mikil heimildavinna liggi að baki spurningunum eða hvort hann ryðji bara einfaldlega staðreyndunum úr hausnum á sér.

„Sumt er líka þannig að það breytist. Tölfræðilegar staðreyndir og þess háttar en svo er auðvitað ýmislegt sem er bara og breytist ekkert. Það er nú svo kannski bara fræðimaðurinn í mér sem vill nú samt alltaf fletta flestu upp til þess að vera alveg viss. Við vöndum okkur," segir Markús sem tekur enga sénsa.

„Það þýðir ekkert að ryðja út úr sér einhverri vitleysu og standa svo kannski á gati fyrir framan einhvern sem veit meira á kvöldinu sjálfu. Það væri frekar vandræðalegt."

Gleðin í Icesave

Markús segir aðspurður að þvert á það sem ætla mætti þá hafi það ekki verið Eurovision-aðdáunin sem leiddi þá saman í upphafi. Heldur Icesave-deilan. Af öllu.

„Við kynntumst í raun í gegnum InDefence-baráttuna hans. Hann var þar svo mikill talsmaður hópsins og þeir komu iðulega í viðtöl til mín á Útvarpi Sögu," segir Markús sem var þáttastjórnandi á útvarpsstöðinni um langt árabil áður en hann söðlaði um og fór í fréttirnar á RÚV.

„Ólafur Elíasson, sem var þar nú fremstur þarna í flokki, er gamall skólabróðir minn og hann kom einhvern veginn, minnir mig, þessu saman í allri þessari Icesave-baráttu á sínum tíma."

Ólafur hafi því líklega leitt Jóhannes á fund Markúsar á Útvarpi Sögu í þessum æsilega eftirleik hrunsins. „Það hefur síðan ábyggilega komið upp í einhverju spjalli þar og smám saman komið í ljós að við deildum þessum áhuga," segir Markús og telst til að þeir Jóhannes hafi fyrst stigið fram sem Eurovision-guðspjallamennirnir 2012 í þætti hans á Sögu.

Síðan eru liðin níu ár, Markús kominn í fréttirnar á RÚV og guðspjallamennirnir hafa nú fundið sér annan vettvang á Kex.

Á valdi tilfinninganna

Markús er bjartsýnn fyrir hönd Daða og Gagnamagnsins og telur nánast öruggt að þau komist áfram í seinni undankeppninni á fimmtudaginn. „Já, það þarf þá eitthvað mikið út af að bera, enda riðillinn svo sem kannski ekki sá sterkasti.

Og þó, en ég held að það sé nokkuð öruggt og við getum alveg farið stolt frá þessari keppni þegar upp er staðið en ég sé ekki alveg fyrir mér sigur. Allavegana ekki í augnablikinu. Auðvitað getur allt gerst á lokametrunum og ég er mjög lélegur spámaður. Læt alltaf tilfinningarnar ráða."

Markús segir að þótt tilfinningarnar séu heitar og djúpar þá sé þetta náttúrlega fyrst og fremst bara til gamans gert enda standi Eurovision-gleðin alltaf fyrir sínu.

Guðspjallamennirnir taka sitt forskot á sæluna klukkan 20 á Kex í kvöld og Markús hvetur alla Euronörda til þess að mæta og sýna hvað í þeim býr enda Júróverðlaun i boði fyrir Barsvarssnillinga. ■

FÁSES gleði á Kex

Stuðboltarnir í FÁSES, Félagi áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, láta ekki sérkennilegt fyrirkomulag keppninnar í ár slá sig út af laginu og standa fyrir stanslausri Júró-gleði á Kex Hosteli alla vikuna.

Í gærkvöldi kom mannskapurinn saman og horfði á fyrri undankeppnina í beinni og í kvöld brúa Eurovision-guðspjallamennirnir Jóhannes og Markús bilið fram að stóru stundinni þegar Daði og Gagnamagnið stíga á sviðið í Rotterdam annað kvöld.

Þá magnast spennan og leikurinn frá því á þriðjudagskvöld verður endurtekinn. Eiríkur Hafdal spilar júrósmelli og stýrir samsöng auk þess sem rætt verður beint við íslensku sendinefndina í Rotterdam.

Gleðin heldur síðan áfram klukkan 20 á föstudagskvöldinu þegar hitað verður upp fyrir hápunktinn og lokakeppnina á laugardaginn með Eurovision-karóki að hætti FÁSES. Búningakeppni verður fyrir þá sem þora og Daníel Arnarsson heldur uppi stuðinu og tryggir vandað lagaval.

Laugardaginn 22. maí verður síðan öllu til tjaldað á sannkallaðri Eurovision-hátíð frá klukkan 14 þar sem boðið verður upp á Eurovision Zumba með Flosa, DJ Gloria Hole verður á staðnum og Selma Björnsdóttir og Eurobandið troða upp. Síðan verður að sjálfsögðu horft á úrslitin og samkvæmt dagskrá stendur síðan til að skála fyrir sigri Daða og Gagnamagsins.

Ársfundur EFÍA 2021

Eftirlaunasjóður

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn föstudaginn 3. júní kl. 13 í Hlíðarsmára 8 í Kópavogi.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með umræðu- og tillögurétti. Fundargögn má nálgast á vefsíðu sjóðsins, **efia.is**.

Dagskrá

1. **Skýrsla stjórnar**
2. **Ársreikningur kynntur**
3. **Tryggingafræðileg úttekt**
4. **Fjárfestingarstefna**
5. **Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins**
6. **Stjórnarkjör**
7. **Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna**
8. **Val endurskoðanda**
9. **Önnur mál**

VERTU
ÚLFUR
Yfir 50
uppseldar sýningar
Sýningar haustsins
komnar í sölu!
KAF BÁTUR
KÓPAVOGSKRÓNIKA
KAMILLA EINARSDÓTTIR
KÁRDE MOMMU BÆRINN
NASHYRN INGARNIR
EUGÈNE IONESCO
Þjóð leik húsið
Tryggðu þér miða!
leikhusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Árna Helgasonar

Sölumet í lýðheilsu

Það eru þó nokkur ár síðan fólk áttaði sig á því að hægt er að panta áfengi að utan og láta senda það heim að dyrum án aðkomu ÁTVR. Þetta bara smám saman gerðist, margir hafa nýtt sér þessa leið og andstætt þeim hrakspám sem koma venjulega þegar boðuð eru skref í átt til frjálsræðis í þessum málum, þá höfum við hvorki farið í hundana né misst tökin.

Nú hefur fyrirtæki fundið leið til þess að gera enn betur og afhenda slíka pöntun samdægurs í stað þess að bíða þurfi í nokkra daga. Viðbrögð ÁTVR eru þau að ráðast að viðkomandi vínsala og í fréttatilkynningu er boðað lögbann og lögreglukæra, þar sem farið sé fram hjá einkasölurétti ÁTVR hér á landi og þar með lýðheilsusjónarmiðum.

Áfengislöggjöfin hér á landi er marghöfða skepna. Stundum og sérstaklega þegar það hentar þá eru það markmiðin lýðheilsa en annars eru það sölutölurnar. Í fyrra stóð ÁTVR sig svo vel í síðarnefnda flokknum meðal annars með því að reka eigin vefverslun (já...) að fyrirtækið setti sölumet. Stofnunin sem vill fangelsa aðra á grundvelli lýðheilsusjónarmiða hefur sem sagt aldrei selt meira af áfengi.

Lagaramminn í þessum málum samanstendur annars vegar af gamaldags viðhorfum um að banna, fela og skamma á meðan netið, YouTube og samfélagsmiðlar flæða í áfengisauglýsingum og netverslun verður stöðugt einfaldari. Og við setjum Íslandsmet í áfengisinnkaupum. Þetta er eins og presturinn í Footloose og megapeppaður Daddi diskó í einum og sama manninum sem vill einhvern veginn á sama tíma halda partíið og tryggja að enginn annar megi koma nálægt því. Út af lýðheilsu. ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS



Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- **Gengi hlutabréfa í rauntíma**
- **Gengi gjaldmiðla**
- **Daglegar viðskiptafréttir**
- **Nýjasta tölublað Markaðarins**

MARKAÐURINN